

skoðun 14



3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Híbýli og viðhald
Fasteignir.is







Sumarið er yndislegt!
ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA
www.isafold.is - Sími 595 0300



# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MÁNUDAGUR

28. júní 2010 — 149. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


# Lögregla of fáliðuð til að mæta ofbeldi

**Tugir lögreglumanna hafa hlotið varanlegan skaða eftir átök við skyldustörf. Yfirlögregluþjónn telur lögreglu of fáliðaða til að mæta grófara ofbeldi.**

**LÖGREGLUMÁL** „Við viljum ekki vopnvæðast sem slíkir, en það er ljóst að þegar lögreglan er í lífshættu þarf hún að vera með búnað til að verja sig,“ segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, um aukið og grófara ofbeldi gegn lögreglu en tíðkaðist lengi. Líflátshótanir ná til barna lögregluþjóna.

„Aðalatriðið er þó það að lögreglan er of fáliðuð og það skapar ákveðna hættu hvað varðar öryggi lögreglumanna,“ segir Geir Jón og að mikil breyting hafi orðið í seinni tíð. Hann segir lögregluþjóna mæta harðari viðbrögðum en áður var, en slík tilfelli verði oft rakin til sama hópsins. Alvarlegustu tilfellin tengjast oftar en ekki fíkniefnaneyslu.

Fjöldi bótamála staðfestir þessa tilfinningu Geirs Jóns og annarra álitsgjafa sem Fréttablaðið leitaði til. Árið 2008 hlutu 29 lögregluþjónar varanlegan skaða vegna ofbeldis sem þeir urðu fyrir við skyldustörf. Þeir voru 38 í fyrra.

Til viðbótar við gróft ofbeldi hefur hótunum í garð lögregluþjóna fjölgað. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu er gengið svo langt að hóta fjölskyldu lögregluþjóna, þar á meðal börnum, lífláti.

Spurður hvort eðlilegt sé að lögreglan beri vopn til að mæta ofbeldinu bendir Geir Jón á að til skoðunar sé að lögregla á Íslandi beri rafbyssur. Það hafi sýnt sig að slík tæki séu árangursrík og hafi jafnvel bylt samskiptum lögreglu við ofbeldisfullt fólk.

Gylfi Thorlacius hæstaréttarlögmaður hefur farið með mörg mál fyrir lögreglumenn sem ráðist hefur verið á við skyldustörf. Hann segir að ofbeldi gegn lögreglu sé að stórum hluta bundið við höfuðborgarsvæðið. Hann segir að málum þar sem alvarlegt líkamstjón hlýst af samskiptum lögreglu og borgara fari fjölgandi.

**- jss** / sjá síðu 6



## SagaMedica 10 ára

*Stefnt að stórsókn á erlendum vettvangi.*

**tímamót** 18

## Ásdís Rán í Playboy

*Ásdís Rán hyggst sitja fyrir nakin á síðum búlgörsku útgáfu Playboy.*

**fólk** 22



## England á leið heim

*Þjóðverjar völtuðu yfir Englendinga á HM.*

**íþróttir** 26

## veðrið í dag




**VÍÐAST ÞURRT** Í dag verða víðast austan 3-10 m/s en stífari við SA-ströndina. Skýjað og þurrt að mestu en bjart með köflum N-lands. Hiti 10-18 stig, hlýjast NV-lands.

**VEÐUR** 4



**EFNILEG** Hildur og Alexander verða Ormur og Linda í Gauragangi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leikarar valdir í Gauragang:

## Frumraunin á hvíta tjaldinu

**MENNING** Hildur Berglind Arndal og Alexander Briem fara með hlutverk Lindu og Orms í væntanlegri kvikmynd Gunnars Björns Guðmundssonar byggðri á Gauragangi eftir Ólaf Hauk Símonarson.

Hildur er Hafnfirðingur og hóf nýlega nám í leiklistardeild Listaháskóla Íslands. Alexander Briem segir uppreisnarsegginn Orm Óðinsson líkjast sér að einhverju leyti. „Ég sá mig svolítið fyrir mér í Ormi þegar ég las bókina á sínum tíma,“ segir hann. „Þannig að það er svolítið skondið að vera að fara að leika hann núna, tíu árum síðar.“

**- afb** / sjá síðu 30

Hlaupið nær hámarki í dag:

## Annað Skaftárhlaupið á viku

**NÁTTÚRA** Hlaup hófst í Skaftá aðfaranótt sunnudags úr austari katlinum í Vatnajökli. Hann er sá stærri af tveimur og má búast við að hlaupið nái tólf til fjórtán hundruð rúmmetrum á sekúndu í dag.

Ekki er talin hætta á ferðum en Almannavarnir telja þó rétt að vara við brennisteinsmengun sem helst gætir nærri upptökum hlaupsins. Ferðamenn eru því beðnir að fara að öllu með gát.

Tveir katlar eru undir jöklinum sem vegna jarðhita fyllast af vatni sem hleypur fram öðru hvoru niður Skaftá. Hlaup úr vestari katlinum var 20. júní. **- shá**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**GENGIÐ TIL MESSU** Þetta par gekk til messu í rigningarúðanum í gærkvöldi. „Þetta var stórkostlegt í alla staði og snerti mig mikið. Maður fann fyrir gleðinni og þakklætinu sem ríkti í kirkjunni,“ segir Hörður Torfason um hátíðina í Fríkirkjunni.

Ný hjúskaparlög tóku gildi í gær á alþjóðlegum baráttudegi samkynhneigðra:

# Sigri fagnað í regnbogamessu

**SAMFÉLAGSMÁL** Mikil og góð stemning ríkti meðal gesta í Fríkirkjunni í gærkvöld þegar Samtökin 78 efndu til hátíðarhalda til að fagna nýjum hjúskaparlögum. Hátíðarhöldunum fylgdu tilheyrandi tónlistaratriði, glaumur og gleði og var andrúmsloftið létt og afslappað.

Meðal þeirra sem fram komu voru Páll Óskar, Hörður Torfason, Sigríður Beinteinsdóttir, Bergþór Pálsson, Andrea Gylfadóttir og Fríkirkjukórinn. Séra Hjörtur Magni Jóhannsson og séra Bryndís Valbjarnardóttir þjónuðu fyrir altari. Sérstakur gestur hátíðarinnar var Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindaráðherra.



**MESSA** Hörður Torfason, Páll Óskar og Bergþór Pálsson voru meðal kirkjugesta.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og eiginkona hennar, Jónína Leósdóttir, voru meðal þeirra fyrstu sem nýttu sér breytta hjúskaparlöggjöf. Þær sóttu um að staðfestri samvist þeirra yrði breytt í hjónaband, sem tók gildi í gær.

Nýtt stjórnarfrumvarp um breytingu á hjúskaparlögum var samþykkt á Alþingi á dögunum. Gerir breytingin það að verkum að einungis ein hjúskaparlög í landinu gilda fyrir alla, óháð kynhneigð fólks. Lögin tóku gildi í gær, á alþjóðlegum baráttudegi samkynhneigðra, en 27. júní 1969 hófust Stonewall-uppþotin í New York, sem talin eru marka upphaf réttindabaráttu samkynhneigðra.

**- sv**


Má bjóða þér léttan kaffisopa?





TENGI
UNIDRAIN
GÓLFNIÐURFÖLL

Tilboðsverð
Kr. 49.900,-
unidrain®
GÆÐI,ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ
- ÞAÐ ER TENGI

## SPURNING DAGSINS



*„Snorri, er þetta nýr þáttur í íslenskri kvikmyndagerð?“*

„Já, og við skulum vona að þetta verði að heilli seríu.“

Snorri Þórisson er framkvæmdastjóri Pegasus sem framleiðir kvikmyndir. Fréttablaðið sagði frá því á laugardag að eftirspurn erlendis frá eftir leiknu íslensku sjónvarpsefni hefði aukist til muna. Af því tilefni var rætt við Snorra sem sagði áhugann vera meiri en nokkru sinni.

Flokksráð Vinstri grænna vísaði Evrópumálunum til málefnaþings sem haldið verður í haust:

# Evrópumál til gagngerrar endurskoðunar

**STJÓRNMÁL** Flokksráð Vinstri grænna tók ekki afstöðu til ályktunar um hvort Ísland eigi að draga aðildarumsókn sína að Evrópusambandinu til baka á fundi sínum um helgina. Þess í stað var samþykkt tillaga Ásmundar Einars Daðasonar, þingmanns flokksins, um að vísa málinu til málefnaþings flokksins sem haldið verður á haustmánuðum. Flokksráðið fól stjórn flokksins að skipa hið fyrsta undirbúningshóp til að halda utan um meðferð málsins fram að málefnaþinginu. Flokksráðið ítrekaði jafnframt andstöðu VG við aðild að ESB í málsmeðferðartillögu sinni um Evrópumál.

Tillagan sem lá fyrir fundinum var svohljóðandi: „Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 25.-26. júní 2010 skorar á þingflokk VG að standa að því að draga aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu til baka.“

Eins og Fréttablaðið greindi frá á laugardag er ályktun í þessa veru flokknum erfið. Hafni flokkurinn ályktuninni muni harðlínufólk gegn ESB innan flokksins túlka það sem stuðning við aðild. Samþykkt ályktunar um að draga beri aðildarumsókn til baka fari hins vegar illa í samstarfsflokkinn í ríkisstjórn; en í stjórnarsáttmála flokkanna tveggja er kveðið á um að Ísland skuli sækja um aðild. Flokksráðið, sem nú frestar því að taka afstöðu til málsins, samþykkti stjórnarsáttmálann á sínum tíma.



**FRESTAÐ** Flokksráð VG sló umfjöllun um ýmis stærstu málin á frest til haustsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Á fundinum var samþykkt ályktun þar sem eindregið er lagst gegn sölu eða langtímaframsali á orkuauðlindum og orkufyrirtækjum; í því ljósi skuli nefnd um erlendar fjárfestingar taka upp kaup Magma Energy á HS Orku.

Alls voru fjórtán ályktanir af ýmsum toga samþykktar á fundinum. **- shá**

Erlendur ferðamaður slasast:

## Svifdrekaflugmaður hrapar

**SLYS** Sænskur svifdrekaflugmaður brotlenti í Spákonufelli fyrir ofan Skagaströnd í gærmorgun. Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út og lenti hún á slysstað korter yfir eitt. Björgunarsveitarmönnum gekk greiðlega að ná til mannsins og veita honum aðhlynningu þar til þyrlan kom á staðinn. Hann hafði sjálfur hringt í neyðarlínuna.

Maðurinn var fluttur á bráðamóttöku Landspítalans með opið beinbrot á vinstri ökkla og skerta meðvitund. Hann gekkst undir aðgerð síðdegis í gær. **- sv**



**HALDIÐ TIL VEIÐA** Ef áætlanir standast verða veiddar 175 langreyðar í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hvalbátarnir farnir á miðin:

## Stórhvelaveiðar eru að hefjast

**SJÁVARÚTVEGUR Hvalbátarnir tveir, Hvalur 8 og Hvalur 9, héldu til veiða í gærkvöldi, um tíu dögum síðar en áætlanir gerðu ráð fyrir. Bátarnir tveir hafa verið í slipp á undanförnum vikum og voru prufukeyrðir í síðustu viku.**

**Kristján Loftsson hjá Hval hf. hefur sagt að reynt verði að veiða leyfilegan kvóta ársins þrátt fyrir óvissu um framtíð veiðanna.**

**Heimilt er að veiða 150 langreyðar í ár, auk 25 sem ekki veiddust af kvóta síðasta árs, en þá veiddust alls 125 langreyðar.**

**- shá**

# Saka Guðmund um einelti og hroka

**Tíu starfsmenn Götusmiðjunnar sendu Barnaverndarstofu bréf þar sem þeir biðja um hjálp. Hótanir í garð barnanna var kornið sem fyllti mælinn. Götusmiðjunni var lokað á föstudagskvöld og börnunum komið fyrir annars staðar.**

**FÉLAGSMÁL** Barnaverndarstofu barst kvörtunarbréf, undirritað af tíu starfsmönnum Götusmiðjunnar, í maí síðastliðnum. Í bréfinu lýsa starfsmenn yfir áhyggjum af starfsemi meðferðarheimilisins og saka Guðmund Tý Þórarinsson, forstöðumann stofnunarinnar, um einelti. Í bréfinu segir einnig að Guðmundur komi mjög sjaldan og óreglulega inn í Götusmiðjuna og þegar hann komi þá sé hann með yfirgang, frekju og hroka.

Barnaverndarstofa lokaði meðferðarheimilinu á föstudaginn. Ástæðurnar eru ásakanir á hendur Guðmundi um hótanir um ofbeldi og limlestingar barnanna sem þar dvelja. Götusmiðjan er meðferðarheimili fyrir fólk á aldrinum 15 til 20 ára og voru átta vistmenn í meðferð á föstudag. Börnin, sem eru á aldrinum 16 til 18 ára, voru flest komin vel á veg í meðferð sinni og voru gerðar viðeigandi ráðstafanir varðandi framhaldið.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir að málið eigi sér langan og flókinn aðdraganda. Umræður hafi formlega hafist þegar bréfið barst Barnaverndarstofu en margt annað hafi einnig spilað þar inn í, þar á meðal sú staðreynd að Guðmundur hafði verið í þónokkurn tíma í viðræðum við Barnaverndarstofu um að láta af störfum og hætta meðferðarrekstri.

Guðmundur segir ásakanirnar á hendur sér vera með öllu ósannar og að hann mæti í vinnuna allt að því daglega.

„Ég bý í vinnunni og er alltaf til taks,“ segir Guðmundur. „Þetta er í rauninni ekki vinna, þetta er lífsstíll.“



**GÖTUSMIÐJAN** Engin starfsemi er í Götusmiðjunni eftir að allir skjólstæðingar hennar voru fluttir burt fyrir helgina. Myndin var tekin árið 2007 þegar Bragi Guðbrandsson átti fund með Guðmyndi Tý Þórarinssyni í Götusmiðjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Árangur meðferðarinnar er það slakur að einungis þriðjungur barnanna nær að ljúka lágmarkstíma.
>
> **BRAGI GUÐBRANDSSON**
> FORSTJÓRI BARNAVERNDARSTOFU

Guðmundur tekur fram í samtali við Vísi að hann fái um sex hundruð þúsund krónur í mánaðarlaun. Stofnunin er ekki í eigu ríkisins, heldur Guðmundar sjálfs, sem sér um að greiða öllum starfsmönnum laun.

Bragi telur að það sé mikilvægt að það hafi verið hlustað á börnin og þær kvartanir sem borist hafa, bæði frá þeim og starfsmönnum, um vafasama hegðun Guðmundar.

„Árangur meðferðarinnar er það slakur að einungis þriðjungur barnanna nær að ljúka lágmarkstíma,“ segir Bragi. „Niðurstaða okkar var sú að þrátt fyrir gott starfsfólk var stjórnunarvanda um að kenna.“ **sunna@frettabladid.is**



**NAUTGRIPIR** 28 naut voru inni í girðingunni þar sem konan varð fyrir árás. MYNDIN ER ÚR SAFNI.

Kona slasaðist í Fljótshverfi:

## Flutt með þyrlu eftir árás nauta

**SLYS** Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð austur á tólfta tímanum á laugardagskvöld eftir að tilkynning barst frá bænum Kálfafelli í Suðursveit að kona hefði þar orðið fyrir árás nautgripa. Bærinn er um 30 kílómetra austan við Kirkjubæjarklaustur. Vegna gruns um innvortis blæðingar var þyrlan kölluð út af lækni á Klaustri, en flogið var með konuna á Landspítalann í Fossvogi.

Alls eru 28 naut í gerði á Kálfafelli og ekki er vitað hvað konan var að gera þar fyrir innan. Hún var gestkomandi á nærliggjandi bæ. Þorsteinn Kristinsson, varðstjóri hjá lögreglunni á Hvolsvelli, segir að atvik sem þessi séu óalgeng en fyllstu varúðar eigi ætíð að gæta þegar naut eru annars vegar. „Menn eiga alltaf að sýna varúð í kringum stálpuð naut,“ segir Þorsteinn. „Þetta eru stórar skepnur og ólíkindatól.“

Konan gekkst undir rannsóknir á Landspítalanum í gær en er ekki talin alvarlega slösuð. **- sv**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Brenndist á fæti

Ferðamaður brenndist illa á fæti þegar hann steig í hver á Ölkelduhálsi í gær. Farið var með manninn á slysadeild Landspítalans í Reykjavík. Björgunarsveitarmenn úr hálendisgæslu Landsbjargar fóru á slysstað. Maðurinn var staddur með hópi ferðamanna á svæðinu.






Talið að einfalt blóðpróf geti sagt fyrir um breytingaskeið kvenna:

# Hafa lært á lífsklukkuna

**RÓM, AP** Vísindamenn telja að einfalt blóðpróf geti í framtíðinni spáð fyrir um hvenær breytingaskeið kvenna hefst. Telja þeir að konur geti fengið þessar upplýsingar við ungan aldur og því auðveldað þeim að skipuleggja líf sitt á nýjan hátt með tilliti til barneigna.

Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem verður kynnt á læknaráðstefnu í Róm í dag. Íranskir sérfræðingar halda þar fram að frumniðurstöður þeirra bendi eindregið í þessa átt. Prófið spáir ekki fyrir um hvenær konur verða ófrjóar, sem oftast er um áratug áður en breytingaskeið hefst, heldur er byggt á vitneskju um upphaf breytingaaldurs. Sérstaklega er þetta talið gagnlegt fyrir þann hóp kvenna þar sem breytingaskeiðið hefst snemma; eða á fertugsaldri.

Íranarnir rannsökuðu blóðsýni úr 266 konum frá tvítugu til fertugs. Þeir mældu hormónamagn þeirra sem segir til um hversu mörg egg eru eftir í líkama þeirra og var konunum fylgt eftir í sex ár. Af 63 konum í þeim hópi skeikaði aldrei meira en um fjóra mánuði á milli spár vísindamanna og upphafs tíðahvarfa þeirra.



**MÓÐIR OG BARN** Konur geta í framtíðinni stillt saman áætlanir sínar um barneignir, nám og vinnu af töluverði nákvæmni. NORDICPHOTOS/GETTY

Efasemdir hafa vissulega komið upp um áreiðanleika blóðprófs í þessum tilgangi. Telja læknar og sérfræðingar í frjósemi kvenna líklegra að nokkur próf yfir ævina þurfi til. Eins að rannsaka þurfi þúsundir kvenna áður en niðurstaðan verður staðfest. **- shá**




*Heimild: Frétt Viðskiptablaðsins, 16. júní 2010.

# Íslendingar velja **MP banka**

Við erum fyrsti kostur flestra í bankaviðskiptum samkvæmt könnun Capacent

Við erum stolt af niðurstöðum nýrrar könnunar Capacent Gallup sem sýnir að MP banki er fyrsti valkostur Íslendinga þegar kemur að bankaviðskiptum.* Við erum staðráðin í að standa undir þessu trausti og halda forskotinu áfram með framúrskarandi þjónustu bæði í útibúum, þjónustuveri og á netinu.

Hafðu samband í síma 540 3200, á www.mp.is eða komdu í heimsókn í útibú okkar. Við tökum vel á móti þér.

Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki. Þannig á banki að vera.

- Debetkort
- Launareikningur
- Kreditkort
- Netbanki
- Netgreiðsluþjónusta
- Gjaldeyrisreikningar
- Sparnaðarreikningar
- Yfirdráttarlán

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

## GENGIÐ 25.06.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,79 | 128,39 |
| Sterlingspund | 190,31 | 191,23 |
| Evra | 156,92 | 157,8 |
| Dönsk króna | 21,078 | 21,202 |
| Norsk króna | 19,597 | 19,713 |
| Sænsk króna | 16,396 | 16,492 |
| Japanskt jen | 1,4256 | 1,434 |
| SDR | 188,44 | 189,56 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

202,4086

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Óeirðalögregla og mótmælendur takast á í Toronto vegna G20-fundar:

# Hundruð manna handtekin

**KANADA,AP** Þúsundir mótmælenda gengu um götur Toronto í Kanada í gær vegna fundar G20-ríkjanna þar í borg. Hópar börðust við óeirðalögreglu; kveikt var í bílum og rúður brotnar í verslunum og skrifstofubyggingum. Samkvæmt fréttaskeytum í gær höfðu tæplega 500 manns verið handteknir í gærkvöldi. Lögregla gerir ráð fyrir að átök við mótmælendur haldi áfram á meðan fundinum stendur. Engar fregnir hafa þó borist af því að mótmælendur eða lögreglumenn hafi slasast alvarlega til þessa.

Undanfarna daga hefur fjöldi fólks gert tilraunir til þess að komast í gegnum varnargirðingar í kringum fundarstaði. Margir hafa verið vopnaðir bareflum en í fréttum er til þess tekið að lögregla í Kanada hafi höndlað málið vel, þrátt fyrir að handtökur og myndir frá borginni sýni að hart sé tekist á. - shá



**TORONTO Í GÆR** Gríðarleg öryggisgæsla er í borginni og 20 þúsund lögregluþjónar voru við störf í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Sjúklingar myrtir í Mexíkó:

# Skotið á meðferðarheimili

**MEXÍKÓ** Níu létust og níu slösuðust í Mexíkó um helgina þegar grímuklæddir byssumenn skutu á meðferðarheimili í norðurhluta landsins.

Ódæði af þessu tagi hófust í landinu árið 2008 en er þetta í þriðja skiptið sem árásir á meðferðarheimili í landinu eiga sér stað. Mannskæðasta árásin til þessa átti sér stað fyrir tíu dögum í Chihuaha-borg þegar 19 sjúklingar voru myrtir á hrottalegan hátt. - sv

# Aðildarumsóknin að ESB verði dregin til baka

**Landsfundur Sjálfstæðisflokksins vill hætta við aðildarferlið. Mikil óánægja meðal Evrópusinna í flokknum. Bjarni Benediktsson var endurkjörinn formaður og Ólöf Nordal var kjörin nýr varaformaður.**

**STJÓRNMÁL** Landsfundur Sjálfstæðisflokksins samþykkti á laugardag stjórnmálaályktun þess efnis að umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu verði dregin til baka án tafar. Bjarni Benediktsson var endurkjörinn formaður flokksins með 62 prósentum atkvæða en Pétur Blöndal þingmaður gaf kost á sér gegn honum. Ólöf Nordal var kjörin nýr varaformaður flokksins með 70 prósentum atkvæða.

„Það var mér mjög mikilvægt að fá endurnýjað umboð og ég er þakklátur fyrir að njóta trausts,“ segir Bjarni Benediktsson.

Í ræðu sinni við setningu landsfundarins lagði Bjarni áherslu á að ef umsóknin að Evrópusambandinu yrði ekki dregin til baka ætti Sjálfstæðisflokkurinn að taka fullan þátt í aðildarviðræðunum. Sú afstaða kom einnig fram í þeim drögum sem forysta flokksins lagði fyrir landsfundinn. Í þeirri ályktun sem landsfundurinn samþykkti var hins vegar ekki kveðið á um þetta.

Bjarni Benediktsson taldi þetta ekki mikla breytingu. Hann sagðist ekki sjá mikinn mun á því að vera fyrir utan Evrópusambandið eða mjög mikið fyrir utan Evrópusambandið og bætti því við að það væri mikill misskilningur ef einhver héldi að Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði sér að sitja með hendur í skauti á meðan viðræður ættu sér stað.

Bjarni sagðist ekki óttast að Evrópusinnar innan raða flokksins muni yfirgefa hann í meiri mæli en áður. Það sem væri mikilvægast að taka með sér frá fundinum væri það að Sjálfstæðisflokkurinn hefði sent skýr skilaboð til þjóðarinnar. Hann hefði horfst í augu við þau mál sem gera þurfti upp vegna hrunsins og markað skýra stefnu um það hvernig beri að taka á efnahagsmálum og atvinnumálum dagsins í dag.

Benedikt Jóhannesson, formaður samtakanna Sjálfstæðir Evrópumenn, sagði að skoðanabræðrum sínum fyndist þessi niðurstaða leiðinleg, sumir væru óánægðir, jafnvel reiðir. Hann sagðist mundu berjast áfram fyrir málstað samtakanna innan flokksins. Aðspurður sagðist hann ekki vera farinn að hugsa sér til hreyfings úr flokknum.

Ólöf Nordal, nýkjörinn varaformaður, var ánægð með niðurstöðu landsfundarins og taldi kjör nýrrar forystu og breytingarnar á stefnu flokksins í Evrópumálum markverðast af fundinum. Hún sagði niðurstöðuna í Evrópumálum ekki koma sér á óvart en lagði áherslu á það að meðan aðildarviðræðurnar væru í gangi væri það skylda Sjálfstæðisflokksins að sýna þessu samningsferli aðhald.

magnusl@frettabladid.is



**NÝ FORYSTA** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Ólöf Nordal varaformaður að loknu kjöri flokksforystu á landsfundinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

Ályktun landsfundar:

# Styrkþegar víki

**STJÓRNMÁL Landsfundur Sjálfstæðisflokksins samþykkti ályktun þar sem skorað er á þá sem þegið hafa háa styrki frá félögum eða notið fyrirgreiðslu sem ekki hafi staðið almenningi til boða, að víkja úr sínum embættum.**

**Tillagan var lögð fram af séra Halldóri Gunnarssyni en fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Rangárvallasýslu hafði áður samþykkt hana. Í ræðu sinni nefndi Halldór sérstaklega Gísla Martein Baldursson borgarfulltrúa og Guðlaug Þór Þórðarson þingmann og sagði að þeim bæri að segja af sér. Halldór uppskar lófaklapp að lokinni ræðu sinni.**

**Ekki náðist í Gísla Martein og Guðlaug Þór í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.** - mþl

Forysta kjörin á landsfundi:

# Bjarni bætti litlu við sig

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson var endurkjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins. Bjarni fékk 61,9 prósent af 925 atkvæðum. Pétur Blöndal fékk 30,4 prósent.

Þegar Bjarni var kjörinn formaður í fyrra fékk hann 58,1 prósent af 1.705 atkvæðum.

Ólöf Nordal var kjörin nýr varaformaður með 69,7 prósent af 893 atkvæðum. Auk Ólafar voru í framboði Lára Óskarsdóttir sem hlaut 17,4 prósent atkvæða og Steinunn Ruth Stefnisdóttir sem hlaut lítið fylgi. - mþl

## Helstu ályktanir landsfundarins

- Lögð er megináhersla á þrennt: Meiri atvinnu, lægri skatta og heilbrigðari stjórnmál.
- Sjálfstæðisflokkurinn setur fram þá skýru kröfu að umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu verði dregin til baka án tafar.
- Hvatt er til þjóðarsáttar um lausn á bráðum skuldavanda heimilanna. Vænlegast er að allir flokkar og mikilvæg hagsmunasamtök snúi bökum saman í leit að lausnum.
- Sérstaklega ber að endurskoða starfsemi og starfsumhverfi fjármálafyrirtækja.

**Sagt er já við:**

- Kraftmiklu og fjölbreyttu atvinnulífi til að auka hagvöxt. Tillit verði tekið til umhverfismála við uppbygginu atvinnulífs.
- Fjölbreyttu einkaframtaki, meðal annars á sviði heilbrigðis- og menntamála en þar er nú þegar mikill áhugi sem ekki má kæfa.
- Uppbyggingu stóriðju og orkufreks iðnaðar.
- Að allra leiða verði leitað til þess að afnema gjaldeyrishöft hið fyrsta.

**Sagt er nei við:**

- Hærri sköttum til að brúa fjárlagahallann. Mikilvægara er að hafa skýra forgangsröðun í ríkisútgjöldum og ná víðtækri samvinnu um sparnaðaraðgerðir.
- Fyrningarleiðinni sem munu rústa sjávarútveginum en við viljum að fiskveiðiréttur verði skilgreindur til langs tíma.
- Óhóflegum styrkjum, þ.m.t. ríkisstyrkjum, til stjórnmálaflokka og frambjóðenda sem dæmi eru um síðastliðin ár.
- Illa ígrunduðum niðurskurði í velferðar- og menntamálum.





Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk.. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**SVIPAÐ VEÐUR**
Það verður fremur hægur vindur á landinu í dag og víðast þurrt en á morgun eru horfur á hægviðri um allt land og vætu af og til um vestanvert landið. Svipað veður á miðvikudag en útlit fyrir heldur vaxandi NA-átt syðra með rigningu á fimmtudag.




**Á MORGUN** Hægviðri eða hafgola, dálítil væta V-til.

**MIÐVIKUDAGUR** 3-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 29° |
| Billund | 23° |
| Frankfurt | 33° |
| Friedrichshafen | 30° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 26° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 34° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 22° |
| París | 29° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

# DRJÚ EFSTU SÆTIN Í NOVA-DEILDINNI!

**Söngbók Nova komin út!**
Kíktu við í næstu verslun Nova eða á nova.is og náðu þér í sjóðheita söngbók fyrir sumarið.

**2.890 kr./mán.**
**Nokia 5230**
0 kr. út og 2.890 kr. á mán. í 12 mán.
**33.990 kr./stgr.**

**1.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir!**
Gildir í áskrift og frelsi.

**1.190 kr./mán.**
**Huawei U1250**
0 kr. út og 1.190 kr. á mán. í 12 mán.
**12.990 kr./stgr.**

**1.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir!**
Gildir í áskrift og frelsi.

**3.990 kr./mán.**
**LG Optimus GT540**
0 kr. út og 3.990 kr. á mán. í 12 mán.
**44.990 kr./stgr.**

**1.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir!**
Gildir í áskrift og frelsi.




NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

Jóhanna Sigurðardóttir segir spennandi og sögulega tíma fram undan hjá þjóðinni:

# Stór mál verði sett í þjóðaratkvæði

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar, telur að íslenska flokkakerfið standi frammi fyrir fjórum grundvallarmálum sem varði hagsmuni þjóðarinnar umfram önnur. Hún vill að Samfylkingin taki forystu í þeim málum og öll skuli þau verða útkljáð í þjóðaratkvæðagreiðslum, þegar þar að kemur.

Hér vísaði Jóhanna til inngöngu í Evrópusambandið, að festa auðlindir í stjórnarskrá sem sameign þjóðarinnar, nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi og ný stjórnarskrá. Að sögn Jóhönnu þarf Samfylkingin að leiða þessi mál til lykta og um leið „breikka faðminn og bjóða fleiri velkomna í flokkinn“.

Þetta kom fram í ræðu formannsins á flokkstjórnarfundi Samfylkingarinnar, sem haldinn var um helgina. Jóhanna vill að Samfylkingin heiti því að það verði í forgangi að festa auðlindirnar sem almannaeign í stjórnarskrána áður en næst verður gengið til kosninga, og að stýra umsóknarferlinu í ESB í farsæla höfn. „Heitum því að þjóðin fái nýja stjórnarskrá á vakt okkar í stjórnarráðinu. Heitum því, góðir félagar, að þjóðin fái nýtt sanngjarnt fiskveiðistjórnunarkerfi sem þjóni almannahagsmunum en ekki sérhagsmunum á meðan við stýrum þessari þjóðarskútu,“ sagði Jóhanna í ræðu sinni og setti fram spurningar sem hún telur að glímt verði við á næstu árum. Hún telur spennandi og sögulega tíma fram undan. „Mun þjóðin vilja eitt kjördæmi? Mun þjóðin vilja þjóðkjörinn forsætisráðherra og afnám forsetaembættis? Mun þjóðin vilja stjórnarskrárbundið bann við þátttöku í stríði?“ spurði Jóhanna.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Sagði Samfylkinguna heita því að auðlindir verði festar sem almannaeign í stjórnarskrá.

Flokksstjórnarfundurinn samþykkti einróma yfirlýsingu þar sem fullum stuðningi er lýst við Jóhönnu og aðra ráðherra Samfylkingarinnar. **- shá**

## KJÖRKASSINN



*Fylgdist þú með fundum stjórnmálaflokkanna um helgina?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 31,2% |
| NEI | 68,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur HM í knattspyrnu staðið undir væntingum þínum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir





**Á UPPBOÐINU** Peningurinn vegur 100 kíló.

Risa gullpeningur á uppboði:

## Dýrasti gullpeningur heims

**ERLENT** Stærsti gullpeningur í heimi hefur verið seldur á uppboði í Austurríki á um hálfan milljarð króna.

Peningur þessi er um 100 kíló og 53 sentímetrar í þvermál. Hann er metinn á 120 milljónir.

Það var Oro Direct, málmviðskiptafyrirtæki frá Spáni, sem tryggði sér peninginn á uppboðinu.

Fyrirtækið sem hélt uppboðið greindi frá því á vefsíðu sinni að hátt verð á gulli í heiminum sé ástæða þess að peningurinn fór fyrir svo háa upphæð. **- ls**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bjargað úr Bresti**

Vegfarendur björguðu manni úr bíl sem hafði lent út í miðri ánni Bresti í Eldhrauni nálægt Kirkjubæjarklaustri. Björgunarsveitin Kyndill frá Klaustri var á staðnum og lögregla einnig. Ökumaðurinn er heill á húfi.

## Þráðurinn stuttur



**ARNAR GUÐMUNDSSON**

„Í grunnnámi og á síðari stigum menntunar er lögreglumönnum haldið við í þeirri tækni og kunnáttu að takast á við fólk. Valdbeitingartök er að stórum hluta aðferð við að verjast árás,“ segir Arnar Guðmundsson, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, spurður hvort kennsla í skólanum taki að einhverju leyti mið af auknu og harðara ofbeldi gagnvart lögreglu. „Grundvallaráhersla er á að sýna meðalhóf, gæta sín og fara ekki fram með offorsi eða valdbeitingu þegar óþarfi er. En vissulega verðum við vör við að þráðurinn í fólki er styttri nú en fyrir nokkrum árum og ofbeldi gegn lögreglu hefur tvímælalaust aukist. Megináherslan er á að menn verji sig, en séu ekki fyrirfram að beita óþarfa aðferðum. Þetta þarf að vera hófstillt, því þetta snýst ekki um að slást við fólk, heldur takast á við það ef beita þarf valdi. Kennslan felur meðal annars í sér að geta tekist á við fólk á jákvæðan hátt, hjálpað og greitt götu þess. En vissulega þarf lögreglan stundum að bregðast við neikvæðum viðbrögðum og jafnvel fyrirvaralausu ofbeldi af hálfu þeirra sem hún á samskipti við. Það er vandmeðfarið hlutskipti.“





**MÓTMÆLI VÖRUBÍLSTJÓRA** Lögreglumaður slasaðist alvarlega þegar ráðist var á hann á Kirkjusandi í kjölfar mótmæla vörubílstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Aukið og grófara ofbeldi gegn lögreglu

**Ofbeldi borgara gegn lögreglu er orðið tíðara og grófara en áður. Það er samdóma álit viðmælenda Fréttablaðsins. Hótanir ná jafnvel til barna lögreglumanna. Hópur lögreglumanna hefur hlotið varanlegan skaða á síðari árum.**

**FRÉTTASKÝRING**

Eru ofbeldi og hótanir gegn lögreglu tíðari og grófari en áður?

Bótagreiðslur til lögreglumanna við skyldustörf, sem borgarar hafa ráðist á og slasað, hafa náð nýjum hæðum á síðustu árum. Það sýnir að ofbeldi gegn lögreglu hefur farið harðnandi. Fjöldi mála af þessu tagi í málaskrám lögreglu milli ára segir einnig sína sögu. Málunum hefur farið fjölgandi. Þá hafa hótanir í garð lögreglumanna orðið grófari. Þær beinast nú ekki einungis að lögreglumönnunum sjálfum heldur hafa einnig komið upp mál þar sem borgarar hafa hótað þeim að lífláta börn þeirra, eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu.

Gylfi Thorlacius hæstaréttarlögmaður sem farið hefur með fjölmörg mál fyrir lögreglumenn sem ráðist hefur verið á við skyldustörf segir að bótafjárhæðir geti numið frá nokkrum tugum þúsunda, þegar um minni háttar mál sé að ræða, og allt upp í átta til níu milljónir króna, skaðist lögreglumaður alvarlega. Nokkur dæmi séu um síðarnefndu bótaupphæðirnar.

„Mjög stór hluti þessara mála gerast hér á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Gylfi. „Ég hef tilfinningu fyrir því að borgararnir séu að sýna meiri hörku gegn lögreglu og bregðist verr við. Meira sé um alvarlegra líkamstjón sem leiði til þess að bætur séu greiddar.“

Gylfi segir að enn sé ekki búið að gera upp öll þau bótamál lögreglumanna sem komu í kjölfar mótmæla vörubílstjóra við Rauðavatn og búsáhaldabyltingarinnar svonefndu.

„Ég hef gert kröfu um bætur fyrir ellefu lögreglumenn sem slösuðust í búsáhaldabyltingunni og tvo sem slösuðust í átökum sem tengdust mótmælum vörubílstjóra. Þar af hafa fjórir verið metnir með varanlegan skaða, tveir vegna mótmæla við Alþingi og tveir í mótmælum vörubílstjóra. Tveimur málum er enn ólokið, sem tengjast mótmælunum við Alþingi.“

> Ég hef tilfinningu fyrir því að borgararnir séu að sýna meiri hörku gegn lögreglu og bregðist verr við.
>
> **GYLFI THORLACIUS** HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

**jss@frettabladid.is**

## Bætur úr ríkissjóði

**Til lögreglumanna sem hlutu varanlegan skaða**

| Ár | fjöldi |
|---|---|
| 2008 | 29 |
| 2009 | 38 |

**Skýrslur um ofbeldi gegn lögreglu**

| Ár | Fjöldi |
|---|---|
| 2006 | 55* |
| 2007 | 77 |
| 2008 | 61 |
| 2009 | 73 |

*Einungis Reykjavík

## Lögregla of fáliðuð



**GEIR JÓN ÞÓRISSON**

„Það hefur mikil breyting átt sér stað í seinni tíð,“ segir Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu. Hann hefur verið starfandi lögreglumaður í 34 ár. „Lögreglumenn fá mun harðari viðbrögð og meira andstreymi heldur en var hér áður. Þetta er slæmt hvað varðar ölvað fólk en verst þegar þeir eiga í hlut sem eru undir áhrifum fíkniefna. Þeir eru öllu illskeyttari en hinir ölvuðu.“

Geir Jón segir það oft sama fólkið sem sé ofbeldisfullt gagnvart lögreglu. Spurður hvort auka þurfi öryggisbúnað vegna þessarar þróunar segir Geir Jón að bent hafi verið á öflugt tæki, rafbyssur, sem lögregla víða um heim hafi talið að væri algjör bylting í samskiptum við ofbeldisfullt fólk, sem ráðist beinlínis gegn lögreglumönnum. Þetta sé til skoðunar hér. „Við viljum ekki vopnvæðast sem slíkir, en það er ljóst að þegar lögreglan er í lífshættu þarf hún að vera með búnað til að verja sig. Aðalatriðið er þó það að lögreglan er of fáliðuð og það skapar ákveðna hættu hvað varðar öryggi lögreglumanna.“


Orkuveita Reykjavíkur

# Sögur og sagnir í Elliðaárdal II

Þriðjudagskvöldið 29. júní verður farin göngu- og fræðsluferð í Elliðaárdal undir leiðsögn Stefáns Pálssonar, sagnfræðings. Dalurinn á sér merka sögu allt frá komu Ketilbjarnar gamla landnámsmannsins þangað. Gengið verður um og sagðar sögur. Gangan hefst kl. 19: 30 við Minjasafn Orkuveitunnar í Elliðaárdal.



ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 50281 05

• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

Athugið að efni dagsins getur riðlast af ýmsum ástæðum og er því bent á að nánari upplýsingar er að finna á vef Orkuveitunnar.

www.or.is

# FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM



## FJÖLSTILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ ERGOMOTION KOMIN AFTUR.

## NÚ Á 20% AFSLÆTTI!

**ERGOMOTION 400**
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x80x203)
Verð 676.432 kr.
**NÚ 541.146 kr.**
**= 20% AFSLÁTTUR**



**ERGOMOTION 100**
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x80x203)
Verð 503.698 kr.
**NÚ 402.958 kr.**
**= 20% AFSLÁTTUR**



**ERGOMOTION ERGOSPORT**
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x97x203)
Verð 396.000 kr.
**NÚ 316.800 kr.**
**= 20% AFSLÁTTUR**



### ERGOMOTION 400 LÍNAN

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 400 línan er með öflugu nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímarofa.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Þráðlaus fjarstýring með útvarpssendi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara.
- Rúmið fært niður í flata stöðu með einum takka.
- Þyngdarleysistakkinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysis-stöðuna. Njóttu þægindanna og upplifðu þyngdarleysistilfinninguna. Staðan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjóbak og axlir.

### ERGOMOTION 100 LÍNAN

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.

### ERGOMOTION ERGOSPORT

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.
- Ein besta þrýstijöfnunardýna sem er fáanleg er í dag fylgir botninum.

**ATH! VIÐ EIGUM FLEIRI STÆRÐIR AF ERGOMOTION HEILSURÚMUM OG FLEIRI TEGUNDIR AF HEILSUDÝNUM FYRIR ÞAU.**

COMFORT solutions®
By King Koil®



## HÁGÆÐA AMERÍSK HEILSURÚM Í 112 ÁR

King Koil hefur framleitt hágæða heilsurúm í Bandaríkjunum í 111 ár. King Koil hefur verið gríðarlegum fjármunum og tíma í þróun og prófanir. Á þessum tíma hefur King Koil náð miklum og góðum árángri sem endurspeglast í viðurkenningum sem fyrirtækinu hafa verið veitt í gegnum árin. Í dag er King Koil einu heilsurúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðasamband Kiropraktora) og Good Housekeeping (Stærstu neitandasamtök í Bandaríkjunum).

Good Housekeeping Promises — Limited warranty to consumers — Replacement or refund if defective

ARGH 026810

**rekkjan** HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hver er nýkjörinn varaformaður Sjálfstæðisflokksins?*

*2 Þrjú þúsund manna þjóðflokkur fannst í frumskógi nýverið. Hvar?*

*3 Glastonbury-tónlistarhátíðin fer fram þessa dagana. Hversu oft hefur hátíðin verið haldin?*

SVÖR Á SÍÐU 46

Forstjóri Landsvirkjunar segir viljayfirlýsingu við kínverskt fyrirtæki ekki fela í sér neinar skuldbindingar:

# Íslenskum verktökum verður ekki gert erfitt fyrir

**VIÐSKIPTI** Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir engar viðræður hafa átt sér stað við kínversk fyrirtæki um aðkomu að byggingu Búðarhálsvirkjunar. Undirrituð hafi verið viljayfirlýsing við kínverska fyrirtækið CWE og EXIM Bank en hún feli ekki í sér neinar skuldbindingar heldur það að fyrirtækinu sé velkomið að bjóða í verkhluta Búðarhálsvirkjunar.

Samiðn sendi frá sér harðorða ályktun í síðustu viku þar sem hugsanleg aðkoma kínverskra verktaka að virkjuninni er gagnrýnd. Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, telur að semji Landsvirkjun við kínverskt fyrirtæki um byggingu virkjunarinnar muni það nýta eigið starfsfólk og fáir ef nokkrir Íslendingar muni fá vinnu við bygginguna. Framkvæmdin hefði því ekki þau áhrif á íslenskt efnahagslíf sem kveðið sé á um í stöðugleikasáttmálanum.



**ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON**

Hörður Arnarson segir verkið boðið út í samræmi við lög um útboð á Evrópska efnahagssvæðinu og lögum samkvæmt sé erlendum fyrirtækjum frjálst að bjóða í verkið. „Landsvirkjun mun á engan hátt gera íslenskum verktökum erfitt fyrir að bjóða í verkið,“ segir Hörður. **- jab**



**HÖRÐUR OG FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Norræn og þýsk fyrirtæki hafa um árin ráðið íslenskt starfsfólk hér. Það gera kínversk ekki, segir framkvæmdastjóri Samiðnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Borgarafundur í Iðnó í kvöld:

## Dómur Hæstaréttar ræddur

**FÓLK Nýfallinn hæstaréttardómur um gengistryggð lán verður umræðuefni borgarafundar sem fer fram í Iðnó í kvöld.**

**Opnir borgarafundir standa fyrir fundinum og meðal ræðumanna eru Lilja Mósesdóttir þingmaður, Guðmundur Andri Skúlason, talsmaður Samtaka lánþega, og Ragnar Baldursson hæstaréttarlögmaður. Alþingismönnum og ráðherrum er boðið á fundinn ásamt forstjórum banka og fjármögnunarfyrirtækja.**

**Fundurinn er opinn öllum og hefst klukkan 20. - ls**

Ný rannsókn á fóstrum:

## Telja fóstur ekki finna sársauka

**BRETLAND Fóstur geta ekki fundið fyrir sársauka fyrr en eftir 24. viku meðgöngu. Þetta eru niðurstöður breskrar rannsóknar sem kynnt var fyrir helgi í Bretlandi. Sérfræðingar sem stóðu að rannsókninni segja að því sé ekki ástæða til að breyta lagaákvæði um fóstureyðingar.**

**Niðurstöðurnar eru taldar geta haft neikvæð áhrif á baráttu andstæðinga fósureyðinga sem hafa krafist þess að leyfi til fóstureyðinga verði miðað við mun styttri meðgöngu. - ls**

# Veitingamenn vilja áfengisverslun burt úr miðbænum

**Margir eigendur veitingahúsa í miðbænum vilja verslun ÁTVR við Austurstræti burt. Segja að staðsetning hennar dragi að sér ógæfufólk. Verslunin veiti stöðunum mikla samkeppni þegar veður er gott.**

**VERSLUN** Margir eigendur veitingastaða og kaffihúsa í kringum Austurvöll og víðar í miðbænum eru á móti staðsetningu ÁTVR við Austurstræti. Eru þeir sammála um að neysla Íslendinga á áfengi aukist til muna þegar veður er gott og sólin skín, en finna fyrir mikilli samkeppni við ÁTVR og segja að það verði æ algengara að fólk kaupi sér þar bjór eða léttvín og setjist með það beint á grasið á Austurvelli.

„Þetta er mjög mikil samkeppni,“ segir Tómas Kristjánsson, eigandi Íslenska barsins. „Þegar sólin skín vilja allir vera á Austurvelli með öl í bauk.“

Valdimar Hilmarsson, eigandi Hressingarskálans, segir að staðsetning ÁTVR dragi að sér ógæfufólk og vill láta færa staðsetningu búðarinnar.

„Það er ekki spennandi fyrir ferðamenn sem sækja miðbæinn að sjá svona mikið af ógæfufólki í kringum sig,“ segir hann. „Fyrir utan að vera mikil samkeppni við veitingastaði á svæðinu.“

Einn eigenda Thorvaldsen bars, Valdís Arnardóttir, og Óli Már Ólason, annar eigandi Vegamóta og Austur, taka í sama streng og Valdimar og segjast finna fyrir mikilli samkeppni við ÁTVR við Austurstræti. Þau telja að staðsetningin eigi að vera færð lengra frá veitingahúsum. Þó finnst þeim Íslendingar alla jafna vera duglegir við að setjast niður á veitingastaði og fá sér drykk þegar veðrið er gott.



**SÓL OG SUMAR** Margir veitingahúsaeigendur í miðbænum kvarta undan samkeppni við verslun ÁTVR sem er í Austurstræti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Þegar sólin skín vilja allir vera á Austurvelli með öl í bauk.
>
> TÓMAS KRISTJÁNSSON
> EIGANDI ÍSLENSKA BARSINS

Arnór Bohic, einn af eigendum Hvítu perlunnar og Café París við Austurvöll, er sammála því að áfengisneysla aukist þegar veður er gott. „Íslendingum finnst ekki leiðinlegt að drekka,“ segir hann. „Austurvöllur er miðpunktur borgarinnar og það er frábær stemning sem getur myndast þar þegar allt þetta fólk kemur saman og getur skipt þúsundum.“

Arnór er ósammála því að flytja eigi ÁTVR úr Austurstræti.

„Það ættu að vera fleiri búðir og lengri afgreiðslutími,“ segir hann. „Það er alveg nógu mikið að gera hjá okkur og ÁTVR er þjónusta sem er nauðsynleg á þessum stað.“ Varðandi umgang ógæfufólks í kringum búðina segir Arnór að staðsetningin sé ekki vandamálið. „Borgaryfirvöld eru ekki að sinna þessu fólki eða eru með nein sýnileg plön um það hvernig á að meðhöndla það,“ segir Arnór.

**sunna@frettabladid.is**


# Við völdum Vigdísi

## Hvaða áhrif hafði það á umheiminn?

Háskóli Íslands og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur bjóða til fyrirlestrar til að minnast þess að 30 ár eru nú liðin síðan Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands.

**Þriðjudaginn 29. júní, kl. 12–13 í Öskju, salur 132**



Laura Liswood

**Laura Liswood,**
formaður Council of Women World Leaders:
***The Power of the Mirror***

Fundarstjóri er Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands.

Allir velkomnir.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Þjóðarátak um Alþjóðlega tungumálamiðstöð - vigdis.hi.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 101686




**SLÖKKVISTARF** Greiðlega gekk að slökkva eldinn í Hörpu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mikill eldur í plastklæðingu á tónlistarhúsinu Hörpu:

## Grunur um íkveikju í tónlistarhúsinu

**BRUNI** Eldur kom upp í tónlistarhúsinu Hörpu á sjötta tímanum í gær. Allt tiltækt slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út og var Oddur Hallgrímsson varðstjóri fyrstur á vettvang. Eldurinn var mikill og breiddist hratt út, en hann náði í plastklæðningu á austurhlið hússins. Greiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins.

Harpa var mannlaus þegar slökkvilið mætti á vettvang. Samkvæmt Gesti Pálssyni aðstoðarvarðstjóra bárust stöðinni nokkur hundruð símtöl um brunann.

„Það var allt svart hérna í kring,“ segir hann. „Þegar plast af þessu tagi verður eldi að bráð kemur mikill og svartur reykur.“

Eldurinn kom upp utan á byggingunni og segir Gestur að margt bendi til þess að um íkveikju hafi verið að ræða. „Eldsupptök voru í bráðabirgðaanddyrinu og húsið var mannlaust, þannig að það kemur fátt annað til greina,“ segir Gestur. Málið er í rannsókn. **- sv**

Shell
# V-Power

Þróað fyrir
## meiri afköst – hverju sem þú ekur

Það sem við höfum lært af samstarfinu við Ferrari á keppnisbrautinni, höfum við nýtt okkur fyrir venjulega bíla. Ef Shell V-Power getur hjálpað til við að halda Ferrari í toppstandi, ímyndaðu þér þá hvað það getur gert fyrir bílinn þinn. Shell V-Power er þróað til að hreinsa vélina til þess að ná fram meiri afköstum og auka viðbragðið í hvaða bensínvél sem er. Fylltu tankinn með Shell V-Power og fáðu sem mest út úr hverjum dropa.

**www.shell.com**

ENNEMM / SÍA / NM42079




Developed with

Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.



**VATNSFLAUMUR** Indverskir unglingar gefa allt í botn á mótorhjólinu eftir úrhellisrigningu í borginni Allahabad á Indlandi. Regnið var kærkomið enda lofthitinn um 40 gráður. NORDICPHOTOS/AFP

Bankar í fjórum verst stöddu evrulöndunum treysta á evrópska seðlabankann:

# Fjárfestar treysta ekki suðrinu

**EFNAHAGSMÁL** Bankar og fjármálafyrirtæki í þeim fjóru evrulöndum sem standa hvað verst hafa sótt sér 225 milljarða evra, jafnvirði rúmra 35 þúsund milljarða íslenskra króna, í sjóði evrópska seðlabankans síðastliðin tvö ár.

Þetta jafngildir 68 prósentum af öllum útlánum seðlabankans á tímabilinu. Bankarnir eru á Grikklandi, Spáni, Írlandi og Portúgal. Grískir bankar sækja mest til seðlabankans en þeir hafa fengið þar 78,1 milljarð evra að láni.

Evrópski seðlabankinn birti í fyrsta sinn í vikunni tölur um útlán greindar niður eftir löndum.



GEORGE PROVOPOULOS

Breska dagblaðið Financial Times hefur eftir Nick Matthews, sérfræðingi hjá Royal Bank of Scotland, að gögnin sýni öðru fremur að staða banka í löndunum fjórum hafi verið þröng um langt skeið, fjárfestar vilji ekki lána þeim fé, og hafi bankarnir því neyðst til að leita ásjár evrópska seðlabankans. Þá hefur blaðið eftir öðrum sérfræðingi að fjárfestar beri lítið traust til banka í þessum löndum og kjósi fremur lága innlánsvexti evrópska seðlabankans en áhættuna sem felst í því að kaupa skuldabréf þeirra.

Vextir á innlánsreikningum evrópska seðlabankans eru nú 0,25 prósent. Til samanburðar eru vextir innlánsstofnana hjá Seðlabanka Íslands 6,5 prósent. - jab

Gefa til góðgerðarmála:

## Brúðkaup borgað með dósum

**BANDARÍKIN Bandarískt par hefur safnað nógu mörgum endurvinnanlegum áldósum til að borga fyrir brúðkaupið sitt.**

**Þau Peter Geyer og Andrea Parrish gerðu ráð fyrir að þurfa um 400 þúsund dósir til að greiða fyrir athöfn og veislu nú í júlí. Þau fengu þó 223 þúsund dósir í einu lagi frá Alcoa og endurvinnslufyrirtæki. Þessar dósir gefa af sér um hálfa milljón króna. Parið heldur áfram að safna dósum og hyggst gefa hluta andvirðisins til góðra mála.** - ls

Taívan og Kína gera samning:

## Tugþúsundir á mótmælafundi

**TÆVAN** Tugir þúsunda Taívana mótmæltu um helgina nýju samkomulagi stjórnvalda við Kínverja sem til stendur að undirrita á morgun.

Samningurinn felur í sér að tollamúrar milli landanna verða lækkaðir auk þess sem liðkað verður fyrir fjárfestingum Kína í Taívan. Gagnrýnendur óttast að þetta kunni að verða fyrsta skrefið að yfirráðum Kínverja á eyjunni.

Taívan og Kína voru aðskilin í kjölfar borgarastyrjaldarinnar í Kína árið 1949. Stjórnvöld í Peking líta hins vegar enn á eyjuna sem yfirráðasvæði Kínverja.

Eldingu laust niður í vél:

## Engan sakaði

**SAMGÖNGUR Eldingu laust niður í flugvél Iceland Express í aðflugi að Winnipeg í Kanada um helgina. Farþega sakaði ekki. Í tilkynningu frá flugfélaginu segir að engin hætta hafi verið á ferðum enda flugvélin með búnað til að bregðast við eldingum. Óverulegar skemmdir urðu á vélinni.**

**Flug félagsins til Parísar í gærmorgun seinkaði fram eftir degi vegna atviksins. Önnur fugvél var send hingað til lands til að sinna því flugi.** - ls

# Ætlar að krefjast skaðabóta

**Greiðslukortafyrirtækin Valitor, Borgun og miðlunarfyrirtæki þeirra áttu lengi í víðtæku og ólögmætu samráði til að tryggja markaðshlutdeild sína. Tvö ár eru síðan úrskurðað var í málinu.**

**DÓMSMÁL** „Mér leið ekki vel þegar ég las gögnin fyrst yfir. Þarna sér maður nákvæmlega hvernig þetta var. Brotaviljinn var einbeittur. Það var markvisst verið að eltast við viðskiptavini okkar og bjóða þeim gull og græna skóga,“ segir Jóhannes Ingi Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Kortaþjónustunnar.

Kortaþjónustan hefur fengið afhent afrit af málsgögnum sem fengust við húsleit Samkeppniseftirlitsins vegna gruns um samráð og samkeppnislagabrot Greiðslumiðlunar (nú Valitor), Kreditkorta (nú Borgun) og Fjölgreiðslumiðlunar. Forsvarsmenn fyrirtækjanna viðurkenndu að hafa brotið gegn Kortaþjónustunni með ólögmætum aðgerðum. Tilgangurinn var að bola Kortaþjónustunni af greiðslukortamarkaði.

Viðskiptabankarnir þrír, Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn, eiga fyrirtækin þrjú og áttu gömlu bankarnir fulltrúa í stjórnum þeirra þegar brotin voru framin.

Dómsátt var gerð í málinu í byrjun árs 2008 og fyrirtækjunum þremur gert að greiða 735 milljónir króna í stjórnvaldssekt. Þetta var hæsta sekt sem lögð hefur verið á vegna samkeppnislagabrots hér á landi.

> „Það var markvisst verið að eltast við viðskiptavini okkar og bjóða þeim gull og græna skóga.
>
> JÓHANNES INGI KOLBEINSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI

Nú um stundir eru Jóhannes og lögmenn Kortaþjónustunnar að fara yfir gögnin og undirbúa skaðabótamál gegn greiðslukortafyrirtækjunum Valitor, Borgun og Fjölgreiðslumiðlun. Málið verður lagt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í september.

Jóhannes segir málsgögnin sýna að fyrirtækin sem fyrir voru á markaðnum hafi þegar Kortaþjónustan kom inn á hann í nóvember 2002 hafi gert allt til að bregða fæti fyrir nýja aðila. Kortaþjónustan er nú með fimmtán prósenta hlutdeild á markaðnum. Ef ekki væri fyrir hart og ólögmætt samráð til að bregða fæti fyrir keppinautana ætti hún að vera tvöfalt meiri. „Við þurftum ekki að vera hikandi í skaðabótakröfu okkar. Það er ljóst að við vorum stöðvaðir úr öllum áttum. Verið er að reikna út hver skaði fyrirtækisins er. Væntanlega verður fenginn dómskvaddur matsmaður. Hann mun meta skaðann og setja fram kröfur okkar,“ segir Jóhannes. jonab@frettabladid.is




**BÝR SIG UNDIR MÁLSÓKN** Kreditkortaþjónustan ætlar að höfða skaðabótamál gegn kortafyrirtækjunum Valitor og Borgun auk Fjölgreiðslumiðlunar.

### Ferill málsins í hnotskurn

- 2006: Samkeppniseftirlitið gerir húsleit hjá Greiðslumiðlun, Kreditkortum og Fjölgreiðslumiðlun í júní. Gögn eru handlögð.
- 2007: Greiðslumiðlun breytir um nafn, heitir eftirleiðis Valitor. Rekstrarform Kreditkorta breytist. Fyrirtækið verður Borgun.
- 2007-8: Beggja vegna áramóta viðurkenna fyrirtækin og Fjölgreiðslumiðlun að hluta, sem sér um kortaviðskipti hinna tveggja, víðtækt samráð. Fyrirtækin dæmd til að greiða 735 milljónir króna stjórnvaldssekt.
- 2009: Kortaþjónustan sendir kvörtun til Samkeppniseftirlits þar sem Valitor er sakað um margvísleg og ítrekuð brot á samkeppnislögum. Samkeppniseftirlitið gerir húsleit hjá Valitor eftir kvörtun frá Borgun um meinta misnotkun á markaðsráðandi stöðu.
- 2010: Samkeppniseftirlitið úrskurðar að Kortaþjónustan hafi rétt á að fá afrit af þeim gögnum sem hald var lagt á í húsleitunum. Gögnin eru í vinnslu. Málið fer fyrir héraðsdóm í september.

Ráðgjöf landslagsarkitekts

Sumar 2010

Í sumar veitir BYKO viðskiptavinum sínum ráðgjöf og faglegar ráðleggingar vegna framkvæmda í garðinum.



Björn Jóhannsson landslagsarkitekt sér um ráðgjöfina.

ALLAR TEIKNINGAR GERÐAR Í ÞRÍVÍDD

Viðskiptavinurinn fær hálftíma ráðgjöf sem kostar **kr. 5.900**. Upphæðin er inneign þegar keypt er palla- og girðingarefni hjá BYKO.

Skráning á netfangið **margret@byko.is** og í síma **515 4135** alla virka daga.



BYKO

EXPO · www.expo.is



**ÚTHLUTUN** Biðraðir eru oft langar.

Fjölskylduhjálpin fær styrk:

## Hollendingar senda peninga

**LÍKNARMÁL** Fjölskylduhjálp Íslands hefur nú í þriðja sinn fengið styrk frá góðgerðarsamtökunum Varda í Hollandi.

Hollensku góðgerðarsamtökin hafa styrkt Fjölskylduhjálp Íslands bæði á þessu og síðasta ári um 1,5 milljónir króna. Að þessu sinni er styrkurinn um hálf milljón króna.

Í tilkynningu frá Fjölskylduhjálpinni segir að styrkurinn komi sér ákaflega vel. Meira en 500 fjölskyldur nutu mataraðstoðar hjá samtökunum síðastliðinn miðvikudag. - ls

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Héldu vöku fyrir gestum**

Tveir menn voru handteknir í Garðinum í fyrrinótt vegna drykkjuláta. Mennirnir héldu vöku fyrir gestum sem sóttu Sólstöðuhátíð í bænum og linntu ekki látum fyrr en þeir voru komnir á bak við lás og slá. Hátíðarhöld í Garðinum fóru að öðru leyti fram með sóma.

# SJÁÐU HM Í HÁSKERPU




60PK250

**60" LG plasma**

full HD 1080P

Nýtt og glæsilegt 60" plasma sjónvarp frá LG
• Frábær myndgæði • Upplausn 1920x1080 punktar
• 600Hz • Full HD

60" frábært verð

Tilboðsverð
**599.995 kr.**

## NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ FÁ SÉR HÁSKERPU SJÓNVARP Á FRÁBÆRU VERÐI OG ÞÚ FÆRÐ ÁSKRIFT AÐ SPORT 2 OG SPORT 2 HD Í EINN MÁNUÐ Í KAUPBÆTI. INNBYGGÐUR MYNDLYKILL FYLGIR!*




42PJ550N

**42" LG plasma**

HD ready HDMI USB

Afar þunnur sjónvarpsrammi • Upplausn 1366x768 punktar
• 600Hz • Stafrænn móttakari • USB • 2 x HDMI
• DivX HD stuðningur

40.000 kr afsláttur

Tilboðsverð
**159.995 kr.**
Verð áður 199.995 kr.




42LD650N

**42" LG LCD**

full HD 1080P HDMI USB

Upplausn 1920x1080 punktar • 100Hz • 3 x HDMI • LAN
• 2 x USB 2.0 • WiFi • DLNA • DivX HD stuðningur

40.000 kr afsláttur

Tilboðsverð
**259.995 kr.**
Verð áður 299.995 kr.

# HM Í HÁSKERPU




TX-P42C2E

**42" PANASONIC**

HD ready HDMI

Frábær myndgæði • Upplausn 1024x768 punktar • 100Hz
• V-Real Pro 4 myndúrvinnsla

30.000 kr afsláttur

Tilboðsverð
**149.995 kr.**
Verð áður 179.995 kr.

SPORT 2 HD SPORT 2 vodafone

*Viðskiptavinur þarf að hafa aðgang að útsendingu Digital Ísland eða ADSL sjónvarp frá Símanum eða Vodafone til að geta nýtt áskriftartilboðið. Möguleiki á háskerpuútsendingu er bundinn við Digital Ísland örbylgjusendingar. Kortalesari (innbyggður myndlykill) virkar eingöngu með Digital Ísland útsendingu. Sé hún ekki í boði þarf að notast við hefðbundna myndlykla frá þjónustuaðilum.

HÁTÆKNI 1985-2010

Hátækni 25 ára 1985 - 2010

**Opið:** virka daga 9.30–18

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 101709










**FRÉTTAVIÐTAL:** Keníska baráttukonan Wilter Nyabate

# Fótbolti dregur athygli að mannréttindabrotum

**Wilter Nyabate er kenísk baráttukona sem hefur undanfarin ár barist gegn því að fólk í fátækrahverfum í höfuðborg landsins sé flutt nauðugt af heimilum sínum. Hún var hér á landi á vegum Amnesty til að kynna átakið Stand up united, sem á íslensku heitir Vertu með í vörninni … gegn mannréttindabrotum. Þetta er alþjóðleg herferð Amnesty sem var hrundið af stað í tilefni af heimsmeistaramótinu í knattspyrnu og ætlað að vekja athygli á mannréttindabrotum víðs vegar um heiminn.**



**WILTER NYABATE** Wilter hefur barist gegn mannréttindabrotunum í hverfi sínu lengi. Hún hélt fyrirlestur um baráttuna í Naíróbí í Reykjavík í síðustu viku á vegum Amnesty. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Keníska ríkisstjórnin lofaði fyrir nokkru að bæta úr aðstæðum og húsnæðismálum í fátækrahverfunum í Naíróbí, höfuðborg Kenía. Helmingur íbúa borgarinnar búa í slíkum hverfum, þar á meðal Wilter, sem býr ásamt tveimur börnum sínum í stærsta fátækrahverfinu.

Ýmislegt jákvætt hefur gerst eftir að ríkisstjórnin hóf átak sitt, en því fylgir einnig margt slæmt. Fjöldi fólks í hverfinu sem Wilter býr í hefur verið flutt nauðugt úr húsum sínum og þau jöfnuð við jörðu.

„Þeir koma um miðjar nætur. Það sjást bara jarðýtur og þú heyrir grát í börnum og mæðrum sem kalla á hjálp. Þetta er sálfræðileg pynting, þær taka auðvitað börnin með sér út og þá verða allar eigur þeirra eftir. Það er enginn fyrirvari og allt er eyðilagt. Þegar fólk kemur svo heim aftur til að byrja upp á nýtt á það ekkert. Þú færð engar bætur fyrir það sem þú missir.“

Komið hefur verið upp kerfi meðal íbúanna í hverfinu til að bregðast við þessu. „Þegar við heyrum að verið er að bera fólk út þá látum við það berast og látum fjölmiðla á svæðinu líka vita. Við mætum og fjölmiðlarnir líka, það vekur athygli og stjórnvöld sjá að við vitum alveg hvað við erum að gera.“

**Erfiðar aðstæður í hverfunum**

Lífið í fátækrahverfunum er streð, og þar eru erfiðar aðstæður. „Þú þarft að borga fyrir alla grunnþjónustu, eins og vatn, á hverjum degi í litlum skömmtum. Þú verður að borga fyrir alla læknisþjónustu, og margir í þessum hverfum hafa ekki efni á því. Fólk er með HIV eða alnæmi og fær lyf, en getur ekki tekið þau því það hefur ekki efni á nægum mat. Ef lyfin eru tekin án matar þá veldur það svima og vanlíðan, svo sumir hætta að taka lyfin.“ Fólk eins og Wilter borgar þó skatta. „Okkar skattar eru háir. Fólkið sem fær undir 50 dollara á mánuði borgar skatta – en allir þingmenn hafa skattfrjálsar tekjur. Þeir eru með um tvær milljónir íslenskra króna á mánuði, en borga enga skatta. Á meðan svo er þá verða fátækir alltaf fátækir, og ríkir alltaf ríkir.“

**Þrýstingur að utan**

Eitt af því sem Wilter og samstarfsfélagar hennar berjast fyrir er að keníska ríkisstjórnin komi á gagnsæjum reglum um hvernig staðið skuli að þessum málum. „Fólkið fær ekki upplýsingar um hvað sé að gerast og það fær ekki tíma til að segja sína skoðun.“ Íbúarnir í hverfinu óttast að þó að ætlunin sé að byggja betra húsnæði á svæðinu muni það alls ekki standa núverandi íbúum til boða, til þess verði það of dýrt. „Húsin eru gerð fyrir fólkið sem býr þarna en þau eru alltof dýr. Það er svo erfitt að eignast hús, flest fólkið úr fátækrahverfunum mun ekki græða á þessu verkefni.“

Ákveðið var að tengja baráttuna fyrir mannréttindum við heimsmeistaramótið til að vekja sem mesta athygli. „Stór hluti heimsins er að fylgjast með og þetta var leið til að ná til þeirra og gera þeim grein fyrir því hvað er að eiga sér stað. Þetta er að eiga sér stað víðs vegar um heiminn og það er réttur fólks að vera ekki borið út af heimilum sínum.“

„Nú eru stjórnvöld að reyna að koma á reglum um þetta. Alþjóðasamtök hafa verið að taka þátt í því. Við þurfum líka þrýsting að utan til þess að þetta verði gert. Ríkisstjórn Íslands getur til dæmis þrýst á ríkisstjórnina í Kenía að virða mannréttindi og hætta þessu.“


Þórunn Elísabet Bogadóttir
thorunn@frettabladid.is

## Fátækrahverfin í Naíróbí



Um tvær milljónir manna búa í fátækrahverfum í Naíróbí, höfuðborg Kenía. Þessar tvær milljónir eru helmingur allra íbúa borgarinnar, en þær búa á aðeins fimm prósentum lands í borginni. Í hverfunum er lítill aðgangur að grunnþjónustu eins og hreinu vatni, klósettum, heilsugæslu og skólum.

Wilter Nyabate býr í Austur-Soweto, sem er hluti af Kibera, stærsta fátækrahverfi borgarinnar. Ríkisstjórnin í Kenía hefur hrundið af stað átaki til að bæta húsnæðismál í hverfinu. Wilter er hluti af samtökum sem berst fyrir mannréttindum fólksins í hverfinu og því að hætt verði að flytja íbúa þaðan á brott.


Fótvermir fóðraður
Slekkur á sér eftir 60 mínútur. 60W
Verð áður kr. 5.990
AFSLÁTTUR 67%
Verð nú 1.990
AFSLÁTTUR 43%
Verð nú 3.990
Nýjung! Baðvog og klukka með stórum LCD skjá. Verð áður kr. 6.990
AFSLÁTTUR 34%
Verð nú 3.990
Eldhúsvog og klukka sem má hengja á vegg
Verð áður kr. 5.990
AFSLÁTTUR 34%
Verð nú 3.990
Rafmagnspanna með glerloki og hitastilli
Verð áður kr. 5.990
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 1.990
Sósupottur með Akzo Nobel viðloðunarfrírri húð. Má nota á spanhelluborð.
Verð áður kr. 3.990
AFSLÁTTUR 60%
Verð nú 990 1 stk
Salt og piparkvörn
Verð áður kr. 2.490
AFSLÁTTUR 40%
Verð nú 2.990
Lítil matvinnsluvél
Hakkar, malar, maukar
Verð áður kr. 4.990
AFSLÁTTUR 42%
Verð nú 3.490
Hraðsuðukanna
2000W 1,7 ltr
Verð áður kr. 5.990
AFSLÁTTUR 34%
Verð nú 9.990
800W örbylgjuofn með snúningsdisk og affrystingu.
Verð áður kr. 14.990
Electrolux
EWF-14631W
Mest selda þvottavélin okkar, ótrúlega lág bilanatíðni
1400 sn. vinduhraði
Tekur allt að 6 kg af taui
Skjár sem sýnir tímalengd
Handþvottakerfi og ullarkerfi
A/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
Stórt hurðarop
Verð áður kr 129.900
ÞÚ SPARAR 30.000
Verð nú 99.900
AEG
LN-69260
Vinsælasta vélin frá AEG.
1200 snúninga hraðþvottavél með stafrænu stjórnborði og skjá
Tekur allt að 6 kg af taui
Hraðval 30-55% tíma-sparnaður á algengum kerfum
Sérstakt blettakerfi
Stórt hurðaop
Handþvottakerfi og ullarkerfi
A/A einkunn
Verð áður kr 134.900
ÞÚ SPARAR 35.000
Verð nú 99.900
45 DESIBIL
TOPP MÓDEL
Electrolux
ESF-66814XR
Flott uppþvottavél með stál framhlið án sýnilegs stjórnborðs.
Aðeins 45 dB(A)
XXL stór að innan
Ný þvottatækni með hringspúlarm
5 þvottakerfi þ.á.m. hraðkerfi, pottakerfi og sparnaðarkerfi.
3xA einkunn
Verð áður kr 189.900
ÞÚ SPARAR 60.000
Verð nú 129.900
AEG
F87004P
Toppmódel frá þýska AEG. Nánast hljóðlaus, aðeins 39 dB(A)
Innrétting breytanleg fyrir allan borðbúnað
XXL stór að innan
ProClean þvottatækni - 3 þvottaarmar
7 þvottakerfi þ.á.m. hraðkerfi, pottakerfi og sparnaðarkerfi.
3xA einkunn
Verð áður kr 169.900
39 DESIBIL
TOPP MÓDEL
ÞÚ SPARAR 35.000
Verð nú 134.900
RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
LAGER HREINSUN
AÐEINS 3 DAGAR EFTIR!
145 CM
exquisit
GS-245INOX
243 lítra frystiskápur í burstuðu stáli
4 frystiskúffur + 2 frystihólf með loki
HxBxD: 145x60x60 cm
Verð áður kr 94.900
30.000
Verð nú 64.900
exquisit
GS-110
80 lítra frystiskápur í A orkuflokki
HxBxD: 85x50x56 cm
Verð áður kr 59.900
ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú 44.900
125 CM
Electrolux
ERC-24003W
Rúmmál kælis 213 lítrar
Rúmmál frystis 18 lítrar
HxBxD: 125x55x60 cm
Verð áður kr 94.900
ÞÚ SPARAR 25.000
Verð nú 69.900
175 CM
Electrolux
ERB-34233X
Rúmmál kælis 233 lítrar
Rúmmál frystis 92 lítrar
HxBxD: 175x59,5x60 cm
Verð áður kr 169.900
ÞÚ SPARAR 40.000
Verð nú 129.900
STÁL
ZANUSSI
ZCC-6656W
Vönduð eldavél með blástursofni og keramik helluborði
Blástur, grill ásamt undir- og yfirhita
Geymsluskúffa
Barnalæsing
Verð áður kr 144.900
ÞÚ SPARAR 30.000
Verð nú 114.900
87 CM
ÞÚ SPARAR 25.000
Verð nú 44.900
exquisit
EKC-161RVA
Rúmmál kælis 130 lítrar
HxBxD: 87x54,5x58 cm
Án topplötu
Verð áður kr 69.900
Rafha ehf
Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hagsmunamat sjálfstæðismanna er þröngt.

## Dyrum lokað

Sjálfstæðisflokkurinn hefur þrengri skírskotun en áður eftir landsfundinn um helgina. Drögum að stjórnmálaályktun, þar sem örlítil rifa var skilin eftir í þá veru að láta reyna á umsókn um aðild að Evrópusambandinu, var hafnað og samþykkt ályktun þar sem dyrunum er skellt í lás og þess krafizt að aðildarumsóknin verði dregin til baka. Sjálfstæðisflokkurinn hefur með þessu öðlazt sérstöðu meðal stórra evrópskra hægriflokka, sem flestir hafa beitt sér fyrir ESB-aðild undir merkjum frjálsra viðskipta og vestræns samstarfs.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í ályktun sjálfstæðismanna segir að þeir hafni aðildarferlinu vegna þess að mikilvægara sé nú að stjórnsýslan setji alla sína krafta í að leysa aðkallandi hagsmunamál heimila og fyrirtækja. Sjálfstæðismenn deila þá þeirri skoðun ekki heldur með flestum evrópskum hægriflokkum, að ESB-aðild sé brýnt hagsmunamál heimila og fyrirtækja. Aðildarumsóknin er þáttur í að leysa þá efnahags- og gjaldmiðilskreppu, sem Ísland glímir við.

Á síðasta landsfundi Sjálfstæðisflokksins var lögð fram skýrsla Evrópunefndar, sem komst að þeirri niðurstöðu að íslenzkt efnahagslíf gæti ekki búið við krónuna til frambúðar. Engin greið leið er fyrir Ísland að taka upp nýjan gjaldmiðil önnur en aðild að Evrópusambandinu. Það tekur nokkur ár að semja um aðild og taka upp evru. Þess vegna er brýnt að gera það strax, en ekki slá því á frest. Flestir stjórnmálaflokkar treysta sér til að fást við nokkur verkefni í einu. Í þeirri stöðu, sem Ísland er nú í, er það nauðsynlegt.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í ræðu sinni á fundinum að afstaða Sjálfstæðisflokksins ætti ekkert skylt við einangrunarhyggju eða þjóðrembu. „Hún byggir á raunsæju mati á því hvað þjónar hagsmunum Íslendinga best til langs tíma," sagði hann.

Því miður virðist hagsmunamat Sjálfstæðisflokksins nú vera þröngt mat á hagsmunum sjávarútvegs og landbúnaðar, atvinnugreinanna sem að stærstum hluta berjast hatrammlega gegn inngöngu Íslands í ESB, án þess þó að vita hvaða kostir þeim bjóðast. Þetta eru mikilvægar atvinnugreinar, en ekki þær sem munu vaxa á komandi árum og skapa flest ný störf. Það eru greinar á borð við ferðaþjónustu, hátækniiðnað og aðrar, sem hafa ítrekað á undanförnum árum lýst stuðningi við aðildarumsókn og óskað eftir nýjum, stöðugum gjaldmiðli. Mat Sjálfstæðisflokksins virðist vera sérhagsmunamat, ekki mat á hagsmunum heildarinnar.

Kalt hagsmunamat fælist í því að taka þátt í aðildarferlinu og leitast við að ná sem hagstæðustum samningi, eins og flokksformaðurinn talaði raunar utan í, áður en fulltrúar sérhagsmunanna höfðu hann undir á fundinum. Þá er hægt að leggja mat á það hvernig aðildarsamningur þjónar íslenzkum heildarhagsmunum, til dæmis hvað sé unnið fyrir heimilin í landinu hvað varðar matarverð, horfur á stöðugum gjaldmiðli með bættum lánskjörum og fleira. Jafnframt er þá að sjálfsögðu hægt að vega og meta hvernig samningurinn kemur út fyrir hinar ýmsu atvinnugreinar. En það gerist ekki án þess að klára samningana.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú fyrst og fremst forystu fyrir sérhagsmunum. Allt annað tal um forystu er fremur spaugilegt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### ESB og Capacent Gallup

Sjálfstæðismenn hafa lengi stært sig af því að flokkurinn láti ekki stjórnast af könnunum. Jafnan hafa flokksmenn borið sig saman við Samfylkinguna sem að þeirra sögn tekur afstöðu til mála eftir könnunum. Gott dæmi um þetta eru ummæli Guðlaugs Þórs Þórðarsonar á Alþingi hinn 3. júlí 2009: „Sá flokkur [Samfylkingin] á tvo guði. Það er ESB og það er Capacent Gallup."

### Umsóknin dregin til baka

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins samþykkti um helgina að tafarlaust skuli draga umsókn Íslands að Evrópusambandinu til baka. Margir sjálfstæðismenn lýstu því yfir á fundinum að þjóðin vildi ekki ganga í ESB og sagði Ólöf Nordal, nýr varaformaður, í ræðu sinni að yfirgnæfandi andstaða væri meðal þjóðarinnar gegn aðildarviðræðunum.



### Pólitísk lauf í vindi



Í kosningunum 2009 buðu Samfylkingin, Framsókn og Borgarahreyfingin fram með aðildarumsókn að ESB á stefnuskránni. Þessir flokkar fengu samtals 51,8 prósent fylgi og þingmeirihluta. Vilji kjósenda var að farið yrði í aðildarviðræður við ESB.

Sé þjóðarpúls Gallup skoðaður kemur í ljós að frá því í febrúar 2003 (hið minnsta) til hausts 2009 var alltaf yfir 50 prósent stuðningur við aðildarviðræður. Það er því nýtilkomið að skoðanakannanir sýni minni stuðning en meiri.

Sjálfstæðismönnum þykja þessar nýtilkomnu breytingar vera ástæða til 180 gráðu stefnubreytingar hjá stjórnvöldum. Því stendur spurningin eftir. Er Sjálfstæðisflokkurinn farinn að stjórnast af skoðanakönnunum?

**magnusl@frettabladid.is**

## HALLDÓR




## Þjóð, kirkja og hjúskapur

Hjúskaparlög



Árni Svanur Daníelsson
prestur



Kristín Þórunn Tómasdóttir
prestur

Um helgina tóku gildi ný hjúskaparlög á Íslandi. Fyrir það hafa Íslendingar hlotið hrós frá mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna sem lítur á lögin sem skref í þá átt að samkynhneigðir njóti jafnra réttinda og virðingar.

Hér á landi hafa trúfélög umboð til að gefa fólk saman í hjónaband. Þess vegna hafa þau verið virkir þátttakendur í samtalinu um hjúskaparlögin. Eðli málsins samkvæmt snertir þetta mál þjóðkirkjuna með sérstökum hætti þar sem prestar hennar framkvæma langflestar hjónavígslur sem fram fara í landinu.

Innan þjóðkirkjunnar hafa málefni samkynhneigðra verið mikið til umfjöllunar. Kirkjan hefur, eins og samfélagið almennt, þurft að horfast í augu við að margt í hennar eigin sögu hefur stuðlað að útskúfun og jaðarsetningu samkynhneigðra. Viðhorfsbreyting gagnvart samkynhneigðum hefur átt sér stað í þjóðkirkjunni, eins og í samfélaginu almennt.

Þjóðkirkja hefur ríkari skyldur við þjóðina en önnur trúfélög. Kirkja og þjóð eiga að ganga saman þegar kemur að umbótum á mannréttindum og auknu jafnrétti. Annars missir kirkjan marks sem þjóðkirkja og gerir sig að sértrúarsöfnuði. Sértrúarsöfnuður lýtur öðrum lögmálum en þjóðkirkja og getur í nafni trúar og samviskufrelsis farið aðra leið en fólkið í landinu þegar kemur að umbótum á mannréttindum.

> Kirkja og þjóð eiga að ganga saman þegar kemur að umbótum á mannréttindum.

Frá því lög um staðfesta samvist tóku gildi 27. júní 1996 hafa samkynja pör getað fengið blessun og bæn yfir samband sitt í kirkju. Frá 27. júní 2008 hafa pör getað staðfest samvist sína í kirkju. Frá 27. júní 2010 geta bæði samkynja pör og gagnkynja pör gengið í hjónaband í kirkju. Þetta er eðlileg þróun. Kirkjan er samstiga þjóðinni í umbótum á mannréttindum og velferð. Þjóð og kirkja eiga samleið þegar ný hjúskaparlög taka gildi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Fótboltinn

Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Sumarið okkar er svo stutt að sektarkenndin er innbyggt í það. „Jæja!" heyrist kvakað úr hverjum mó meðan fuglarnir flögra um með dugnaðarfasi og litlu blómin kalla með augun á stilkum: „sjáið mig! sjáið mig!" en milli þeirra skjögra dauðadrukknar flugur eða lenda í vefnum á djúpvitrum köngulónum sem starfa í hverju horni. Sjórinn spegilsléttur, golan gælandi við mjúkt hörundið, iðandi kyrrðin, ilmurinn af jörðinni þar sem lúpínan hefur ekki fengið að tortíma hinu lágkynja lyngi og blóðbergi... sumarið logar frá einni stund til annarrar, svo stutt, og manni finnst maður eigi að lifa hverja mínútu því það koma aldrei kvöld, náttleysan ríkir, morgunninn nær til fimm á daginn og dagarnir ná til fimm á morgnana... og sumarið logar: „Kom fyll þitt glas..."

Þetta er alveg satt: það er mjög óeðlileg iðja að sitja alla daga og horfa á knattspyrnu algerlega óvandabundinna manna.

**Sagnabálkur**

Það er svo passíft. Okkur er ætlað að djöflast sjálfum, líkami okkar er til þess gerður, og sú iðja að horfa á aðra gera það fyrir sig (og úða í sig snakki og svolgra bjór á meðan) er í raun og veru einhvers konar óeðli.

En... Að fylgjast með heimsmeistaramótinu í fótbolta er dálítið eins og að detta í að lesa þykkan og skemmtilegan sagnaflokk á borð við Íslendingasögurnar eða bækur Simenons eða Rex Stout. Þetta er einn sagnaheimur með ótal sögum, en engu að síður vel afmarkaður með takmörkuðu persónugalleríi. Allar eru sögurnar byggðar nokkurn veginn eins en þó er í þeim akkúrat hæfilegur sveigjanleiki fyrir óvænta atburði. Þetta eru sögur með upphafi, miðju, dramatískum hápunkti og endi. Í þeim eru skýr átök. Þar eru hetjur og skúrkar, ósýnilegir dugnaðarforkar, ofsýnilegir dramaprinsar, þar eru tragedíur og gleðileikir, mannlegir lestir og ómæld sæmd, klókindi, slóttugheit, ráðvendni, staðfesta, óskráðar reglur um drengskap. Þetta eru dæmisögur um mannlegt atferli og mannlegt samfélag.

> Að fylgjast með heimsmeistaramótinu í fótbolta er dálítið eins og að detta í að lesa þykkan og skemmtilegan sagnaflokk á borð við Íslendingasögurnar eða bækur Simenons eða Rex Stout.

Þessar sögur lúta sömu grundvallarlögmálum, reglur eru skýrar en þó hægt að velta vöngum um túlkun þeirra, atburðir ráðast af svipuðum aðstæðum, svipaðir karakterar leika lykilhlutverk frá sögu til sögu – sömu náungarnir skjóta jafnvel upp kollinum á ólíkum sögum. Þótt sögð sé sífellt ný og ný saga líkist hver þeirra öllum hinum ósegjanlega.

Þetta er alltaf eins. Hlaup í mönnum. Óðagotið. Aukaspyrnurnar hátt yfir markið. Vúvuselabuldrið. Tæklingarnar. Feilsendingarnar. Þjálfarar með ygglibrún. Athugasemdir lýsendanna um að liðið verði að fara að sækja upp kantana ef það ætli að komast eitthvað áleiðis gegn hinni sterku vörn andstæðingsins. Þorsteinn J með vitringana þrjá á eftir. Og leikurinn á sextíu sekúndum.

Meira að segja mörkin sem koma svo skyndilega og eins og undantekningar frá reglunni því þessi leikur virðist fremur ganga út á að láta menn ekki skora en að leyfa þúsund mörkum að blómstra.

**Nautnin af því kunnuglega**

Nautn neytandans felst einmitt í þessu: þetta er alltaf eins.

Umberto Eco kenndi þessa nautn við déjà vu í grein sem hann skrifaði um sakamálasögur og þá ráðgátu hvers vegna við lesum slíkar sögur aftur og aftur þótt þær séu alltaf eins. Okkur finnst eftirsóknarverð lestrarreynsla að hitta fyrir nákvæmlega eins fólk við nákvæmlega eins kringumstæður og upplifa nákvæmlega eins spennu; hið óvænta verður nákvæmlega eins alltaf. Hið óvænta er þekkt stærð.

En til að hafa nautn af því kunnuglega þarf að þekkja það. Það þarf að vera læs á leikinn. Þess vegna er það líka afmarkaður hópur sem hefur ánægju af því að fylgjast með þessum mótum. Það er lærð hegðun að horfa á fótbolta, svolítið í ætt við að venja sig á að hlusta á langar sinfóníur. Eins og þær eru fótboltaleikir hægir og lygnir á ytra borði og virðast tíðindalausir en fyrir hið þjálfaða eyra – eða auga – er ótal margt sem gleður. Til þess eru lýsendurnir og vitringarnir þrír á eftir – að benda okkur á þá snilld sem blasir alls ekki við, útskýra fyrir okkur „verkið" og lögmál þess. Þeir eru eins og tónlistargagnrýnendur.

Í þeim skilningi eru fótboltaleikir eins og sinfóníutónleikar íþróttanna. Kannski að RÚV ætti að fá Þorstein J til að búa til þætti kringum sinfóníutónleikana næsta vetur?

Hver fær bréf frá þér?

Sendu kveðju til þeirra sem þér þykir hafa verið til fyrirmyndar.

Kynntu þér hvatningarátak tileinkað frú Vigdísi Finnbogadóttur og íslensku þjóðinni á tilfyrirmyndar.is

Til fyrirmyndar

VILLTU GRENNAST
ERTU ORKULAUS?



Með hverjum pakka fylgir nákvæm næringaráætlun og einfaldar uppskriftir

VISA Sérstakt kynningaverð vaxtarlaus staðgreiðslulán

Guðrún Helga Rúnarsdóttir
Næringaráðgjafi og smásjárfræðingur mun gefa ráðleggingar hvernig stilla á sýrustig líkamans með Innerlight vörunni og réttu mataræði.

Upplýsingar í síma 777 9901



Urð og grjót - Upp í mót ...



**Trezeta Maya**
*Vandaðir og léttir skór.*
*Góð vatnsvörn og öndun.*
*Vibram sóli.*
*Ökklastuðningur.*
*Þyngd: 620g (stærð 42)*
*Einnig fáanlegir í dömuútfærslu (ljósari litur).*
**Verð 22.990 kr.**



**Trezeta Tiwanacu Pro**
*Vatnsvarðir og vandaðir.*
*Hentugir í lengri göngur.*
*Góður ökklastuðningur.*
*Vibram sóli.*
*Þyngd: 710g (stærð 42)*
*Einnig fáanlegir í herraútfærslu.*
**Verð 28.990 kr.**



**Meindl Colorado Lady GTX**
*Vinsælir og góðir.*
*Nubuk leður.*
*Gore-Tex vatnsvörn*
*Multigriff sóli.*
*Þyngd: 750g (stærð 42)*
*Einnig til í herrastærðum.*
**Verð 42.990 kr.**

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500
ÚTILÍF

# Hvers eiga viðskiptavinir að gjalda?

Bankaviðskipti

Björn Erlingsson
rithöfundur og ljósmyndari



Hvers eiga skilvísir viðskiptavinir Íslandsbanka að gjalda?

Bréf þetta var sent bankastjórn Íslandsbanka, forsætisráðherra, fjármálaráðherra, og viðskiptaráðherra.

Erindi: Afskrift skuldabréfs nr. 965432, með útgáfudegi 26. nóvember 2003.

Upphaflega kr. 1.200.000, með mánaðarlegum afborgunum.

Á dögunum sendi ég bankastjórn Íslandsbanka bréf, þar sem lögð var fram beiðni um niðurfellingu eftirstöðvar láns kr. 1.111.246, á gjalddaga 24.05. 2010. Vegna alvarlegs forsendubrests sem orðið hefur í efnahagslegu og siðferðislegu tilliti, þar sem gróflega hefur verið brotið á siðferðisvitund minni, og sannfæringu fyrir því að rétt hafi verið að greiða inn á ofangreint lán kr. 500.000, þann 26.05.2010, og að rétt sé að halda áfram innborgunum við svo búið.

Ég tel beiðni mína um afskrift á höfuðstólsupphæð lánsins eiga fullt erindi við bankastjórn Íslandsbanka, jafnvel þótt ég sé í skilum með ofangreint lán, og teljist ekki til hinna svokölluðu „óreiðumanna“.

Helstu ástæður mínar fyrir þessari beiðni

1) Fyrri ástæðan er sú, að í fréttum RÚV kom fram, að 9 núverandi starfsmenn Íslandsbanka fengu afskrifaðar skuldir upp á ríflega 4.000.000.000 kr., í kúlulánum, sem virðast hafa verið tekin í þeim eina tilgangi, að ná sem mestu fé út úr bankanum og sigla svo öllu í strand. Spurning mín til Íslandsbanka er sú, hvað orðið hafi um allt þetta fé?

Eitt af því sem vekur spurningu, er hvort núverandi bankastjóri Íslandsbanka og fleiri háttsettir starfsmenn hafi verið þátttakendur í þessu fjármálamisferli? Er nema von að spurt sé, hvers vegna slíkir einstaklingar eru enn starfsmenn bankans? Og í framhaldi af því, getur slíkur banki verið trúverðugur?

Þess ber að geta, að bankinn var á sínum tíma einkavæddur, og síðan yfirtekinn af íslenska ríkinu, þegar allt var komið í strand. Og hver á svo að borga þann mikla skaða? Jú, það eru ég, og aðrir sem ekki hafa gert samfélaginu nægilega mikinn skaða til að teljast til „hinna réttlátu“.

Sem borgari þessa lands, þá geri ég þá sjálfsögðu kröfu til míns viðskiptabanka Íslandsbanka, og ekki síður til íslenskra stjórnvalda, að mér og öðrum þegnum sé sýndur ákveðinn siðferðisvottur. Ekki síst, ef mér er ætlað að bera skuldaklafann frá gjaldþrota bönkum, og vanhæfum embættismönnum sem sofnuðu á verðinum, meðvitað eða ómeðvitað.

2) Lán sem aldrei lækkar! Þann 26.11.2003, tók ég lán hjá Íslandsbanka, kr. 1.200.000, til 12 ára, með mánaðarlegum afborgunum. Þann 24.05. 2010, eftir tæplega 7 ára greiðslutíma var staða lánsins kr.1.111.246. Hef frá árinu 2003 greitt samtals kr.1.806.460, og tel mig nú vera skuldlausan við bankann.

Ég spurðist fyrir um það hjá starfsmanni bankans, hvort ekki væri hægt að afskrifa hluta höfuðstólsins, þar sem alvarlegur forsendubrestur hefði orðið á stöðu mála. Svarið var einfaldlega NEI. Næsta ráð var þá að greiða inn á lánið kr. 500.000, úr því einmitt á þessu augnabliki hafði ég örlitla smugu til að setja aleiguna í þetta botnlausa fen, þar sem það virtist illskásti kosturinn.

Undirritaður lét nú þessa ráðagerð standa, og taldi sig nokkuð góðan með að hafa borgað þessa upphæð inn á lánið, og séð þar með höfuðstólinn loksins fara að lækka, sem ekki var þó tilkomið vegna þess að bankinn hefði verið svo eftirlátssamur, þvert á móti.

Það er ljóst að framkoma ríkisvaldsins og lánastofnana gagnvart almenningi í þessu landi er með öllu óboðleg, og engin leið að svo geti áfram gengið. Ég hef fullan skilning á mjög svo erfiðri stöðu ríkissjóðs, og vandasömu hlutverki helstu ráðamanna þjóðarinnar. En því miður er það svo, að gróf efnahagsleg mannréttindabrot eru framin hér á landi, sem eru með öllu ólíðandi. Sú staðreynd birtist m.a. í verðtryggðum lánum, vaxtaokri, skattahækkunum, kjaraskerðingum, og gegndarlausum verðhækkunum.

Ég hef frá upphafi vegar átt farsæl samskipti við bankastarfsmenn Íslandsbanka fyrr og nú, svo sem gjaldkera, útibússtjóra og fl. En tel miður, ef þeir starfsmenn sem enn starfa hjá Íslandsbanka og fengu þúsundir milljóna afskrifaðar koma óorði á stétt bankastarfsmanna sem vinna störf sín af vandvirkni og heiðarleika.

ENNEMM / SÍA / NM42665







Sumt breytist aldrei

Enn sem fyrr býður Gerber upp á mikið úrval af næringarríkum, hollum og góðum barnamat. Veldu aðeins það besta fyrir barnið þitt, því lengi býr að fyrstu gerð.

Gerber
Því lengi býr að fyrstu gerð

# Niðurskurður og norræn velferð

Velferðarmál

Friðrik Sigurðsson
framkvæmdastjóri Landsamtakanna Þroskahjálpar



Gerður Aagot Árnadóttir
formaður Landsamtakanna Þroskahjálpar



Félagsmálaráðherra tilkynnti nýverið að allt stefndi í að niðurskurður til velferðarmála á fjárlögum ríkisins fyrir árið 2011 gæti orðið 6% miðað við árið 2010 en það ár var skorið niður í félags- og tryggingamálum um 5%. Ráðherra hefur jafnframt gengið fram fyrir skjöldu og bent á nauðsyn þess að farið verði í allsherjar uppstokkun á útgjöldum ríkisins.

Nú blandast engum hugur um að óumflýjanlegt virðist vera að lækka þurfi ríkisútgjöld. Það sem verður að hafa í huga er hvernig við forgangsröðum; hvaða svið það eru sem ekki þola skerðingar án þess að það skaði einstaklinga og samfélagið í bráð og lengd.

Ríkisstjórnin hefur gefið út þá yfirlýsingu að hún vilji skapa hér samfélag í anda hins norræna velferðarkerfis. Ríkisstjórnin hefur hinsvegar ekki skilgreint hvað felst í slíku kerfi né hvað það er sem íslenska velferðarþjónustu helst skortir í þeim efnum. Því hefur umræðuna skort efnislegt innihald.

Til velferðarmála eru almennt talin menntamál, heilbrigðismál og félags- og tryggingamál. Samkvæmt Norrænu hagtöluárbókinni 2009 voru framlög á Íslandi árið 2007 til menntamála vel sambærileg við önnur norðurlönd. Hvað varðar heilbrigðismál og félags- og tryggingamál þá er um þessa málaflokka fjallað í hagtíðindum Hagstofu Íslands um heilbrigðis-félags- og dómsmál í október 2009. Sú samantekt er fróðleg og nauðsynleg lesning öllum þeim sem vilja stuðla að norrænu velferðarkerfi á Íslandi. Þar kemur fram að til þess sem kallað er félagsvernd, þ.e.a.s. heilbrigðis-, trygginga- og félagsmála, vörðu Íslendingar árið 2006 lægstu hlutfalli Norðurlanda miðað við landsframleiðslu eða 21% meðan aðrar þjóðir nota frá 22.6% (Noregur) og upp í 30,7% (Svíþjóð).

Ekki er síður fróðlegt að skoða hvernig innbyrðis skipting á Norðurlöndum er á milli verkefnasviða innan svokallaðrar félagsverndar. Til heilbrigðismála renna á Íslandi 8,8 % landsframleiðslu sem er það hæsta á Norðurlöndum meðan til örorku og fötlunar renna 2,8% af landsframleiðslu. Þar er Ísland langlægst í norrænum samanburði, sambærilegar tölur á öðrum Norðurlöndum eru frá 4,2- 4,6% af landsframleiðslu.

Þessar staðreyndir eru mikilvægur vegvísir við að innleiða samfélag sem líkist norrænum velferðarsamfélögum. Það væri mikið úr leið á þeirri vegferð ef skerða ætti það litla fjármagn sem nú rennur til þjónustu við fatlað fólk og til greiðslu örorkubóta og þar með breikka bilið á milli Íslands og annarra Norðurlanda á málasviði þar sem Ísland stendur hvað höllustum fæti.

Fyrirliggjandi er að ganga þarf frá samkomulagi á milli ríkis og sveitarfélaga um þann heimanmund sem ríkið er tilbúið að eftirláta sveitarfélögunum þegar þau taka yfir þá þjónustu sem ríkið hefur hingað til veitt fötluðu fólki samkvæmt lögum. Landssamtökunum Þroskahjálp þykir sjálfgefið að þar muni ríkið að lágmarki verða tilbúið að færa til tekjustofna sem nema að fullu núverandi rekstrarkostnaði. Samtökin telja einnig að það væri í hróplegri mótsögn við yfirlýsta stefnu núverandi ríkisstjórnar um norræna velferð ef bætur vegna fötlunar yrðu skertar meira en orðið er.

Að lokum hvetja samtökin til málefnalegrar umræðu um nauðsyn og skipulag velferðar á viðsjárverðum tímum, þar nægir ekki spaugstefnuskrá Besta flokksins „að vera góðir við aumingja“.

# Óboðinn gestur?

Öryggismál

Sigrún Ásta Þorsteinsdóttir
forvarnarfulltrúi VÍS



Á síðustu rúmum tveimur árum hefur orðið mikil aukning á innbrotum á heimili, fyrirtæki og bíla hér á landi. Lögreglan hefur unnið gott starf við að leitast við að uppræta þessi innbrot og reyna að snúa þróuninni við. Fjölmiðlar eru iðnir við að færa fólki fréttir af innbrotum og láta vita þegar lögreglan nær að uppræta „þjófagengi“ sem fara markvisst yfir ákveðin svæði.

Einn mikilvægur þáttur sem fær minni umfjöllun er hvað almenningur getur sjálfur gert til að minnka líkur á innbrotum hjá sér en árvekni hans þarf að aukast til muna og ekki síst nú yfir sumarið þegar fólk er mikið á faraldsfæti fjarri heimilum sínum. Heimilið þarf að undirbúa með það að markmiði að minnka líkur á innbroti sem ætti að vera jafn sjálfsagt og að fara í matvörubúðina fyrir ferðalagið. Enginn kærir sig um að farið sé inn á helgasta stað fjölskyldunnar og upplifa það óöryggi sem því fylgir.

Ekki er forsvaranlegt að skilja hús og bíla eftir ólæsta eins og margir hafa tamið sér í gegnum tíðina. Vátryggingar taka lítið sem ekkert á því ef farið er inn í hús, bíla eða fyrirtæki sem eru ólæst og tjónið getur því verið alfarið á ábyrgð eigenda. Mikilvægasta forvörnin er án efa að hafa hurðir læstar, glugga lokaða og hluti ekki í augnsýn sem freista geta innbrotsaðila. Í húsnæði er öruggast að krækja glugga aftur og vanda val á læsingum og krækjum. Lykla að útidyrum má ekki skilja eftir á „þekktum stað“ eins og undir mottu eða blómapotti. Gott er að skilja við heimilið eins og einhver sé heima og fá t.d. aðstoð nágranna við það eins og að leggja í bílastæðið, slá flötina og fjarlægja póstinn. Gott getur verið að hafa útvarp á og ljós kveikt en góð lýsing hefur góðan fælingarmátt, sérstaklega utandyra. Ekki er æskilegt að skilja verðmæti eftir utandyra eins og hjól, sláttuvél, grill eða hluti sem gætu nýst óboðnum gestum til innbrota s.s. stiga eða verkfæri. Ekki er gott að segja frá fyrirhugaðri fjarveru á veraldarvefnum eða á símsvaranum heldur getur verið gagnlegt að flytja símtöl í annað númer. Gott er að skrá niður raðnúmer hluta sem eru til á heimilinu eins og reiðhjól, rafmagnstæki og skartgripi og jafnvel taka myndir af verðmætunum. Vöktun frá viðurkenndu öryggisfyrirtæki eykur líka öryggi fyrirtækja, heimila og sumarhúsa.

Tjónatilkynningar til VÍS vegna innbrota í bíla hafa aukist á þessu ári á meðan hægst hefur á tilkynningum um önnur innbrot. Full ástæða er því fyrir alla bíleigendur að læsa ávallt bílum sínum og skilja ekki verðmæti eftir því hlutir eins og golfsett, töskur, farsímar, tölvur, GPS tæki og geisladiskar freista margra innbrotsþjófa.

Ef brotist er inn er mikilvægt að huga að eigin öryggi og vera viss um að þjófurinn sé farinn af vettvangi og hringja síðan í 112 og tilkynna innbrotið til lögreglu. Jafnframt er mikilvægt að vernda innbrotsvettvang með tilliti til vegsummerkja þar til lögreglan kemur á staðinn.



**GARÐSHLIÐIÐ** getur verið gaman að hressa upp á og mála í einhverjum glaðlegum lit. Ef liturinn er of afgerandi til lengdar er ekkert mál að mála bara aftur í einhverjum hlutlausum lit.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Dúnmjúkar brúðargjafir



- Gefðu íslenska hönnun

Sængurfatnaðurinn frá **Lín Design** er ofinn úr bómullardamask.
Yfir 30 tegundir af íslenskum sængurfatnaði til brúðargjafa.
Íslensk hönnun á góðu verði.

Lín DESIGN

Lín Design • Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið • sími 533 2220 • www.lindesign.is



Sunna María Schram með hluta útskriftarverkefnis síns sem hún sýnir á Æringi um næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Umræðuvettvangur sem veitir innblástur

**Sunna María Schram segir uppáhaldsstaðinn á heimilinu vera rétt utan við húsið sem er reisulegt og grænt á Grettisgötu. Hún er myndlistarkona sem sinnir oft list sinni þar og spjallar við gesti og gangandi.**

„Ég er á stað fyrir utan húsið mitt þar sem ég hef verið rosalega oft að sinna listinni í sumar,“ segir Sunna María Schram sem er nýútskrifuð frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands. „Þegar það er gott veður þá er ég bara fyrir utan húsið mitt. Þetta er ótrúlega skjólsæll og góður staður.“

Húsið sem Sunna býr í var byggt árið 1907 og hefur alla tíð verið haldið vel við að sögn Sunnu. Það er í dag friðað. Að mati Sunnu er húsið, sem stendur við Grettisgötu og hún býr í, eitt reisulegasta hús miðbæjarins. „Það er gott að vera þarna fyrir utan og fá innblástur til að skapa verkin mín,“ segir Sunna og heldur áfram: „Við erum líka með ræktun þarna. Við ræktum jarðarber og svo eru tómatplöntur í glugganum sem ég sit við. Við erum reyndar með meiri rækt í Skammadal í Mosfellsdal.“

Sunna flutti inn í húsið fyrir um sex árum og hún segir staðinn hafa heillað sig frá upphafi. „Þetta er algjörlega minn staður. Ég var með sýningu í Crymo Gallerí í maí þar sem ég var að sýna stóra skúlptúra og ég bjó þá alla til þarna fyrir utan,“ segir Sunna og bætir við að fólk stoppi oft og spyrji hvað hún sé að búa til. „Þetta er svolítill umræðuvettvangur. Það er mikið mannlíf akkúrat þarna.“

Sunna rifjar upp skemmtilegt samtal. „Ég á iðulega í ótrúlega skemmtilegu spjalli við póstburðarkonuna. Hún fræðir mig um það sem er að gerast í götunni og aðra listamenn sem búa þarna nálægt og þeirra hagi. Það er oft svolítið gott spjall.“

Sunnu finnst þægilegt að vera heima við og sinna list sinni. „Ég ætti samt eiginlega að vera á vinnustofu sem ég var að fá úthlutað í útgerðinni sem Hugmyndahús háskólanna var að stofna. Þetta er vettvangur fyrir ungt fólk sem vill vinna við nýsköpun, sköpun og skapa sín eigin tækifæri. Ég var að fá úthlutað alveg frábæru rými þar.“

Sunna fer að heiman í næstu viku þegar hún heldur á listahátíðina Æring í Salthúsinu á Stöðvarfirði sem hefst á laugardag.

*martaf@frettabladid.is*

weber - tilvalið í ferðalagið

weber



Söluaðilar.: Garðheimar - Húsasmiðjan - Rótor
Seglagerðin Ægir - Everest - Búsáhöld Kringlunni

www.weber.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

SUMAR ÚTSALA
Gerið gæða- og verðsamanburð
6 mánaða vaxtalausar greiðslur
Svefn & heilsa
www.svefn.is

20-50%
AFSLÁTTUR
Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

Ný sending
SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

VALHÖLL/FREYJA
Ný sending
Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. 99.900

# HEIMILI

**HNÍFAPÖR** í sumarbústaðnum þurfa ekkert endilega að vera öll í stíl. Í staðinn fyrir að kaupa ný getur verið skemmtilegt að nota bara afganga héðan og þaðan og blanda saman.




Flottir sumarskór úr leðri, mjúkir og þægilegir.



Teg: 3345
Stærðir: 36 - 40
Verð: 14.785.-



Teg: 37205
Stærðir: 36 - 40
Verð: 16.885.-

Misty skor
Laugavegi 178
Vertu vinur

Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18
Lokað á laugardögum í sumar
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is





Blöndunartæki
fyrir heita potta 52.L./mín.
Mjög afkastamikið tæki.
Hringás
Hringás ehf - Skemmuvegur 10 (blá gata) - 200 Kópavogur - Sími: 567-1330




Herborg Harpa Ingvarsdóttir arkitekt og Þórunn Hannesdóttir vöruhönnuður reka hönnunarfyrirtæki Færið ásamt Karin Eriksson vöruhönnuði í London. Sjá má glasamotturnar Eyjabakka á vinnuborðinu skornar úr leðri og korki. FRÉTABLAÐIÐ/VILHELM



Nestisboxið Askur er handunninn úr íslenskum viði. MYND/FÆRIÐ



Master skóklemman spratt upp úr ævintýrinu um Stígvélaða köttinn. MYND/FÆRIÐ

# Gróska hjá hönnuðum

**Að hönnunarfyrirtækinu Færinu standa tveir vöruhönnuðir og arkitekt. Færið hefur það að markmiði að veita ferskum andblæ inn í íslenskan hönnunarheim og skapa íslenskum hönnuðum atvinnu.**

„Við erum nýbúnar að koma okkur fyrir hér í Hugmyndahúsi háskólanna og hér er hvetjandi andrúmsloft og mikill kraftur,“ segir Þórunn Hannesdóttir, vöruhönnuður og ein þriggja stofnenda hönnunarfyrirtækisins Færisins en það var sett á fót nú í byrjun árs. Að fyrirtækinu standa auk Þórunnar, Karin Eriksson vöruhönnuður en þær stunduðu báðar nám við Central St. Martins í London. Í byrjun árs fengu þær svo liðstyrk Herborgar Hörpu Ingvarsdóttur arkitekts. Stefna Færisins er að veita ferskum blæ inn í íslenskan hönnunarheim og vinnur fyrirtækið meðal annars að rannsóknum, markaðssetningu, hugmyndaþróun, prótótýpugerð og umboðsvinnu.

„Ég veit ekki um mörg íslensk fyrirtæki sem vinna eins og Færið en við sjáum fyrir okkur að láta framleiða vörur eftir aðra hönnuði undir vörumerkinu Færið. Það er lítið um atvinnu fyrir vöruhönnuði á Íslandi en mikil gróska í hönnuðum sjálfum. Það sem stendur hönnuðum helst fyrir þrifum er að fá vörurnar framleiddar.“ Þórunn segir að svo virðist sem mikið af vélum til framleiðslu hafi verið seldar úr landi í góðærinu þar sem hagstæðara var þá að láta framleiða hluti erlendis. Nú sé hinsvegar lag og hvetja þurfi íslensk framleiðslufyrirtæki áfram. „Okkur er mikið í mun að vörur Færisins séu framleiddar á Íslandi.“

Þrátt fyrir stutta starfsæfi hefur Færið sent frá sér nokkrar vörur sem seldar eru víða um land, meðal annars í Epal og Kraum og Hrím og Sirku á Akureyri. Innblásturinn sækja þær í norrænar hefðir þar sem fara saman gömul gildi og ný sem henta nútíma lífsstíl. Færið hefur enn fremur fengið umfjöllun í erlendum hönnunartímaritum og skrifaði breska tímaritið ICON meðal annars um Færið sem nýja og upprennandi hönnuði.

Heimasíða Færisins er www.faerid.com

*heida@frettabladid.is*



Epikk-hillurnar bjóða upp á fjölda möguleika á uppröðun en þær er einnig hægt að nota með gömlu Hansahillunum. Epikk-hillurnar eru selda í Hrím á Akureyri. MYND/FÆRIÐ


Rauðakrosshúsið

Dagskrá vikunnar
Ókeypis fyrir alla

Mánudagur 28. júní

- Gleðin - Orsök og afleiðingar - Gleðin ætti að vera stór þáttur í lífi okkar, en það er hún ekki alltaf. Veltum gleðinni fyrir okkur. kl.13 -14
- Prjónahópur - Heklaðu og prjónaðu með okkur. kl. 13 -15
- Ömmur og afar - Hvaða hlutverki gegna amma og afi í lífi okkar? Umsjón: Valgerður Magnúsdóttir, sálfræðingur. kl.14:30 -15:30

Gönguhópurinn Njótandi og þjótandi - Gengið um höfuðborgarsvæðið þrisvar í viku (mán. kl. 13, mið. og fös. kl.10) og margvíslegir staðir skoðaðir. Upplýsingar um upphafsstaði hverju sinni á raudakrosshusid@gmail.com.

Þriðjudagur 29. júní

Mjög falleg 3ja herbergja, 99 m2 íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli við Blikahöfða í Mosfellsbæ. Fallegar kirsuberjainnréttingar í eldhúsi og svefnherbergjum. Parket og flísar á gólfum. Suðursvalir með miklu útsýni. **Eignin er laus til afhendingar strax!V. 19,9 m.** 4955

## Klapparhlíð - 270 Mosfellsbær




Mjög falleg 74,6 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í þriggja hæða fjölbýli við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö rúmgóð svefnherb., geymslu, baðherb./þvottaherb., stofu og eldhús. Stórar svalir í suðvestur. Frábær staðsetning! Auðveld kaup. **Áhvílandi lán hjá Íbúðalánasjóði ca. 19,7 m. V. 19,9 m.** 4962



LUNDUR
FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík

**www.lundur.Is**
**Sími: 533 1616**
**lundur@lundur.Is**

**Þjónustusími eftir lokun: 891-9916**
**– fax: 533 1617**
**Karl Gunnarsson, löggiltur fasteignasali.**
**Kristján P. Arnarsson, löggiltur fasteignasali**

**VANTAR ALLAR GERÐIR EIGNA Á SKRÁ.**
ÞAÐ ER LÍKLEGRA AÐ EIGN ÞÍN VERÐI SELD EF HÚN ER Á SÖLUSKRÁ HJÁ OKKUR.
ÞÚ BORGAR EKKERT EF VIÐ SELJUM EKKI. ÞAÐ KÖLLUM VIÐ SANNGJARNT.
**HRINGDU NÚNA OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ**
**VANTAR ALLAR GERÐIR EIGNA Á SKRÁ.**

ÞAÐ ER LÍKLEGRA AÐ EIGN ÞÍN VERÐI SELD EF HÚN ER Á SÖLUSKRÁ HJÁ OKKUR. ÞÚ BORGAR EKKERT EF VIÐ SELJUM EKKI. *ÞAÐ KÖLLUM VIÐ SANNGJARNT.*



**Laugarnesvegur - efri hæð.**
Björt og falleg 3ja herb. 74 fm efri hæð í tvíbýli í lokuðum botnlanga við Laugarnesveg. Skipti möguleg á stærra sérbýli t.d. raðhúsi eða parhús á verðbilinu 30 til 35 millj.
V. 21,9 m. 5364



**Grenimelur - 3ja herbergja í 107 R.**
Björt og rúmgóð ca 90 fm 3ja herbergja kjallaraíbúð með sérinngangi. Íbúð og hús í mjög góðu ástandi og mikið endurnýjað, m.a. þak, lagnir og fl. V. 21,6 m. 5918



**Álfholt - Hafnarfjörður.**
Skipti á minni eign. Falleg íbúð, efri hæð og ris um þ.bil 180fm. Tvíbýli ,sérinngangur.
Góðar stofur og 4 herbergi. Útgengi af svölum í garðinn. Áhvílandi langtímalán verð kr.35,9 millj.



**Einbýli á einni hæð með góðum bílskúr við Þykkvabæ í Árbæ**
Vorum að fá í sölu einkar gott einbýli á þessum einstaka stað í Reykjavík. Húsið er um 150 fm auk ca 40 fm bílskúrs, samtals um 190 fm. Góðar stofur. Uppgert glæsilegt eldhús. 3 til 5 herbergi. Afar skjölgóður garður með sólpalli, heitum potti og skjólveggjum.
Verð 58 millj 6092



**Syðri Brú - Grímsnes.**
Glæsilegt heilsárs orlofshús ásamt tilheyrandi ca 7.000 fm eignalandi á góðum útsýnisstaði í landi Syðri-Brúar í Grímsnesi. Húsið er í byggingu. Að utan er húsið nálægt því að vera fullbúið, inni eru komnir milliveggir, búið að einangra og plasta. Hluti lagnakerfis er frágengin og rafmagn komið í hús. V. 13,5 m. 6057



**Bláskógabyggð - sumarhús.**
6000 fm eignarland í Bláskógabyggð ásamt ca 20 fm sumarhúsi (gestahúsi) með góðri verönd. Gestahúsið er byggt 2004, stofa, eldhúskrókur og wc. Heitt og kalt vatn. Skipti á íbúð á Reykjavíkursvæðinu hugsanleg. V. 7,9 m. 5896



**Heklubyggð - Svínhagi - lóðir.**
Tvær samliggjandi eignarlóðir 7400 fm og 9600 fm (samtals um 1,7hektari) í landi Svínahaga ofarlega á Rangárvöllum. verð lóð kr.1,4.mlj og 1,3mlj en seljast saman á 2.2mlj
V.2,2 m. 6027



**Ný einbýlishús á Hvanneyri í Borgarfirði.**
Sóltún á Hvanneyri. Einbýlishús á einni hæð, samtals 145,4fm þar af íbúð 109,1fm og 36,3fm bílskúr. Húsið afhendist fullfrágengið að utan með grófjafnaðri lóð og að innan er húsinu skilað óeinangruðu.Byggingaraðili AKUR hf. Áhvílandi lán frá ÍLS um 16,2 millj.
V. 18,9 m. 5814



**Parhús við Lynghóla í Garðabæ.**
Vel staðsett 198 fm parhús á 2. hæðum með sérstæðum 34 fm góðum bílskúr. Stutt í skóla, íþróttahús og aðra þjónustu. Hagstæð áhvílandi lán. V. 49,9 m. 5667



**Raðhús í Bústaðahverfi - Tunguvegur.**
Gott ca 115 fm raðhús á 3 hæðum. 3. sv.herbergi. Suður garður. Talsvert endurnýjuð eign, m.a. gluggar, gler, lóð og verönd. V. 28,9 m. 6042



**Raðhús við Hagasel í Reykjavík.**
185 fm raðhús á tveimur hæðum. Innbyggður bílskúr. Öll efri hæðin hefur verið endurnýjuð, m.a. nýjar hurðir, skápar, gólfefni og innrétting í eldhúsi. Gólfhiti. Góð staðsetning.
V. 43,9 m. 6053



**Sérhæð - Norðlingaholt - Kólguvað.**
Ca 130 fm 4ra til 5. herbergja íbúð. Ný og fullbúin neðri sérhæð í tvíbýli - hornlóð og bílskúrsréttur. Góður kostur - lítil útborgun og hagstætt lán. Áhvílandi er um 33.500.000 með 4,15% vöxtum.
V. 35 m. 6081



**5 herb. + bílsk. við Hrísmóa í Garðabæ.**
Góð 5. herb. íbúð á 2. hæðum ásamt góðum bílskúr. Efsta hæðin í 3ja hæða fjölbýli með 6 íbúðum. Íbúðin er 145 fm, neðri hæðin 110 fm, loftið 35 og bílskúrinn 29 fm, samtals um 174 fm. Tvennar svalir, suður og vestur og frábært útsýni.



**Reyrengi. skipti á bíl.**
SKIPTI Á GÓÐRI BIFREIÐ.
YFIRTAKANLEGT LÁN FRÁ ÍBÚÐALÁNASJ.21MLJ VEXTIR 5,05% 3ja herb. ca.83fm íbúð á 2 hæð með sér inngangi af svölum. Sérþvottahús í íbúð
V. 22,9mlj 5417

Sími: 533 1616 • Fax: 533 1617 • www.lundur.is • lundur@lundur.is



Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330







Lampinn ber nafnið E27 og vísar þannig bæði nafnið og útlitið beint í hina upprunalegu ljósaperu Edisons.

Standlampinn Foto er ætlaður til heimilisins en hefur þó útlit stúdíóljósa. Hann fæst einnig sem loftljós og vegglampi.



Vatnsbrúsi hefur fengið nýtt og spennandi hlutverk sem lampinn Bottle.



Woodlamp gefur flóknum, rennilegum borðlömpum úr stáli langt nef í einfaldleika sínum. MYND/PÅL ALLAN

# Óvenjulegir lampar úr smiðju TAF

**Sænsku arkitektarnir Gabriella Gustafson og Mattias Ståhlbom reka saman hönnunarfyrirtækið TAF í Stokkhólmi. Í hönnun sinni leitast þau við að glæða hversdaginn einhverju óvenjulegu með litlum en áhrifamiklum breytingum á því hvernig hlutir líta út og hvernig þeir virka.**

Lampinn Woodlamp er þeirra mótspil við borðlampa sem venjulega birtist okkur í rennilegu stáli og flottum tæknilegum útfærslum.

Með einföldum skrúfum, sem ekkert er gert til að fela, er hægt að stilla hæð og stöðu lampans og rafmagnssnúran er einnig sýnileg, þrædd gegnum viðinn. Við fyrstu sýn gæti Wood lamp litið út fyrir að hafa verið klambrað saman en í einfaldleika sínum stendur hann þó fyllilega sem úthugsuð og vel útfærð vara sem glæðir hversdaginn einmitt einhverju óvenjulegu.

Sama má segja um lampann Bottle þar sem hversdagslegur og óspennandi hlutur hefur fengið nýtt hlutverk, en lampinn lítur út eins og vatnsbrúsi. Brúsann má hengja upp í loft eða á vegg og leggja hann frá sér, þess vegna á gólfið og nota lampann jafnt utandyra sem innan.



Arkitektarnir á bak við TAF Gabriella Gustafson og Mattias Ståhlbom hafa hlotið lof fyrir hressilega nálgun á vöruhönnun.

Gabriella og Mattias hafa vakið talsverða athygli í hönnunartímaritum og á sýningum fyrir óvenjulega og hressilega nálgun arkitekta á vöruhönnun.

Heimasíðan þeirra er www.taf-arkitektkontor.se. *- rat*



● **KÓKKASSA** og aðra kassa úr hörðu plasti eða við má hæglega nota til að útbúa flottan garðbekk eins og þennan sem sést hér á myndinni. Útfærslan er ekki aðeins einkar umhverfisvæn heldur líka mjög smart í alla staði. Kassar til dæmis í rauðum og gulum lit koma mjög sterkir inn.

# Fjörugrjót í nýju og óvæntu ljósi

Fjörugrjót í fallegum umbúðum gæti verið skondið heimilisskart. Kona sem kallar sig Margie heklar utan um steina og selur á netinu. Á vefsíðunni www.resurrectionfern.typepad.com er að finna myndir af fallegum steinum, klæddum í rómatískt hekl.

Hannyrðakonan Margie, sem segist sjálflærð í listinni að hekla, tekur einnig myndir af steinunum sem hægt er að kaupa sem veggmyndir og kort. Skemmtileg nálgun á náttúruna sem fer vel inni í stofu. Vefverslunin etsy.com selur einnig veggmyndirnar af steinunum meðal annars. *- rat*



Heklað utan um fallega steina.
MYND/WWW.RESURRECTIONFERN.TYPEPAD.COM






**● LÍFRÆNN ÁBURÐUR Í GARÐINN** Hægt er að verða sér úti um lífrænan áburð í öllum sveitarfélögum, til dæmis frá hesthúsum. Tilvalið er að grafa litlar holur hjá plöntunum, setja skítinn í og moka mold yfir. Þeir sem vilja fallegar grasflatir ættu að prófa að dreifa þurrum skít á, leyfa honum að rigna niður og raka að svo búnu afganginum saman og grafa niður í beð. Margvíslegur ávinningur er af notkun lífræns áburðs; gróðurinn verður bæði fallegur og gróskumikill og minna er notað af kemískum efnum. Heimild: wwww.vogar.is.



**● BURT MEÐ MOSANN** Á heimasíðu Byko eru uppgefin nokkur góð ráð til að losa við mosa úr garðinum. Í fyrsta lagi má nefna að til eru sérsniðin efni og tól sem hafa dugað vel gegn honum, svo sem mosaeyðir og mosatætari. Í öðru lagi er hægt að grisja hávaxin tré og hleypa þannig birtu á grasflötina. Þá er heillaráð að gata flötina og setja þriggja til fimm sentimetra lag af sandi yfir. Áburðarkalk er gott að bera á grasflötina (um það bil 15 kíló/100 m2) og blákorn/graskorn (um það bil 5 kíló/100 m). Blákorn er svo gott að bera á einu sinni á mánuði yfir sumarið og minnka skammtinn um eitt kíló í hvert skipti. Í einhverjum tilvikum þarf að leggja drenrör í lóðina til að draga úr rakanum í jarðveginum, en mosi dafnar vel á skuggsælum og rökum stað. Samkvæmt gömlu húsráði á það að duga vel gegn mosa að láta börnin leika sér í garðinum og traðka hann niður. Heimild: www.byko.is.

**● BARNINU RUGGAÐ Í SVEFN** Rockid er ruggustóll og vagga í einum og sama hlutnum eftir hollenska hönnunarfyrirtækið Ontwerpduo. Vöggustóllinn, ef hægt er að kalla hann svo, kom á markaðinn fyrr á þessu ári og er hugsaður til þess að geta vaggað barninu í svefn með sömu hreyfingu og þegar setið er í ruggustól með góða bók í hönd. Þegar barnið vex upp úr vöggunni er hægt að breyta henni í ruggustól.



Hönnuðirnir á bakvið Ontwerpduo eru Nathan Wierink og Tineke Beunders en þau útskrifuðust bæði árið 2008 frá Design Academy. Þau unnu mikið saman á námsárunum og eftir að þeim lauk kom ekki annað til greina en að stofna fyrirtæki saman. Heimasíðan þeirra er www.ontwerpduo.nl





# KEYPT & SELT

## Til sölu










Mikið úrval af saltkristal lömpum og kertastjökum. ditto.is Smiðjuvegi 4, græn gata. Kópavogi. Sími 517-8060 www.ditto.is

Flygill og húsgögn til sölu. Allt mjög gamalt. Uppl. í s. 553 0820 & 863 0820.

Erlendur gjaldeyrir til sölu, USA dollarar og Evrur, uppl. í síma 659 4221.

## Óskast keypt

**Gámur óskast keyptur**
**40 ft þurrgámur óskast keyptur. Upplýsingar í s. 861 3889.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumalltgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Fjölbreytt úrval! Krossviður-Gipsplötur- Einangrun-Þakpappi-MDF-Pallettutimbur. www.ulfurinn.is - s: 555 7905.

## Tilkynning

Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum
### - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

**Neysluvatnslögn Flóahrepps frá Selfossi að Ruddakróki, Flóahreppi.**
**Endurvinnsla á álgjalli, Grundartanga, Hvalfjarðarsveit.**
**Endurvinnsla á stáli, Grundartanga, Hvalfjarðarsveit.**
**Skálasvæði við Emstrur, Rangárþingi eystra.**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is.**
Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **29. júlí 2010.**

**Skipulagsstofnun**

## Verslun







## Ýmislegt

Til sölu 400 kg af Blákorn áburði. Frábært verð, Upplýsingar í síma 8978626

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

**NUDD - Tilboð - NUDD**
**Nudd kr. 3500,-**
Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 57 8 57 57 & 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

## Snyrting




# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

**SUMARSKÓLI: ICELANDIC- NORSKA - ENSKA f. fullorðna - STÆ 203/303/403, EÐL 103/203 - ANGIELSKI dla Polaków**
ICELANDIC: Level I: 4 weeks Md to Fr; 17:30-19. start 28/6, 3/8. Level II: 4 w: Md to Fr; 10-11:30, st: 12/7, 3/8. Level III: 4w:13-14:30 st: 28/6. ENSKA f. FULLORÐNA, 4 vikur, stig I, mán-fös kl 16-17:30: byrjar 28/6. NORSKA: 4 vikur, mán til fös 19:45-21:15, stig I: 28/6, stig II: 16/8. PRÓFÁFANGAR FRAMHALDSSKÓLA: STÆ/EÐL; byrja 5/7. ANGIELSKI dla POLAKÓW: 5 weeks. Level I, Md to Thu: 9-10:30 or 17:30-19. st. 16/8, 27/9. Level II: 11-12:30 st. 16/8, 27/9. Level III: 17:30-19. st. 16/8, 20/9. Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni á Ford Focus tdci disel ,07 Uppl. í s. 892 9490 & 557 9387, Guðný I. Einarsdóttir.

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Er með Phillips 50PF973D/37, 50 tommu plasma sjónvarp til sölu. Ásett verð er 120 þús. Sími 849 9296.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Góð 4. herb. íbúð í Austurbergi til leigu. Frá og með 2. júlí. Uppl. í S 820 0007.

40 fm studio íbúð á 1 hæð í einb 109 RVK. Mjög flott og björt, sér inngangur, nýjar innr. og gólf. S:664 8454

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Ódýr studíóíbúð í RVK, dags-helgar og vikuleiga. www.eyglo.is/accommodation gudglo@simnet.is

Til leigu í eina - 4 vikur 2ja herb. 70 fm. með húsg-ögnum í Þingholtum S: 777-5066

Til leigu frá lok ágúst 170 m2 einbýli á stórri lóð með útsýni yfir Elliðavatn. 180þ. Mögul. á leigu með húsg. Uppl. í síma 6960730

Íbúð til leigu í Vestmannaeyjum, helgar eða dagleiga. Svefnpláss fyrir 8. Þjóðhátíð farin. Uppl í S. 899 9066

## Húsnæði óskast

Reyklaust og reglusamt par óskar eftir 3 herb. íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu sem fyrst. Skilvísum greiðslum og áreiðanleika heitið. Uppl. í S 865 3706

Læknir óskar eftir íbúð í laugarneshverfi. Lágmark 3 herb. Hámark leiga 150 þús á mán. S. 661 7351

Par leitar eftir 3-4 herb. íbúð á stórhöfub.sv.. Erum m/ hund. Leiga má vera allt að 140þ. Þarf að vera laus strax. Uppl. í S. 823 6682

## Sumarbústaðir



Til sölu 20fm bjálkahús með 14fm verönd. Húsið er fullklárað með pípulögnum, 4x ofnum, sturtu, klósetti, handlaug, eldhúsinnréttingu, parketi. Í húsinu er bráðabirgða rafmagn. Húsið er staðsett í Reykjavík og er til sölu á 2,4 milj. Upplýsingar gefur Einar í síma 8989665 eftir kl 12.



Til sölu Sumarhús 85fm. Milliloft 55fm. Ásett verð 12,5m. Tilbúið til flutnings. Uppl í S. 864 7100, hafgolan@gmail.com og haffihar@simnet.is

Til sölu eignarlóðir Möðruvöllum 1 (Norðurnes) í Kjós. Upplýsingar í símum 5616521 og 8921938.

Til sölu lóð(ir) við austanvert Þingvallavatn, frábært útsýni yfir vatnið. Uppl. S: 899-6480

## Atvinnuhúsnæði



**Laugavegur 47 - skrifstofuhúsnæði á annari hæð til leigu. Til sýnis í dag milli kl. 16-18**
Til Leigu er ca. 74 fm. skrifstofuhúsnæði á annari hæð í nýlegu húsi á miðjum Laugavegi. Skiptist í opið rými, 1 skrifstofuherbergi, eldhúskrók og baðherbergi m. sturtu. Vönduð eign sem er laus nú þegar. Leiguverð kr. 75.000.- pr mánuð. Upplýsingar hjá Fold fasteignasölu í síma 552-1400 eða hjá eiganda í síma 848-4139

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

**Gisting RVK - Staðsett við Kringluna**
**2 herbergja íbúð fullbúin húsgögnum með svefnplássi fyir 2-4. Leigist 2 nætur í senn eða fleiri. Verð 15-18þús per. nótt. Uppl. í s. 843 9776 & 899 7188 eða limoutaxi@hotmail.com**

Til leigu 4ra herb. íbúð á Akureyri. Íbúðin er við KA svæðið. Leigist til skamms tíma, einn dag eða viku í einu í sumar. Uppl. í síma 820 0984

Halló. Orlofsíbúðir til leigu á Þingeyri við Dýrafjörð. Hótel Sandafell. S. 456 1600.

Gistiheimilið FAB Þelamörk Eyjafirði. Til leigu herbergi í sumar, morgunmatur fylgir. Sundlaug og barnvænt umhverfi. Uppl. í síma 820 0984 og á www.fabtravel.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Verslunin Augnakonfekt Laugavegi 95 óskar eftir traustri,snyrtilegri, reykl,starfskonu/manni. Ums sendast á kolbrun@augnakonfekt.is.

Óska eftir starfsfólki í ræsingar ofl. Fullt starf verður að tala og skilja íslensku umsóknir sendist á umsjon@visir.is

Kraftmiklir einstaklingar óskast. Óskum eftir starfsfólki í símasöluver okkar. Umsækjendur þurfa að vera 18 ára og eldri. Umsóknir sendist á simaver@kreditkort.is Kreditkort hf.

## Atvinna óskast

Starfsfólk frá Lettlandi óskar eftir vinnu: smiðir, verkamenn, bilstjórar, fiskvinnslufólk o.fl. S.8457158

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar







**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

www.volkswagen.is




# Sparar allt nema gæðin

Passat EcoFuel® er eitt best geymda leyndarmálið í íslenskri umferð. Visthæfur lúxusbíll sem gengur fyrir íslensku metaneldsneyti. Eldsneytiskostnaðurinn er því nær helmingi minni en hjá sambærilegri bensínbifreið. Auk þess leggur hann frítt í stæði í Reykjavík, 90 mín. í senn – og losar aðeins um 119 CO2 g/km. Íslenskt metan er unnið úr lífrænum efnum, því verður engin aukning koltvísýrings í andrúmsloftinu við bruna þess.

**Passat EcoFuel® kostar aðeins frá**

**3.890.000 kr.**

**Das Auto.**

**METAN** er innlendur orkugjafi

**METAN** er helmingi ódýrara en bensín

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

**KATHY BATES ER 62 ÁRA Í DAG.**



*„Ég reyni alltaf að verða ástfangin af þeim persónum sem ég leik. Um leið reyni ég að gæða þær trúverðugleika, þannig að þær gætu verið raunverulegur partur af veröldinni.“*

***Kathleen Doyle Bates er bandarísk leikkona og leikstjóri.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 28. JÚNÍ 1985**

## *Faxtæki og forgangspóstur*



Á þessum degi árið 1985 voru tvær byltingarkenndar nýjungar kynntar í póstþjónustu hérlendis, Notkun faxtækis annars vegar og svokallaður forgangspóstur hins vegar. Póstur og sími héldu blaðamannafund þennan dag og kynntu formlega „póstfaxtækin“, eins og þau kölluðust upphaflega, sem þá höfðu verið í takmarkaðri notkun hérlendis í eitt ár. Tækin gerðu fólki kleift að senda eina blaðsíðu af myndum, texta, eða öðru prentuðu efni, fyrir 218-630 krónur, eftir því hvers konar efni var sent, og þá hvert. Ekki þótti síst byltingarkennt að einungis tók efnið nokkrar mínútur að berast á milli landa. Faxtækin kostuðu þá um 300.000 krónur og samkvæmt talsmönnum Pósts og síma átti það verðlag að gera einstaklingum og stofnunum kleift að eignast eigið faxtæki.

Forgangspóstþjónustan var hefðbundin póstþjónustuna, nema að pósti undir slíkri þjónustu átti að kappkosta við að koma á áfangastað á eins skömmum tíma og hugsanlegt var. Í byrjun var þjónustan einungis veitt í nýju pósthúsi við Ármúla, póstburðargjaldið fyrir forgangspóst var þá 2.500 krónur. Sendingarnar voru sóttar til sendenda og bornar til viðtakenda og í fyrstu var einungis hægt að senda hann til viðtakenda í Finnlandi, Frakklandi, Hollandi, Lúxemborg, Stóra-Bretlandi, Sviss, Svíþjóð og Þýska sambandslýðveldinu.

### MERKISATBURÐIR

**1867** Grímur Thomsen kaupir Bessastaði og sest þar að.

**1908** Stjórnmálafundur er haldinn við Lagarfljótsbrú út af sambandslaga-„uppkastinu“.

**1912** Fyrsti leikurinn í fyrsta Íslandsmótinu í knattspyrnu fer fram á Melavellinum. KR gerir jafntefli við Fram.

**1947** Landbúnaðarsýning er haldin í Reykjavík. Helmingur landsmanna þá, 60.000 manns, sér hana.

**1959** María Andrésdóttir í Stykkishólmi neytir kosningaréttar síns, þá 100 ára. Hún nær 106 ára aldri.



**TOPPSKARFUR** Fullorðinn toppskarfur. MYND/JÓHANN ÓLI

**FUGL VIKUNNAR: TOPPSKARFUR**

## *Skemmtilegur sjófugl*

Hérlendis verpa tvær tegundir skarfa, toppskarfur og díláskarfur. Skarfar eru skyldir súlum og pelíkönum, tilheyra svokölluðum árfætluættbálki. Skarfar eru dökkir, grannir og langir sjófuglar, sem eru mjög sérhæfðir í köfun og eru í laginu eins og brúsar (lómur og himbrimi) og fiskiendur. Toppskarfur er nokkru minni og grennri en díláskarfur. Í varpbúningi er toppskarfur alsvartur með grænleitri slikju. Hann virðist hreistraður að ofan vegna dökkra fjaðrajaðra. Uppsveigður fjaðratoppur á höfði er einkenni fullorðinna fugla frá því í janúar fram á vor. Ungfugl er dökkbrúnn, með ljósan framháls, en ekki ljósleitur á bringu og kviði eins og ungir díláskarfar. Eftir köfun þarf toppskarfur að þurrka vængina og situr þá oft og blakar þeim, „messar“. Hann er fremur klaufalegur þegar hann hefur sig á loft. Toppskarfurinn heldur sig við strendur og sést nær aldrei inn til landsins eins og díláskarfur, sem sést oft á vötnum og ám fjarri sjó. Verpur í byggðum, er algengastur á lágum eyjum eða hólmum í Breiðafirði og Faxaflóa. Er einnig í lágum klettum, stundum í fuglabjörgum eða í stórgrýtisurðum. Hreiðrið er hraukur úr þangi, fóðrað með fjöðrum og grasi. Toppskarfi hefur fækkað á síðustu árum, en hann er allnokkuð veiddur.

SAGAMEDICA 10 ÁRA: FYRSTA KLÍNÍSKA RANNSÓKNIN Á HEILSUBÓTARVÖRU

# STÓRSÓKN ERLENDIS Í HAUST

SagaMedica fagnar 10 ára afmæli en fyrirtækið var stofnað 27. júní árið 2000. Fyrirtækið stendur á fleiri tímamótum því fyrsta klíníska rannsóknin á virkni heilsubótarvöru frá SagaMedica er nýhafin og er hún fyrsta íslenska náttúruvaran sem fer í gegnum rannsókn af því tagi. Doktor Sigmundur Guðbjarnason, fyrrum rektor Háskóla Íslands, hefur rannsakað íslenskar lækningajurtir í áratugi og SagaMedica var stofnað í kjölfarið á því rannsóknarstarfi.

„Ég hóf þessar rannsóknir í byrjun af hreinni forvitni. Fyrsta skrefið var að athuga þekkingararf liðinna kynslóða, hvaða jurtir voru notaðar hérlendis og við hverju og síðan fórum við í að mæla lífvirkni í íslenskum lækningajurtum. Úr þessum 40 jurtum völdum við fimm til frekari rannsókna, meðal annars ætihvönn, því hún hafði breiðari og meiri virkni en aðrar jurtir og hráefnissöfnun var auðveld,“ segir Sigmundur.

Rannsóknirnar voru í fyrstu unnar á Raunvísindastofnun Háskólans en fyrirtækið var fóstrað þar í fyrstu sem og á læknadeild Háskóla Íslands þar sem aðstaða var veitt og styrkir til grunnrannsókna komu frá Rannsóknarráði, Tæknisjóði og fleirum. Verkefnið var unnið af stúdentum og sérfræðingum Háskóla Íslands við þröngan fjárhag en ríkri hugsjón. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og í dag eru nokkrar náttúruvörur á markaði sem hafa verið þróaðar hjá SagaMedica.

Í dag eru í framleiðslu Angelica jurtaveig, Voxis hálsbrjóstsykur, Artic Angelica fyrir erlendan markað, SagaPro, Angelica töflur og SagaMemo. „Áhrifin af vörunum voru meiri og fjölbreyttari en gert var ráð fyrir. Sem dæmi hefur ætihvönn reynst vel við síþreytu, kvíða, magakvillum, kvefi og flensu, ristruflunum, gleymsku og minnistapi. Við vildum því athuga hvort einhverjar rannsóknir gætu stutt þessa reynslu notenda. Í ljós kom að unnt er að styðja þessar fullyrðingar með vísan í rannsóknir sem hafa verið gerðar í fjölmörgum rannsóknastofnunum og hafa verið birtar í ritrýndum vísindaritum. Jafnframt kom í ljós að mörg lífvirku efnin sýna samvirkni, hafa meiri virkni saman í blöndu en hvert fyrir sig.“

Fyrsta klíníska rannsóknin á virkni íslenskrar heilsubótarvöru er hafin en þessi vara er SagaPro. SagaPro er einkum notuð við tíðum þvaglátum karla á nóttu og konum með ofvirka blöðru. Klíníska rannsóknin er mikilvæg fyrir markaðssókn erlendis þar sem menn vilja haldbær rök fyrir gagnsemi og virkni náttúruvörunnar.

„Rík áhersla hefur alltaf verið lögð á öryggi vörunnar, meðal annars með dýratilraunum til að kanna hugsanleg skaðleg áhrif og í rannsóknum á virkni var samráð haft við lækna.“

Næstu skref að sögn Sigmundar eru meðal annars rannsóknir á fleiri jurtum og stórsókn erlendis. „Í haust er stefnan sett á markað í Kanada og Flórída, þar sem mikið af eldra fólki er, en vörurnar hafa reynst þeim aldurshópi afar vel. Markmiðið er og hefur verið að stuðla að bættri líðan landsmanna og að styrkja heilsu þeirra.“

**juliam@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**STÓRT SKREF FYRIR ÍSLENSKAN NÁTTÚRUVÖRUIÐNAÐ** SagaPro er fyrsta íslenska náttúruvaran sem fer í gegnum klíníska rannsókn en SagaMedica hyggst markaðssetja vöruna vestanhafs í haust. Sigmundur Guðbjarnason hefur rannsakað mátt íslenskra lækningajurta í áratugi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og vinur,*

**Halldór Hjálmarsson,**

húsgagna- og innanhússarkitekt,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 29. júní kl. 13.00.

**Skafti Þ. Halldórsson** **Sigríður Hagalínsdóttir**
**Örn Þór Halldórsson**
**Anna Margrét Halldórsdóttir** **Ragnar Birgisson**
**Erla Rúriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingveldur Óskarsdóttir Thorsteinson,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ aðfaranótt sunnudagsins 20. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 30. júní kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á hjúkrunarheimilið Skógarbæ.

**Margrét Fafin Thorsteinson** **Páll Svavarsson**
**Steinunn Thorsteinson**
**Jóhanna Thorsteinson** **Bergur Bergsson**
**Anna Björg Thorsteinson** **Sigursteinn Sævar Einarsson**
**Birgitta Thorsteinson** **Magnús G. Benediktsson**
**Steingrímur Árni Thorsteinson** **Ásta Kristín Svavarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristján Hilmar Jónsson**

Bylgjubyggð 39b, Ólafsfirði,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar sunnudaginn 20. júní. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju þriðjudaginn 29. júní kl. 14.

**Ásta Helgadóttir**
**Freygerður Dana Kristjánsdóttir** **Ingibergur Þorkelsson**
**Hilmar Kristjánsson** **Birna Óskarsdóttir**
**Jóna Kristín Kristjánsdóttir** **Eiríkur Pálmason**
**Sigurbjörg Kristjánsdóttir** **Árni Jón Straumberg Guðmundarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

www.frettabladid.is | 512 5000

# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR ALLA

## Enn betra aðgengi að Fréttablaðinu

Breytingar voru gerðar á frídreifingu og lausasölu Fréttablaðsins 1. júní. Blaðinu er áfram dreift ókeypis í lúgur og Fréttablaðskassa kjarnadreifingarsvæði* okkar. Nýbreytnin felst í að frídreifingu í verslunum og á bensínstöðvum á kjarnadreifingarsvæði verður hætt, en blaðið í staðinn selt í lausasölu um land allt samhliða fyrrgreindri frídreifingu heim eða í hverfi. Lausasölustöðum verður fjölgað til muna auk þess sem fjöldi Fréttablaðskassa í íbúðahverfum verður nærri þrefaldaður, úr 60 í um 170. Nánari upplýsingar um dreifingu Fréttablaðsins má nálgast á **visir.is/dreifing**.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á visir.is eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




## Fjöldi lausasölustaða á Suðurlandi

Olís, Selfossi
Krónan, Selfossi
Bónus, Selfossi
N1 Fossnesti, Selfossi
N1 verslun Selfossi
Verslunin Árborg, Selfossi
Bjarnabúð, Brautarhóli (Reykholti)
Ferðaþjónustan Úthlíð
Þrastalundur, Grímsnesi
Minni-Borg, Grímsnesi
N1, Hveragerði
Bónus, Hveragerði
Glóðarsel, Laugarvatni
Olís, Hellu
Söluskálinn Landvegamótum
N1, Hvolsvelli
Söluskálinn Björk, Hvolsvelli
N1 Skaftárskáli, Kirkjubæjarklaustri
Skýlið, Vestmannaeyjum
Vöruval, Vestmannaeyjum
N1, Vestmannaeyjum
Olís, Vestmannaeyjum
Krónan, Vestmannaeyjum




**Allt sem þú þarft...**

*Kjarnadreifingarsvæði Fréttablaðsins er höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Stokkseyri, Eyrarbakki, Hveragerði, Selfoss, Borgarnes, Akranes, Reykjanesbær, Þorlákshöfn, Keilir, Garður, Sandgerði, Grindavík og Vogar.

# Ábyrgð í undirheimum

**BAKÞANKAR** Júlíu Margrétar Alexandersdóttur



Fullorðnir eiga oft í mestu vandræðum með að þræla sér í gegnum dags dagleg mannleg samskipti. Enda eru þau sannarlega ekki alltaf rakin. Fjölskyldur eru flóknari þar sem oft óskyldur hópur kemur að einu barni. Tvær mömmur og tveir pabbar, sumarfrí sem þarf að skipuleggja og uppeldisaðferðir sem þarf að samræma. Fjölskyldan er ekki lengur afmarkaður kjarnakimi sem getur tekið ákvarðanir sóló. Samsett fjölskylda í Álfheimum sem vill víxla pabbahelgum, getur átt í mestu vandræðum þar sem uppstokkun á helginni þýðir að faðirinn með helgarnar í Vesturbænum þarf þá að samræma helgarnar með börnum nýju konunnar í Mosó. Stjúptengslakeðjan getur spannað mörg bæjarfélög og haft áhrif allt norður á Húsavík.

**FLÓKNARI** fjölskyldutengsl eru þó ekki ein og sér að valda vandræðum. Aldurshópurinn sem lærði á tölvupóst eftir árið 2000 og spilaði ekki Super Mario Bros virðist stundum eiga jafn erfitt með að fóta sig á netinu og unglingar sem eru enn að læra á almenn samskipti í lífinu. Síðast á föstudag tók formaður Ungra vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu til máls á flokksráðsfundi VG og átaldi flokksfélaga sína fyrir óvandaða framkomu. „Það er óheiðarlegt að gefa í skyn á fésbókinni, verandi með hátt í tvö þúsund vini, að hinn og þessi hafi ekki verið nógu góður við sig og leyfa svo öllum vinunum að geta í eyðurnar.“

**ÞAÐ** var undarleg lífsreynsla að slást í för með 12 ára barni um netheima um daginn og ekki laust við að eftir þá heimsókn hafi mig langað til að koma einhverju svipuðu áleiðis til foreldra og Snærós Sindradóttir kom til skila á áðurnefndum flokksráðsfundi. Þrátt fyrir 13 ára aldurstakmark virtist stór hluti skólafélaga hafa aðgang að facebook. Vinirnir telja á hundruðum, foreldrarnir eru alls ekki alltaf hluti af þeim vinum, og skrif hvers konar um náungann, bekkjarfélaga eða jafnvel börn í öðrum hverfum, standa þeim til háðungar.

**Á MEÐAN** fullorðið fólk, jafnvel sjálfur þingheimur, á erfitt með að stíga til jarðar á netinu er varla hægt að ætlast til þess að börn geti það hjálparlaust. Aukin tölvunotkun ungmenna er staðreynd en aukið eftirlit foreldra virðist ekki fylgja eftir. Kannski er það skortur á kunnáttu, en það er þá hvers foreldris að tileinka sér hana. Eftirlitsleysi með tölvunotkun barna getur verið jafn alvarlegt og að skilja þau eftir um miðja nótt á Lækjartorgi. Og það er hálfaumkunarvert ef við fullorðna fólkið látum hugsunarleysi okkar sliga góða vinnu gegn einelti undanfarin ár.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Alicia Keys blessuð



Alicia Keys lét fyrir skömmu blessa ófætt barn sitt að hefðbundnum Zulu-sið og fengu Alicia og maður hennar, Swizz Beatz, ásamt ófæddu barni þeirra Zulu-nöfn undir fíkjutré, sem er talið gefa bæði góða heilsu og lukku.

Athöfnin fór fram í S-Afríku, þar sem litla fjölskyldan var stödd vegna tónleika Keys á HM, en Alicia Keys fékk einnig sérstaka blessun að Zulu-sið fyrir framlag sitt til hjálparstofnunar Bobbi Bear, sem berst fyrir því að hjálpa börnum sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi.

Það er svo bara að vona að blessun Zulumanna komi barni og fjölskyldu Keys vel í framtíðinni.

**SÆL OG BLESSUÐ** Zulu-blessunin kemur sér vonandi vel fyrir bæði Aliciu og ófætt barn hennar.

# Skilnaðurinn á lokastigi

Eins og áður hefur komið fram komst upp um framhjáhald kylfingsins Tiger Woods með á annan tug kvenna á síðasta ári. Nú er svo komið að skilnaður hans og eiginkonu hans Elin Nordegren er á lokastigi.

Parið fyrrverandi náði samkomulagi sín á milli um flest atriði í skilnaðinum. „Bæði Tiger og Elin eru mjög nálægt því að klára samkomulagið og er þá undirskriftin ein eftir,“ segja heimildarmenn.

Elin Nordegren, fyrrverandi kona Tigers, má gera ráð fyrir því að fá um 750 milljón dollara í sinn hlut en það eru um 96 milljarðar íslenskra króna. Þó þessi upphæð sé há er spurning hvort hún bæti fyrir sársaukann og niðurlæginguna sem kylfingurinn olli henni og fjölskyldunni. En þetta er þó sennilega miklu meira en nóg til þess að byrja nýtt og betra líf.

Konurnar sem Tiger átti ástarævintýri með áttu ýmislegt sameiginlegt. Ekki einungis héldu þær í vonina um að þær væru „hans eina“ heldur voru þær með svipað starfsheiti. Hjákonurnar unnu ýmist á bar eða voru fyrrverandi og núverandi klámmyndaleikkonur. Eftir að Rachel Uchitel, opinberaði samband sitt við kylfinginn, komu konurnar fram ein af annarri með sögur og sannanir um samböndin.



**Á MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** Skilnaðurinn er nú að ganga í gegn og ætti Elin að ná að byrja nýtt og betra líf von bráðar.



**SLÆR HEIMSMET** GAGA á nú þrjú lög sem hefur verið halað niður fjórum milljón sinnum.

# Heimsmet í niðurhali

Nýlega var það tilkynnt að söngkonan Lady Gaga hefur sett heimsmet.

Hún er nú fyrsti og eini listamaðurinn í sögu tónlistarniðurhals sem á þrjú lög sem náð hafa því að vera halað niður fjórum milljón sinnum. Lögin sem um ræðir eru Poker Face, Just Dance og Bad Romance.

Þetta er frábær árangur og má ætla að söngkonan furðulega sé einstaklega ánægð með þessar niðurstöður. Sérstaklega með það fyrir augum að hún telst frekar ný í bransanum.

# Tvær Ölbur?

**Jessica Alba stoppaði nýverið kínverska stúlku sem hafði áætlað að fara í allsherjar lýtaaðgerð sem átti að gera stúlkuna líkari leikkonunni.**

**Að öllum líkindum er þetta ekki daglegt brauð hjá Alba, en hin 21 árs gamla Xiaoqing vildi ólm gangast undir lýtaaðgerðina, allt til þess hún gæti unnið ástir fyrrverandi kærasta síns á ný – en uppáhalds leikkona hins fyrrverandi er einmitt Jessica Alba. Inngrip Alba virðist hafa virkað, en hin unga Xiaoging mun ekki gangast undir aðgerðina, þrátt fyrir að lýtalæknar hafi boðið henni aðgerðina fría.**



Sumir hefðu líklega ekkert á móti því að vita af tveimur ölbum, enda leikkonan gullfalleg.




SAMBÍÓIN










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 5:40 - 8 - 10:20D | 16 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:45 | VIP |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D M/ ísl. Tali | 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 - 10:20 | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 | VIP |
| THE LOSERS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 3:20 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 8 | L |
| THE LOSERS | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LONDON ASSURANCE LIVE | kl. 6 | 16 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 9D - 11:10D | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40 (3D) | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) - 10:20(3D) | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5:30 - 8:30 | L |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | Sýnd á morgun kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:20 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl tal | kl. 5:40(3D) | L |
| TOY STORY 3 - 3D ensku tal | kl. 8 (3D) | L |
| PRINCE OF PERSIA | kl 6 | 10 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 9 | 12 |

já - er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!










SMÁRABÍÓ
SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| GROWN UPS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| GROWN UPS LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| THE A-TEAM | kl. 8 - 10.40 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3D íslenskt tal | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| TOY STORY 3 3D enskt tal/ ótextað | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ
SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| GROWN UPS | kl. 6 - 9 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 6 - 9 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 6 - 9 | 12 |
| SNABBA CASH | kl. 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ
SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| GROWN UPS | kl. 5.50 - 8 - 10 | L |
| THE A-TEAM | kl. 5.50 - 8 - 10.15 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| GROWN UPS | 4, 6, 8 og 10 | 10 |
| A-TEAM | 10 | 16 |
| STREET DANCE 3-D | 4, 6 og 8 | 7 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 4 | L |



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**LÆTUR ALLT FLAKKA** Nektarmyndir af Ásdísi Rán þekja 12 blaðsíður í næsta tölublaði búlgarska Playboy.

# Lifir á kjúklingabringum í undirbúningi fyrir Playboy

**Ásdís Rán hyggst fækka fötum fyrir karlatímaritið Playboy á næstu dögum. Útkoman er væntanleg í lok júlí, en myndirnar af Ásdísi verða alls 20.**

„Mér finnst ekkert mál að láta mynda mig á baðfötum, en nakin er annað mál! Ég kvíði mikið fyrir þessu, en það er úrvalsfólk sem sér um myndatökuna sem á eflaust eftir að gera allt til að láta mér líða vel í tökunum,“ segir athafnakonan og fyrirsætan Ásdís Rán.

Ásdís ætlar að sitja nakin fyrir í búlgarska Playboy sem kemur út í lok júlí. Myndaþátturinn þekur 12 síður í blaðinu og myndirnar verða 20 talsins. Ásdís segir það svolítið skelfilega tilhugsun, en hún hafði lengi íhugað að taka tilboði um að sitja fyrir í blaðinu. „Ég ákvað að láta til skarar skríða núna og er mjög ánægð með þessa ákvörðun,“ segir Ásdís. „Ég stefni á að sýna líkama minn stolt sem þriggja barna móðir á fallegan hátt.“

Hversu mikið færðu borgað?

„Ég get ekki gefið upp launin, þau eru trúnaðarmál. En ég er mjög sátt við þennan samning og þetta er án efa best launaða verkefni mitt hingað til. Ég er bara þakklát fyrir að geta unnið mér inn þessi laun fyrir eins dags vinnu.“

Ásdís er gift fótboltamanninum Garðari Gunnlaugssyni. Hann átti stóran þátt í ákvörðun hennar. „Það var í rauninni Garðar sem hafði valdið til að taka lokaákvörðunina. Hann hvatti mig til þess ásamt öðrum fjölskyldumeðlimum,“ segir Ásdís. „Ég fæ stuttan undirbúningstíma, en takan er eftir tíu daga í Grikklandi svo að núna er ég bara í ræktinni og lifi á kjúklingabringum – svona aðeins til að móta mig til fyrir stóra daginn.“

atlifannar@frettabladid.is

## FRÆG ANDLIT Í PLAYBOY



Fjölmargar heimsþekktar konur hafa fækkað fötum á síðum Playboy. **Pamela Anderson** hefur ósjaldan prýtt forsíðu bandarísku útgáfu blaðsins og **Kim Kardashian** sat fyrir í blaðinu árið 2007. Á meðal annarra sem hafa látið allt flakka í Playboy eru leikkonurnar **Drew Barrymore**, **Tara Reid** og söngkonan **Debbie Gibson**.

**28** lönd þar sem Playboy er gefið út í sérútgáfu.

**HEIMILD:** PLAYBOYENTERPRISES.COM

# Vilja að pabbi Beyoncé stígi til hliðar



Ofurstjarnan Beyoncé Knowles er brjáluð út í föður sinn eftir að upp komst að hann hélt fram hjá móður hennar og eignaðist barn með ástkonu sinni. Beyoncé talar ekki við pabba og það er byrjað að hafa áhrif á feril hennar þar sem hann er og hefur alltaf verið umboðsmaður hennar.

Columbia, útgáfufyrirtæki Beyoncé, hefur nú komið þeim skilaboðum áleiðis að hann stígi til hliðar og hætti sem umboðsmaður. Ef hún ræður sér annan umboðsmann yrði það í fyrsta skipti sem einhver annar en faðir hennar sér um ferilinn.

„Beyoncé er gríðarlega ósátt við föður sinn, enda leit hún ávallt upp til hans,“ er haft eftir heimildamanni í fjölmiðlum vestanhafs. „Hún og móðir hennar eru mjög nánar þannig að þetta var mikið áfall fyrir hana.“

Faðir Beyoncé átti í eins og hálfs árs ástarsambandi við leikkonuna Alexöndru Wright og eignaðist með henni barn á dögunum.

**BÁLREIÐ** Beyoncé er ekki sátt við pabba sinn.



**FRIÐUR, ROKK OG RÓL** Paul McCartney er með munninn fyrir neðan nefið. Eins og myndin sýnir.

# Rokk og ról?

Paul McCartney er ekki vel liðinn í Hvíta húsinu þessa dagana, en McCartney gerði grín að fyrrum forseta Bandaríkjanna, Georg W. Bush. Ekki voru allir á eitt sáttir um húmor McCartney, en hann gerði sumsé grín að því að nú væri loksins kominn forseti (Barack Obama) sem vissi hvar bókasafnið í Hvíta húsinu væri, eftir langa, átta ára fjarveru forsetans frá því. McCartney kærði sig kollóttan þótt ummæli hans hafi fallið í grýttan jarðveg og ásakaði starfsmenn Hvíta hússins um húmorsleysi. „Come on, it's rock and roll!“ sagði McCartney.

# TIL HAMINGJU ÍSLAND!



Velkomin í nýja og endurbætta Dressmann Verslun. Góð tilboð í boði

## Gallabuxur

frá **2990,-**

## Skyrtur

frá **2990,-**

DRESS MANN

KRINGLAN-5680800. SMÁRALIND-5659730. LAUGAVEGUR-5629730. AKUREYRI-4627800.

## > Hlynur og Tinna unnu

Selfyssingurinn Hlynur Geir Hjartarson úr GK vann öruggan sigur á Canon-mótinu um helgina en mótið er liður í Eimskipsmótaröðinni. Hlynur kom í hús á þremur höggum undir pari en Arnar Snær Hákonarson var á pari. Hlynur spilaði mjög vel í gær og byrjaði á því að ná fjórum fuglum á fyrstu sex holunum. Tinna Jóhannsdóttir úr GK vann í kvennaflokki þar sem þrjár stúlkur fóru í bráðabana. Þar hafði Tinna betur gegn Valdísi Þóru Jónsdóttur úr GL og Nínu Björk Geirsdóttur úr GKj.



**sport**
sport@frettabladid.is

**WILLUM ÞÓR ÞÓRSSON:** KOM, SÁ OG SIGRAÐI Á SÍNUM GAMLA HEIMAVELLI MEÐ KEFLAVÍK

# *Aukið tilfinningalegt vægi fyrir mig að koma hingað*

Keflvíkingar tylltu sér á topp Pepsi-deildarinnar í gær en liðið sigraði Valsmenn sannfærandi, 0-2, á Vodafone-vellinum. Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflvíkinga, var mættur á gamla slóðir og fór frá Hlíðarenda með öll stigin eftir að hafa dansað skemmtilega á hliðarlínunni allan leikinn. Willum Þór var mjög ánægður með sína menn eftir leikinn í gær.

„Ég er gríðarlega ánægður með liðið og hvernig við spiluðum leikinn á móti mjög vel mönnuðu Valsliði þar sem Gunnlaugur hefur verið að gera gott starf. Við vissum það að við þurftum að eiga okkar besta leik til að sigra þennan slag. Þetta hefur aukið tilfinningalegt vægi fyrir mig en við náðum nú að leggja það til hliðar," sagði Willum Þór eftir að liðið komst á toppinn í gær.

„Við spiluðum mjög vel í dag. Baráttuandinn og kraftúrinn bæði í vörn og sókn var alveg frábær. Við náðum samt ekki að nýta þessa yfirburði í fyrri hálfleik og vissum það að þeir fengju sín færi í þessum leik. Hvernig við náðum svo að spila seinni hálfleikinn af krafti og trú held ég að það gefi bara vísbendingu um það hversu sterk liðsheild er í Keflavíkurliðinu núna," bætti Willum við en hann var í sigurvímu eftir leik og viðurkenndi að auðvitað væri sérstakt fyrir hann að koma aftur á Hlíðarenda.



„Það er auðvitað aukið tilfinningalegt vægi fyrir mig að koma hér þar sem maður þekkir allt og alla en við náðum að leggja það til hliðar, held ég, og einblína á leikinn og andstæðinginn. En þetta er bara alveg það sama og þegar ég var að fara með Val á KR-völlinn og KR á Þróttaravöllinn svo að það er alltaf eitthvað sérstakt við þetta. Ég átti feikilega fín ár hér á Hlíðarenda þannig að það er auðvitað aukið vægi. Þrjú stig hér er gríðarlega gott á þessum erfiða velli," sagði Willum brosandi í leikslok.

**- rog**

| | 0-0 | |
|---|---|---|
| **Fram** | | **Haukar** |

Laugardalsv., áhorf.: Fáir. Magnús Þórisson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–5 (4–1) |
| Varin skot | Hannes 1 – Daði 4 |
| Horn | 3–1 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–14 |
| Rangstöður | 2–1 |

| **FRAM** 4–3–3 | | **HAUKAR** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Hannes Halldórsson | 5 | Daði Lárusson | 6 |
| Sam Tillen | 5 | Gunnar Ásgeirsson | 5 |
| Jón Guðni Fjóluson | 6 | Kristján Ó. Björnsson | 6 |
| Jón Orri Ólafsson | 7 | ***Daníel Einarsson** | **7** |
| Daði Guðmundsson | 5 | Pétur Gíslason | 5 |
| Halldór H. Jónsson | 5 | Hilmar Geir Eiðsson | 6 |
| Jón Eysteinsson | 5 | Guðjón Lýðsson | 5 |
| (87., Hlynur Magn. | -) | Hilmar Emilsson | 5 |
| Almarr Ormarsson | 6 | (77., Grétar Grétars. | -) |
| (77., Guðm. Magn. | -) | Ásgeir Ingólfsson | 6 |
| Ívar Björnsson | 5 | Úlfar Pálsson | 6 |
| Hjálmar Þórarins. | 4 | (67., Stefán Jónsson | 5) |
| (65., Joe Tillen | 5) | Arnar Gunnlaugsson | 7 |
| Tómas Leifsson | 6 | | |

**Maður leiksins*

Markalaust hjá Fram og Haukum í Laugardalnum:

# Bragðdauft jafntefli

**FÓTBOLTI** Leikur Fram og Hauka sem fór fram í gær fer seint í sögubækurnar fyrir skemmtun. Lítið var af færum og einkenndist leikurinn af miðjubaráttu og markaleysi.

Haukarnir eru enn sigurlausir en héldu hreinu í fyrsta sinn í ár. Fram hins vegar missti möguleikann á að komast á toppinn, þeir eru þó aðeins tveimur sigrum frá toppsætinu.

„Fyrirfram hefði ég verið ánægður með stigið og ég er ánægður með þetta stig á útivelli. Mér fannst við þó alltaf líklegri. Við bíðum þó enn þá mjög spenntir eftir fyrsta sigrinum í Hafnarfirðinum," sagði Andri Marteinsson, þjálfari Hauka.

„Stig er stig, við stefndum á þrjú stig, en við héldum þó hreinu," sagði Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram. „Leikurinn var hægur, komst aldrei neitt tempó af stað, hann var í daufari kantinum. Við höfum hins vegar spilað tvo góða leiki að undanförnu og það er ekki hægt að spila alla leiki á fullu tempói."

**- kpt**



**DAÐI LÁRUSSON** Hélt hreinu í fyrsta skipti í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FLJÓTIR AÐ SKORA** Breiðablik skoraði strax á 3. mínútu í gær. Hér fagna þeir marki Olgeirs Sigurgeirssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Guðmundur launaði KR lambið gráa

## Heppnismark Guðmundar Péturssonar, fyrrum leikmanns KR, tryggði Blikum sigur á KR í gær.

**FÓTBOLTI** Breiðablik er komið í bullandi toppbaráttu eftir afar sterkan sigur á KR, 2-1, í leik þar sem KR hefði átt að gera mun betur. Meistarakandídatarnir úr Vesturbænum klúðruðu þar með gullnu tækifæri til þess að blanda sér í slaginn og sitja eftir í neðri hlutanum.

Guðmundur Pétursson mátti hafa mikið fyrir því að komast frá KR til Breiðabliks fyrir tímabilið og íhugaði á tímabili að fara með mál sitt fyrir gerðardóm. Hann var afar ósáttur við að fá ekki að fara frá KR. Á endanum greiddi Breiðablik væna upphæð fyrir leikmanninn og hann launaði KR síðan lambið gráa með því að skora sigurmarkið í gær.

Markið var af ljótari gerðinni. Varnarmaður KR ætlaði að hreinsa boltann frá marki, skaut í Guðmund og af honum fór boltinn yfir Lars Ivar Moldsked í marki KR og í netið. Algjörlega lygilegt mark.

„Þetta er með ljótari mörkum sem ég hef gert og einnig með þeim ljúfari. Það var ekkert að skemma fyrir að þetta mark kom gegn KR," sagði Guðmundur brosmildur eftir leikinn.

Blikar byrjuðu leikinn betur og nýttu sér það að KR-ingar voru steinsofandi í upphafi leiks með því að skora á þriðju mínútu. Markið vakti KR-inga til lífsins og smám saman tóku þeir öll völd á vellinum. Viktor Bjarki jafnaði um miðjan hálfleikinn.

Í síðari hálfleik réð KR lögum og lofum á miðjunni en fékk ekki mikið af færum. Þau komu þó nokkur og Björgólfur Takefusa hefði að ósekju átt að skora í þessum leik. Takturinn í Blikaliðinu breyttist síðan þegar Guðmundur kom af bekknum og sóknarlotur þeirra stórhættulegar. Sigurmarkið var síðan heppnismark.

KR-ingar voru að leika ágætlega í þessum leik en það fellur ekkert með þeim. Þess utan virðist sjálfstraust sóknarmanna liðsins vera lítið og KR-ingar skora alls ekki nógu mikið. Þrautarganga þeirra heldur því áfram.

„Það er erfitt að lýsa því hversu sárt það er að hafa klúðrað þessum leik. Miðað við hvernig deildin er að spilast er með ólíkindum að við séum ekki að drattast til að hanga með í þessu. Við erum að skapa færi en það er einhver stífla hjá sóknarmönnum liðsins," sagði svekktur þjálfari KR, Logi Ólafsson.

**henry@frettabladid.is**

| | 2-1 | |
|---|---|---|
| **BREIÐABLIK** | | **KR** |

*1-0 Olgeir Sigurgeirsson (3.)*
*1-1 Viktor Bjarki Arnarsson (33.)*
*2-1 Guðmundur Pétursson (74.)*

Kópavogsvöllurinn, áhorf.: 1.383
Dómari: Erlendur Eiríksson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–15 (9–8) |
| Varin skot | Ingvar 6 – Lars 8 |
| Horn | 7–9 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–14 |
| Rangstöður | 3–8 |

**Breiðablik 4–4–2** Ingvar Kale 6 - Arnór Aðalsteinsson 6, Kári Ársælsson 6, Elfar Helgason 6, Kristinn Jónsson 7 - Guðmundur Kristjánsson 3 (63., Guðmundur Pétursson 7), Finnur Orri Margeirsson 4, Olgeir Sigurgeirsson 5 (72., Andri Yeoman -), Jökull Elísabetarson 5 - Alfreð Finnbogason 6, Kristinn Steindórsson 4 (85., Árni Gunnarsson -).

**KR 4–3–3 *Lars Moldsked 7** - Skúli Jón Friðgeirsson 5, Mark Rutgers 6, Grétar Sigurðarson 6, Guðmundur Gunnarsson 6 - Baldur Sigurðsson 6, Bjarni Guðjónsson 6, Viktor Bjarki Arnarsson 5 (78, Gunnar Örn Jónsson -), Óskar Örn Hauksson 3 (85., Gunnar Kristjánsson -), Björgólfur Takefusa 4.





KFC LIÐIÐ
HM FATA
Sæktu HM fötu
á KFC fyrir leikinn
pepsi
It's Finger Lickin' Good
KFC
HM fata KFC er sneisafull af gómsætum kjúklingabitum.
Fullkomin yfir fótboltanum.
Njóttu hennar í góðra vina hópi.
HM er bara á fjögurra ára fresti – höfum það almennilegt.
10 kjúklingabitar, stór skammtur af frönskum og 2l Pepsi á aðeins
2.990 kr.
KFC
BETRA BRAGÐ Í 30 ÁR
www.kfc.is
GRAFARHOLT - HAFNARFIRÐI - KÓPAVOGI - REYKJAVÍK- SELFOSSI - REYKJANESBÆ - MOSFELLSBÆ - FOSSVOGI
0 GRÖMM TRANS-FITA

Coca-Cola FAGNAÐU Á ÞINN HÁTT!

## ÚRSLIT

*HM 2010:*

**England-Þýskaland** **1-4**
0-1 Miroslav Klose (19.), 0-2 Lukas Podolski (31.), 1-2 Matthew Upson (37.), 1-3 Thomas Muller (67.), 1-4 Thomas Muller (70.).

**Argentína-Mexíkó** **3-1**
1-0 Carlos Tevez (26.), 2-0 Gonzalo Higuain (33.), 3-0 Carlos Tevez (52.), 3-1 Javier Hernandez (71.).
*Argentína og Þýskaland mætast í átta liða úrslitum keppninnar.*

**Úrúgvæ-Suður-Kórea** **2-1**
1-0 Luis Suarez (8.), 1-1 Lee Chung-Yong (68.), 2-1 Luis Suarez (80.).

**Bandaríkin-Gana** **1-2**
0-1 Kevin-Prince Boateng (5.), 1-1 Landon Donovan, víti (62.), 1-2 Asamoah Gyan (93.).
*Úrúgvæ og Gana mætast í átta liða úrslitum keppninnar.*

### Valur 0-2 Keflavík

Vodafonevöllur, áhorf.: 827 Jóhannes Valgeirsson (6)

*0-1 Guðjón Árni Antoníusson (51.)*
*0-2 Brynjar Guðmundsson (84.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–15 (4–6) |
| Varin skot | Kjartan 4 – Ómar 4 |
| Horn | 7–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–15 |
| Rangstöður | 4–0 |

| **VALUR** 4–5–1 | | **KEFLAVÍK** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Kjartan Sturluson | 5 | Ómar Jóhannsson | 6 |
| Martin Pederson | 5 | Alen Sutje | 6 |
| Reynir Leósson | 6 | Guðjón Antoníusson | 7 |
| Atli Þórarinsson | 5 | Haraldur Guðmunds. | 7 |
| Gregg Ross | 5 | Paul McShane | 7 |
| Sigurbjörn Hreiðars. | 7 | (85., Sigurður Sævar. | -) |
| Rúnar Sigurjónsson | 6 | Einar Einarsson | 6 |
| Guðm. Hafsteinsson | 4 | Guðm. Steinarsson | 6 |
| (75., Baldur Aðalst. | -) | (67., Ómar Sigurðs. | 6) |
| Arnar Geirsson | 5 | ***Magnús Þorst.** | **8** |
| Ian Jeffs | 5 | Magnús Matthíasson | 6 |
| (67., Jón Ákason | 5) | (52., Brynjar Guðm. | 7) |
| Danni König | 5 | Bjarni Aðalsteins. | 7 |
| (85., Viktor Illugas. | -) | Hólmar Rúnarsson | 6 |

**Maður leiksins*

### FH 1-3 Stjarnan

Kaplakrikavöllur, áhorf.: 823 Þorvaldur Árnason (8)

*1-0 Ólafur Páll Snorrason (20.)*
*1-1 Halldór Orri Björnsson (víti 68.)*
*1-2 Ellert Hreinsson (75.)*
*1-3 Baldvin Sturluson (90.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–8 (3–4) |
| Varin skot | Gunnl. 0, Gunnar 1 – Bjarni 1 |
| Horn | 2–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–13 |
| Rangstöður | 2–2 |

| **FH** 4–3–3 | | **STJARN.** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Gunnleifur Gunnl. | 5 | Bjarni Þórður H. | 5 |
| Guðmundur Sæv. | 6 | Baldvin Sturluson | 8 |
| (77. Jón Ragnar | -) | ***Marel Baldvins.** | **8** |
| Tommy Nielsen | 5 | Daníel Laxdal | 7 |
| Pétur Viðarsson | 6 | Jóhann Laxdal | 6 |
| (46. Gunnar Már | 4) | Dennis Danry | 6 |
| Hjörtur Logi V. | 7 | Bjarki Eysteinsson | 4 |
| Björn Daníel Sv. | 5 | (56. Atli Jóhannss. | 6) |
| Matthías Vilhjálms. | 7 | Halldór Orri Björns. | 6 |
| Torger Motland | 5 | Steinþór Freyr | 7 |
| (67. Gunnar Sig. | 5) | Ellert Hreinsson | 6 |
| Atli Guðnason | 6 | (77. Ólafur Finsen | -) |
| Ólafur Páll Snorras. | 5 | Þorvaldur Árnason | 5 |
| Atli Viðar Björns. | 5 | | |

**Maður leiksins*

## PEPSI-DEILDIN

Grindavík-Fylkir 2-1
Grétar Hjartarson - Jóhann Þórhallsson 2.
Nánari umfjöllun um leikinn er á Vísi.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 9 | 5 | 3 | 1 | 10-8 | 18 |
| **Breiðablik** | **9** | **5** | **2** | **2** | **19-12** | **17** |
| ÍBV | 9 | 5 | 2 | 2 | 14-8 | 17 |
| **Fram** | **9** | **4** | **4** | **1** | **15-10** | **16** |
| Valur | 9 | 4 | 3 | 2 | 15-13 | 15 |
| **FH** | **9** | **4** | **2** | **3** | **15-15** | **14** |
| Stjarnan | 9 | 3 | 4 | 2 | 20-13 | 13 |
| **KR** | **9** | **2** | **3** | **4** | **13-15** | **9** |
| Fylkir | 9 | 3 | 2 | 4 | 17-19 | 11 |
| **Selfoss** | **9** | **2** | **1** | **6** | **11-17** | **7** |
| Grindavík | 9 | 2 | 0 | 7 | 10-19 | 6 |
| **Haukar** | **9** | **0** | **4** | **5** | **9-19** | **4** |

Mikill hiti í mönnum þegar Argentína lagði Mexíkó og tryggði sér farseðilinn í átta liða úrslit HM:

# Drengirnir hans Maradona eru alveg magnaðir

**FÓTBOLTI** Lærisveinar Diego Armando Maradona styrkjast við hverja raun á HM og komust á sannfærandi hátt í átta liða úrslit á HM í gær. Argentína lagði þá Mexíkó af velli, 3-1.

Carlos Tevez kom þeim yfir með ólöglegu marki. Hann var klárlega rangstæður er hann fékk boltann í teignum en aðstoðardómararnir á HM í gær voru meðvitundarlausir. Markið fékk því að standa.

Mexíkó var alls ekki að leika illa fram að markinu en þeir misstu hausinn eftir markið og fóru að spila kjánalega. Einn varnarmaður liðsins gaf Higuain boltann skömmu síðar og hann þakkaði fyrir með því að koma Argentínu í 2-0.



**KÁTUR** Maradona fagnar hér Higuain er hann skoraði. NORDICPHOTOS/GETTY

Tevez var ekki hættur því hann skoraði þriðja mark Argentínu og gulltryggði sigurinn. Javier Hernandez, sem gengur í raðir Man. Utd, eftir mótið, klóraði í bakkann fyrir Mexíkó en lengra komst liðið ekki.

„Þetta var mikilvægt skref í átt að titlinum. Argentínska þjóðin nýtur keppninnar og hefur rétt á því að fagna. Við þurfum aftur á móti að hvíla okkur og hugsa um leikinn gegn Þjóðverjum," sagði Tevez eftir leik. **- hbg**

# Á heimleið eftir dómaraskandal og niðurlægingu

**Sprækt lið Þýskalands vann 4-1 sigur á Englandi í sextán liða úrslitum í gær. Úrúgvæska dómaratríóið ætti að halda sér fjarri Englandi næstu mánuði.**

**FÓTBOLTI** William Hill-veðbankinn tilkynnti í gær að hann myndi borga þeim kúnnum sínum sem veðjuðu á að Frank Lampard myndi skora gegn Þýskalandi. Lampard hefði með réttu átt að jafna metin í 2-2 í fyrri hálfleik þar sem hann skaut í slá og inn. Allir virtust sjá það nema dómaratríóið frá Úrúgvæ sem á nú ekki miklum vinsældum að fagna á Englandi.

Þýskaland sýndi gríðarlega skemmtileg tilþrif í gær og kláraði leikinn í seinni hálfleik með tveimur mörkum. Með baneitruðum sóknarleik sínum var enska vörnin oft sundurspiluð í stórskemmtilegum og dramatískum leik sem olli fótboltaþyrstum áhorfendum engum vonbrigðum. Þjóðverjar geta klárlega farið alla leið með sitt unga og þrælspennandi lið.

Þótt dómaramistök hafi reynst Englendingum dýrkeypt í gær fer liðið heim með skottið á milli lappanna. Spilamennska þess á mótinu olli miklum vonbrigðum og það var gríðarlega hugmyndasnautt í nánast öllum sínum aðgerðum. Ítalski þjálfarinn Fabio Capello hyggst ekki hætta með liðið þrátt fyrir niðurlæginguna í gær.



**LANGT INNI** Skot Franks Lampard fór langt yfir línuna eins og sést á þessari mynd. England hefði jafnað hefði markið réttilega verið dæmt. NORDICPHOTOS/GETTY



**KÁTIR** Góðir Þjóðverjar fagna. NORDIC PHOTOS/AFP

„Ég mun ekki segja upp. Ég ætla að ræða við stjórnarformanninn og sjá hvort enska knattspyrnusambandið sýni mér traust eða ekki," sagði Capello eftir tapið í gær. Hann skellir skuldinni ekki á leikmenn sína heldur dómara leiksins.

„Hefði markið verið dæmt gilt eins og átti að gera hefði það breytt leiknum. Við hefðum spilað allt öðruvísi. Við gerðum mistök en dómarinn gerði stærri mistök," sagði Capello.

Joachim Löw, þjálfari Þýskalands, var öllu kátari eftir leikinn. „Við stjórnuðum leiknum algjörlega þar til England skoraði sitt fyrsta mark. Eftir það féllum við niður á lægra plan um tíma. En annars er ég hæstánægður. Við spiluðum hratt á milli okkar og splundruðum ensku vörninni í nokkur skipti," sagði Löw sem vildi ekkert tjá sig um sigurmöguleika Þýskalands á mótinu en ljóst er að með sömu spilamennsku og í gær getur liðið vel farið alla leið. Þegar öllu er á botninn hvolft var sigurinn í gær sanngjarn.

**elvargeir@frettabladid.is**



**FYNDINN HATTUR** Hress stuðningsmaður Gana. NORDICPHOTOS/GETTY

Gana og Úrúgvæ áfram:

# Heimurinn styður Gana

**FÓTBOLTI** „Öll heimsbyggðin fylgist með þessu móti. Allir elska góðan fótbolta. Gana býr yfir stuðningi alls heimsins því við erum eina Afríkuþjóðin sem eftir er í keppninni," sagði Milovan Rajevac, þjálfari Gana, eftir að hafa stýrt sínum mönnum til sigurs á Bandaríkjunum.

„Gana er nú meðal átta bestu fótboltalandsliða heims. Það er stórfenglegt. Góður árangur okkar í síðustu Afríkukeppni hefur mikið hjálpað liðinu."

Ganverjar eru komnir í átta liða úrslit HM þar sem þeir munu mæta Úrúgvæ sem vann Suður-Kóreu á laugardag. Oscar Tabarez, þjálfari Úrúgvæ, var í sigurvímu eftir leikinn. „Við erum algjörlega í skýjunum. Við erum fámennasta þjóðin sem eftir er í keppninni og árangurinn er hreint frábær. Það er ansi langt síðan íbúar landsins hafa fengið að upplifa svona," sagði Tabarez. **- egm**

Stjarnan vann sinn fyrsta útisigur í Pepsi-deildinni frá maí í fyrra þegar liðið lagði Íslandsmeistarana:

# Rúmlega þrettán mánaða bið tók enda

**FÓTBOLTI** „Seinni hálfleikurinn var bara skelfilegur. Áhugaleysi og andleysi. Stjarnan gekk á lagið og kláraði þennan leik enda með einstaklinga sem geta refsað hvaða liði sem er," sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, eftir að liðið tapaði 1-3 fyrir Stjörnunni í gær.

Undirritaður átti erfitt með að sjá hvernig Stjarnan ætlaði að skora mark í leiknum eftir fyrri hálfleikinn þar sem liðið náði ekki að skapa sér eitt einasta færi og lenti undir. En á 68. mínútu breyttist leikurinn algjörlega. Allt í einu var Steinþór Freyr Þorsteinsson sloppinn í gegn. Gunnleifur Gunnleifsson markvörður braut á honum og fékk rautt spjald.

„Þetta var púra víti og ekkert við því að segja. Dómarinn var frábær í þessum leik," sagði Heimir en Stjarnan náði völdum eftir þetta atvik. Mikil spenna var í lokin þar sem FH komst nálægt því að jafna en í uppbótartíma innsigluðu gestirnir sinn fyrsta útisigur í Pepsi-deildinni frá því í maí í fyrra.

Mikil vonbrigði fyrir FH-inga sem hafa verið á miklu skriði að undanförnu. Það var þó mikil ládeyða í þeirra spilamennsku í gær.

Marel Baldvinsson var óvænt í miðverði hjá Stjörnunni í leiknum og átti stórleik. Bjarni Jóhannsson þjálfari hringdi í Marel og bað hann um að leysa þessa stöðu vegna meiðsla Tryggva Bjarnasonar. „Ég var fullur tilhlökkunar eftir þetta símtal og hafði fulla trú á eigin getu í þetta verkefni," sagði Marel sem hafði áður spilað miðvörð í nokkrum leikjum með Molde í Noregi.



**1-1** Halldór Orri jafnar úr víti gegn varamarkverðinum Gunnari. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það eru komin nokkur ár síðan svo maður þurfti aðeins að rifja þetta upp. En ég er mjög sáttur við minn eigin leik og hvernig liðið kom til baka. Við sýndum minn karakter, vorum þéttir og gáfum ekki mörg færi á okkur. Við erum alltaf hættulegir frammi. Menn eru hátt uppi núna enda of sjaldan sem við fáum að fagna eftir útileiki."

Sterkur sigur hjá Stjörnunni sem kemur liðinu upp í toppbaráttupakkann þétta. „Þar viljum við vera. Við höfum fantaskemmtilegt lið á góðum degi og erum með spræka og óútreiknanlega menn. Við getum unnið hvaða lið sem er á góðum degi en það hefur vantað smá stöðugleika," sagði miðvörðurinn Marel. **- egm**

27 ÁRA
REYKJAVÍKUR MARAÞON
ÍSLANDSBANKA
21. ÁGÚST 2010

# SKRÁÐU ÞIG NÚNA!

## Þátttökugjaldið hækkar á miðnætti 1.júlí

NÝTT!

42,2 km · 21,1 km · 10 km · Boðhlaup · 3 km · Latabæjarhlaup

Í Boðhlaupinu geta 2-4 skipt á milli sín maraþon vegalengdinni (42,2 km).











Skráning á www.marathon.is

REYKJAVÍKURMARAÞON

Íslandsbanki · vita · asics · POWERADE · Barilla · SUZUKI · margt smátt · ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

## > Josh Hartnett

„Vertu samkvæmur sjálfum þér en ljúgðu að öllum öðrum.“

*Hjartaknúsarinn Josh Hartnett er á dagskrá Stöðvar 2 Bíó á miðnætti í kvöld, í myndinni Lucky Number Slevin.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON SITUR LÍMD VIÐ SJÓNVARPSSKJÁINN

# Álög heimsmeistarakeppninnar

Ég held ég hafi sjaldan horft jafn mikið á sjónvarpið og ég hef gert undanfarna daga. Hægt er að rekja ástæðu þess beint til heimsmeistarakeppninnar í fótbolta. Kveikt er á sjónvarpinu klukkan ellefu að morgni og fær dagskráin að malla allt þar til barnaefnið hefst. Fram að síðasta leik dagsins er svo kærkomin sjónvarpspása sem maður nýtir í eldamennsku, þrif og jafnvel stutt spjall.

Það lið sem ég ákvað í upphafi að halda með hefur staðið sig með prýði og ég vona svo sannarlega að þeir standi uppi sem sigurvegarar í lok keppninnar.

Það er mikil spenna sem fylgir keppnum sem þessum, enda hafa margir óbilandi trú á „sínum mönnum“ og það getur verið sárt að sjá þá tapa. Þó ég hafi sæmilega gaman af þessu adrenalínsjokki sem hlýst við áhorf heimsmeistarakeppninnar þá er örlítill hluti í mér sem óskar þess að fá frið og ró fyrir áreitinu sem þessu fylgir. Stundum langar mig að geta sleppt því að horfa á leikinn og í staðinn njóta þess að vera ein með hugsunum mínum en ég get það ekki. Ég get það ekki af því ég er svo afskaplega hrædd um að missa af einhverju stórfenglegu í beinni útsendingu. Af sömu ástæðu á ég erfitt með að hlaupa á klósettið í miðjum leik, ég er hrædd um að missa af marki sem gæti mögulega verið fallegasta mark keppninnar. Og af þeim sökum er ég dæmd til að horfa á hvern leikinn á fætur öðrum allt þar til yfir lýkur.



## MÁNUDAGUR



▶ 19.40 How I Met Your Mother STÖÐ 2



▶ 20.10 90210 SKJÁR EINN



▶ 21.15 Lífsháski SJÓNVARPIÐ



▶ 22.30 Lie to Me STÖÐ 2 EXTRA



▶ 00.00 Lucky Number Slevin STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**13.30 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.

**14.00 HM í fótbolta** (16 liða úrslit, 1E-2F) Bein útsending

**16.10 Pálína** (42:56)

**16.15 Herramenn** (29:52)

**16.25 Pósturinn Páll** (28:28)

**16.40 Eyjan** (18:18)

**17.05 Táknmálsfréttir**

**17.15 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.

**18.00 Fréttir**

**18.20 HM í fótbolta** (16 liðaúrslit, 1G-2H) Bein útsending.

**20.30 HM-kvöld** Í þættinum er fjallað um leiki dagsins á HM í fótbolta.

▶**21.15 Lífsháski** (Lost VI) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem dularfullir atburðir gerast. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Íslenski boltinn** Í þættinum er fjallað um Íslandsmót karla í fótbolta. Umsjónarmaður er Hjörtur Hjartarson og með honum eru Andri Sigþórsson og Hjörvar Hafliðason.

**23.05 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. (e)

**23.50 Fréttir** (e)

**00.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.10 Fjölskyldubíó. The Wiches**

**10.00 Shopgirl**

**12.00 Firehouse Dog**

**14.00 Fjölskyldubíó. The Wiches**

**16.00 Shopgirl**

**18.00 Firehouse Dog**

**20.00 Man in the Iron Mask**

**22.10 Köld slóð**

▶**00.00 Lucky Number Slevin**

**02.00 The Big Nothing**

**04.00 Köld slóð**

**06.00 Into the Wild**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Apaskólinn, Krakkarnir í næsta húsi

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Eldsnöggt með Jóa Fel** (8:12)

**10.50 Cold Case** (5:22)

**11.45 Falcon Crest II** (3:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Worst Week** (8:16)

**13.30 Raising Arizona**

**15.10 ET Weekend**

**15.55 Saddle Club**

**16.18 Barnatími Stöðvar 2** A.T.O.M., Apaskólinn

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons**

**18.23 Veður** Markaðurinn

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.09 Veður**

**19.15 Two and a Half Men** (8:24)

▶**19.40 How I Met Your Mother** (6:22)

**20.05 Glee** (17:22)

**20.55 So You Think You Can Dance** (3:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur sjöunda sinn og hefur þátttakan aldrei verið meiri.

**22.20 Torchwood** (1:13) Ævintýralegur spennuþáttur um sérdeild innan lögreglunnar sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa þau.

**23.15 That Mitchell and Webb Look** (3:6)

**23.45 Cougar Town** (2:24)

**00.10 Bones** (19:22)

**00.55 Curb Your Enthusiasm** (8:10)

**01.25 Ganja Queen** Áhrifamikil heimildarmynd um réttarhöldin yfir Schapelle Corby sem var dæmd í tuttugu ára fangelsi fyrir að smygla maríjúana til Balí í Indónesíu.

**03.00 Raising Arizona**

**04.30 Cold Case** (5:22)

**05.15 The Simpsons**

**05.40 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT besta sætið

**07.00 Valur - Keflavík** Sýnt frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

**17.00 Valur - Keflavík** Sýnt frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

**18.50 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.

**19.50 Travelers Championship** Útsending frá Traveleres Championship mótinu í golfi en mótið er hluti af PGA mótaröðinni.

**22.50 F1. Við endamarkið** Keppni helgarinnar í Formúlu 1 kappakstrinum krufin til mergjar.

**23.20 Main Event: Day 7** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

## SPORT 2 enski boltinn

**06.10 4 4 2**

**07.00 4 4 2**

**07.45 4 4 2**

**08.30 4 4 2**

**09.15 16 liða 4**

**11.10 16 liða 3**

**13.05 4 4 2**

**13.50 4 4 2**

**14.35 4 4 2**

**15.15 4 4 2**

**16.00 16 liða 5**

**17.55 Ronaldinho**

**18.25 16 liða 5**

**20.30 Van Basten**

**21.00 4 4 2**

**21.45 16 liða 6**

**23.40 16 liða 5**

**01.35 4 4 2**

**02.20 16 liða 6**

**04.15 16 liða 5**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Rachael Ray** (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.45 Rachael Ray**

**17.30 Dr. Phil**

**18.15 Top Chef** (4:17) (e) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.

**19.00 Million Dollar Listing** (3:6) Skemmtileg þáttaröð um fasteignasala í Hollywood og Malibu sem gera allt til þess að selja lúxusvillur fræga og fína fólksins.

**19.45 King of Queens** (17:22)

▶**20.10 90210** (18:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills. Litla lygasagan hennar Naomi er orðin aðalmálið í skólanum og hún þarf að bera vitni fyrir skólastjórninni þar sem hún kemur öllum í opna skjöldu.

**20.55 Three Rivers** (4:13) Dramatísk og spennandi þáttaröð um lækna sem leggja allt í sölurnar til að bjarga sjúklingum sínum.

**21.40 CSI** (18:23) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Hodges og Wendy eru með lærlinga í kennslustund og láta þá kljást við óleyst morðmál á sama tíma og þau mikla hlutverk sitt í rannsókn mála.

**22.30 Jay Leno**

**23.15 Law & Order: UK** (8:13) (e)

**00.05 In Plain Sight**(1:15) (e) Sakamálasería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina.

**00.50 King of Queens** (17:22) (e)

**01.15 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Eldum íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.

**20.30 Golf fyrir alla** Golfþáttur með Ólafi Má og Brynjari Geirssyni.

**21.00 Frumkvöðlar** Þáttur um frumkvöðla fyrir alla frumkvöðla í umsjón Elínóru Ingu Sigurðardóttur.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.05**

### Glee

Frábær gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður. Þetta eru drepfyndnir þættir þar sem steríótýpur menntaskólalífsins fá rækilega á baukinn og allir bresta í söng.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Torchwood
**Stöð 2 kl. 22.20**

Ævintýralegur spennuþáttur um sérdeild innan lögreglunnar sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa þau. Torchwood-gengið skipa verur utan úr geimnum í gervi manna, gæddar ofurmannlegum hæfileikum sem nýtast þeim vel í baráttu við ill öfl sem vilja mannkyninu mein.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**19.00** Silfuröld revíunnar
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.25** Girni, grúsk og gloríur
**23.15** Lostafulli listræninginn
**23.50** Þjóðsagnalestur
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 E.R.** (4:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Monk** (1:16) Áttunda þáttaröðin um einkaspæjarann og sérvitringinn Adrien Monk. Hann heldur uppteknum hætti við að aðstoða lögregluna við lausn allra undarlegustu sakamálanna sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.
▶**22.30 Lie to Me** (3:22) Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur og er sérfræðingur í lygum. Hann og félagar hans í Lightman-hópnum vinna með lögreglunni við að yfirheyra grunaða glæpamenn og koma upp um lygar þeirra með ótrúlega nákvæmum vísindum sem snúa að mannlegri hegðun. Með sálfræði, atferlisfræði og einstökum hæfileikum í að greina í andlitsdráttum skjólstæðinga hvort þeir segi sannleikann eða séu að ljúga, leysir The Lightman Group
**23.15 Twenty Four** (22:24) Áttunda serían af spennuþættinum Twenty Four um leyniþjónustumanninum Jack Bauer sem þráir nú ekkert heitar en að fá að draga sig í hlé.
**00.00 E.R.** (4:22)
**00.45 The Doctors**
**01.30 Sjáðu**
**01.55 Fréttir Stöðvar 2**
**02.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** Only Fools and Horses **12.45** My Hero **13.15** My Hero **13.45** My Family **14.15** My Family **14.45** The Weakest Link **15.30** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Last of the Summer Wine **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** Hotel Babylon **19.20** Spooks **20.10** Whose Line Is It Anyway? **20.40** Doctor Who **21.25** Last of the Summer Wine **21.55** Whose Line Is It Anyway? **22.20** Hotel Babylon **23.10** Spooks **00.05** Only Fools and Horses

## DR 1

**12.00** Den svære kærlighed **13.00** Sommertid **13.30** VM 2010 studiet **14.00** Fodbold-VM **16.00** Kær på tur **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Chris på chokoladefabrikken **17.30** VM 2010 studiet **17.55** 3. Halvleg ved Krabbe & Mølby **18.00** Livets planet **18.50** Bagom Livets planet **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret **19.40** Horisont Special **20.40** Hjerteslag **21.35** Tæt på et geni **22.20** OBS **22.25** Så er der pakket **22.55** Naruto Uncut **23.15** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Sommerhuset **12.50** Skjergardsmat **13.20** Ut i naturen **13.50** Poirot **14.40** Dallas **15.30** Lisa goes to Hollywood **16.00** Oddasat **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Doktoren på hjørnet **18.00** Danske slottsfruer **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Damenes detektivbyrå nr. 1 **21.15** Kveldsnytt **21.30** Kroniken **22.30** Millionær i forkledning **23.20** 20 sporsmål **23.45** Sport Jukeboks

## SVT 1

**12.35** Gitarrmongot **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Midsommar med Ola **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Det goda livet **17.05** Hemliga svenska rum **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Fotbolls-VM **20.30** Fotbolls-VM: Höjdpunkter **21.15** Seraphim Falls **23.54** The Tudors **23.55** Moderna måltider


● 36 farfuglaheimili um allt land bjóða ykkur velkomin



# Farfuglaheimili eru frábær kostur fyrir alla fjölskylduna

Farfuglaheimilin eru öllum opin. Þau bjóða gestum sínum góða gistingu á hagkvæmu verði. Á farfuglaheimilum er heimilisleg stemning sem hentar vel fjölskyldum á leið sinni um landið.

Nánari upplýsingar um einstök farfuglaheimili er að finna á vef Farfugla www.hostel.is Einnig er hægt að fá upplýsingar um heimilin í bæklingi sem liggur frammi á flestum upplýsingamiðstöðvum landsins.



Alls eru starfandi 36 farfuglaheimili hér á landi.
Þau bjóða upp á einstaklings- og fjölskylduherbergi og á öllum þeirra er eldunaraðstaða fyrir gesti.

Bókaðu gistingu á farfuglaheimilum í sumar – það næsta er aldrei langt undan.
Verið velkomin!

HOSTELLING INTERNATIONAL

Farfuglar ▮ Borgartúni 6 ▮ 105 Reykjavík ▮ Sími 575 6700 ▮ info@hostel.is ▮ www.hostel.is

SUMARFRÍIÐ



*„Það er nú lítið sumarfrí hjá mér en ég reyni að taka dag og dag og kúpla mig út úr fótbolta. Svo erum við að skipuleggja haustfrí í október eftir að tímabilinu er lokið.“*

Gunnlaugur Jónsson, þjálfari meistaraflokks Vals í fótbolta.



**LÁRÉTT**
**2.** sigti, **6.** fíngerð líkamshár, **8.** kvikmyndahús, **9.** gerast, **11.** verslun, **12.** haldast, **14.** súla, **16.** innan, **17.** sægur, **18.** fálm, **20.** ekki heldur, **21.** íþróttafélag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fyrst fædd, **3.** í röð, **4.** land, **5.** leikföng, **7.** galli, **10.** hnoðað, **13.** hjör, **15.** felldi tár, **16.** upphrópun, **19.** skóli.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sáld, **6.** ló, **8.** bíó, **9.** ske, **11.** bt, **12.** tolla, **14.** stöng, **16.** út, **17.** mor, **18.** fum, **20.** né, **21.** fram.

**LÓÐRÉTT: 1.** elst, **3.** áb, **4.** líbanon, **5.** dót, 7 ókostur, **10.** elt, **13.** löm, **15.** grét, **16.** úff, **19.** ma.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Ólöf Nordal.
2. Þjóðflokkurinn býr í Papua í Indónesíu.
3. Hátíðin er nú haldin í 40. sinn.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Auglýsingasími
512 54 01



Allt sem þú þarft...

# Á leiðinni til LA á fund The Charlies

„Við reiknum með að fara í ágúst og vera í tvær til þrjár vikur,“ segir Pálmi Ragnar Ásgeirsson, meðlimur StopWaitGo.

Pálmi Ragnar, Ásgeir Orri, bróðir hans, og Sæþór Kristjánsson, félagi þeirra, skipa lagahöfunda- og upptökuteymið StopWaitGo. Þeir eru á leiðinni til Los Angeles að hitta stúlkurnar í The Charlies, áður Nylon, og reyna að koma sér á framfæri í stjörnuborginni.

„Þetta hefur verið nokkurn veginn samstarfsverkefni á milli okkar og stelpnanna í The Charlies frá upphafi,“ segir Pálmi. „Við erum búnir að vera að semja og taka upp lög fyrir þær og í staðinn eru þær að koma okkur, lögunum okkar og samstarfinu á framfæri úti.“

Strákarnir í StopWaitGo sömdu og tóku upp lagið Geðveikt fínn gaur með grínistanum Steinda Jr. og Ásgeir úr teyminu syngur og leikur í myndbandinu. Lagið hefur vakið mikla athygli, en Pálmi segir strákana einnig hafa fengið mikið lof að utan fyrir lögin þeirra sem Charlies-stúlkurnar tóku með sér til Los Angeles. Þegar út er komið vonast strákarnir til að ná athygli þeirra sem sjá um að dreifa lögum til listamanna.

„Stelpurnar ætla að vera búnar að bóka fundi með einhverjum af þeim mögnuðu tengiliðum sem þær eru búnar að kynnast síðan þær komu út,“ segir Pálmi. „Þær eru búnar að hitta fólk sem er með því frægasta í Bandaríkjunum.“

- ls



**REYNA VIÐ HOLLYWOOD** StopWaitGo ætla nú að koma lögum sínum á framfæri með aðstoð The Charlies.



**UNG OG EFNILEG** Alexander og Hildur túlka stormasamt samband uppreisnarseggsins Orms og snobbpíunnar Lindu í kvikmyndinni Gauragangur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ALEXANDER BRIEM OG HILDUR ARNDAL: LEIKA ORM OG LINDU

# Þreyta frumraun sína á hvíta tjaldinu í Gauragangi

„Ég las Gauragang þegar ég var yngri og hún eldist vel,“ segir Hildur Berglind Arndal.

Hin 21 árs gamla Hildur Berglind og hinn tvítugi Alexander Briem fara með hlutverk Lindu og Orms í væntanlegri kvikmynd Gunnars Björns Guðmundssonar byggða á Gauragangi eftir Ólaf Hauk Símonarson.

Hildur er Hafnfirðingur og hóf nýlega nám í leiklistardeild Listaháskóla Íslands. Hún segist ekki vera lík Lindu, sem eins og flestir vita var ekki gerð til að búa í blokk, heldur færi betur í höll með þjón. „Ég er svolítið grófari,“ segir Linda og hlær.

Leiklistaráhugi Lindu kviknaði í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, en þar tók hún meðal annars þátt í uppfærslu nemendafélagsins á Chicago. Hún er ekki úr leikarafjölskyldu þannig að áhuginn virðist að mestu sjálfsprottinn. „Verkefnið leggst vel í mig. Þetta er mjög spennandi,“ segir hún og bætir við að hún hlakki til að vinna með fólkinu á bakvið myndina – sérstaklega Gunnari leikstjóra. Hann leikstýrði Astrópíu, sem naut gríðarlega vinsælda og leikstýrði einnig vel heppnuðu áramótaskaupi síðasta árs.

Alexander Briem segir uppreisnarsegginn Orm Óðinsson líkjast sér að einhverju leyti. „Ég sá mig svolítið fyrir mér í Ormi þegar ég las bókina á sínum tíma,“ segir hann. „Þannig að það er svolítið skondið að vera að fara að leika hann núna, tíu árum síðar.“

Ungur að árum tók Alexander þátt í tveimur sýningum í Þjóðleikhúsinu. Hann útskrifaðist af leiklistarbraut kvikmyndaskóla Íslands vor og söng í hljómsveitinni Soundspell sem gaf út plötuna An Ode to the Umbrella fyrir þremur árum. Hann þvertekur fyrir að vera stressaður fyrir hlutverkið og segist hlakka mikið til. „Ég tók meðvitaða ákvörðun um að fara ekki á leikritið,“ segir Alexander, en Borgarleikhúsið sýnir verkið um þessar mundir. „Ég er algjörlega að vinna þetta útfrá mínum eigin forsendum og hugmyndum um hann.“

atlifannar@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Lítið hefur spurst til hljómsveitarinnar Sigur Rósar undanfarna mánuði, eða frá því að Jónsi söngvari gaf út plötu og hélt í tónleikaferð um heiminn. Strákarnir voru reyndar heiðraðir af tónlistartímaritinu Mojo á dögunum, en aðdáendur bíða vafalaust eftir nýrri tónlist. Það vakti gleði gesta á Boston á föstudagskvöld að sjá þá **Kjartan** og Orra úr Sigur Rós saman í góðu glensi. Georg og Jónsi voru reyndar hvergi sjáanlegir, þannig að einhverjir gestir urðu súrir yfir því að þeir væru líklega ekki að fagna vel heppnaðri hljómsveitaræfingu.



Eins og greint var frá í þessum dálki í síðustu viku vaknaði fréttakonan **Lára Ómarsdóttir** úr bloggdvala í kjölfar gagnrýni Jafnréttisstofu á vali á sparkspekingum í sjónvarpi. Lára hamraði inn hverja færsluna á fætur annarri um keppnina og stimplaði sig rækilega inn. Logi Bergmann og Ragna Lóa í þættinum 4-4-2 létu ekki segja sér það tvisvar og Lára var mætt í þáttinn á föstudagskvöld þar sem hún lét gamminn geisa.

Félagarnir Auðunn Blöndal, Sveppi, Villi Naglbítur og **Egill Gillz** eru nú staddir í Bandaríkjunum við tökur á sjónvarpsþætti sem verður sýndur í haust. Auðunn og Egill eru í liði á móti Sveppa og Villa og þeir keppast nú við að komast þvert yfir Bandaríkin ásamt því að leysa þrautir. Fáir hugsa jafn mikið um útlitið og Egill, sem var með strangt æfingarprógram fyrir brottför og eins og það væri ekki nóg; Egill ku líta svo á að brúnkukremin séu mikilvægari en sjálft vegabréfið.



- afb

# Íslensk hönnun á útimarkaði í sumar

Fyrstu helgina í júlí fer af stað útimarkaður í portinu bak við danska sendiráðið á Hverfisgötunni. Markaðurinn ber nafnið Reykjavik Creative Market og mun bjóða upp á alls kyns íslenska hönnun. Markaðurinn mun vera í gangi allar helgar í júlí og ágúst, laugardaga og sunnudaga.

„Markmiðið er að að gefa íslenskum hönnuðum stað til að selja sínar vörur og kynna sitt starf. Draga saman það sem er nýtt, ferskt og áhugavert í íslenskri hönnun og vöruhönnun. Svo skapast oft svo góð stemning á útimörkuðum,“ segir Guðbjörg Jakobsdóttir fatahönnuður, ein af þeim sem stendur að þessu verkefni, en hún tók einnig þátt í að stofna PopUp-markaðina vinsælu.

„Það er svo mikið af hönnuðum sem eru með góðar vörur og hugmyndir sem leggja ekki í þá fjárfestingu að stofna fyrirtæki. Þeir fá nú tækifæri til að komast að því hvernig vörunni er tekið af kaupandanum,“ segir Guðbjörg en á markaðnum verða bæði hönnuðir að stíga sín fyrsta skref í bland við sprotafyrirtæki að stækka sinn kúnnahóp.

Guðbjörg segist vera viss um að útimarkaðir geti gengið á Íslandi þrátt fyrir óstöðugt veðurfar. „Við erum búin að vera með svo gott veður hér og ef það kemur rigning þá erum við bara viðbúin því,“ segir Guðbjörg og bætir við að portið þar sem markaðurinn verður haldinn sé svo skjólsællt að þau losni að minnsta kosti við íslenska rokið.

- áp



**SUMARSTEMNING** Í þessu porti ætlar Guðbjörg Jakobsdóttir fatahönnuður að vera með útimarkað hverja helgi í júlí og ágúst undir nafninu Reykjavik Creative Market.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# HotYoga

## í Sporthúsinu sumarið 2010

**Sporthúsið hefur útbúið sérhannaðan sal fyrir HOT YOGA.**
Eini sérhannaði HOT YOGA salurinn á landinu sem útbúinn er sérstöku hitakerfi sem hitar salinn í allt að **40°** hita á auðveldan hátt.

Hot Yoga er ákveðin samsetning af jógastöðum sem gerðar eru við 37-40°. Hitinn gerir það að verkum að líkaminn hitnar fyrr upp og verður þar af leiðandi sveigjanlegri og meðtækilegri til hreyfingar og teygja og iðkendur komast dýpra inn í stöðurnar. Hitinn gerir það einnig að verkum að iðkendur svitna meira en ella, húðin hreinsast og iðkendur upplifa meiri vellíðan og endurnýjunaráhrif.

**Sporthúsið býður upp á eftirfarandi 4 vikna sumarnámskeið sem hefjast 28. júní, 5. júlí & 6. júlí**

**1. Hot Yoga morgnar – 90 mín**
28. júní – 23. júlí
mán + mið + fös kl: 6:00
Verð: 13.500 kr.

**2. Hot Yoga síðdegi – 90 mín**
28. júní – 23. júlí
mán + mið + fös kl: 17:30
Verð: 13.500 kr.

**3. Hot Yoga dagur – 60 mín**
5. júlí – 30. júlí
mán + mið + fös kl: 10:00
Verð: 9.700 kr.

**4. Hot Yoga kvöld I – 60 mín**
5. júlí – 28. júlí
mán + mið kl: 19:15
Verð: 8.600 kr.

**5. Hot Yoga kvöld II – 90 mín**
6. júlí – 29. júlí
þri + fim kl: 20:00
Verð: 9.700 kr.

**Skráning og fyrirspurnir í**
**s: 564-4050**
**eða gunnhildur@sporthusid.is**



**Þátttakendur á námskeiði fá aðgang að allri aðstöðu og opnum tímum í Sporthúsinu á meðan á námskeiðinu stendur.**

**Jóhanna Karlsdóttir**
með alþjóðleg kennararéttindi í Hot Yoga og nýkomin úr frekari menntun meðupphafsmanni Hot Yoga Bikram Coudhury



**SPORTHÚSIÐ**
heilsurækt fyrir alla

**DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Spólað á Selfossi

Svokallaðir Delludagar fóru fram á Selfossi um helgina. Kunnugir í bílabransanum segja hátíðina vera litla bróður Bíladaga á Akureyri, sem er sannkölluð árshátíð bíladellufólks um allt land. Eins og gengur á slíkum hátíðum sýndu sportbílaeigendur listir sínar og spóluðu í sundur hvern umganginn á dekkjum á fætur öðrum. Íbúar Selfoss virðast ekki hafa kvartað í **Eyþór Arnalds** og félaga í bæjarstjórn undan látunum eins og raunin var á Akureyri, en skýringin kann að vera sú að Selfoss er annálaður bílabær og alls ekki óvanalegt að heyra í spólandi sportbílum af og til.



### Hættir að horfa á HM

Stuðningsmenn Manchester United urðu fyrir áfalli í gær þegar síðustu leikmenn liðsins sem þátt tóku á HM féllu úr leik. Sjö leikmenn liðsins spiluðu með landsliðum sínum á mótinu en þar var um að ræða lið Englands, Frakklands, Serbíu, Suður-Kóreu og Mexíkó. Í gær féllu England og Mexíkó úr keppni í sextán liða úrslitum en hin löndin þrjú komust ekki upp úr riðlunum sínum. Sárast sjá stuðningsmennirnir eftir skærustu stjörnu liðsins, **Wayne Rooney**, en honum tókst ekki að setja mark sitt á mótið eins og búist var við. Hörðustu stuðningsmenn Manchester United eru því víst hættir að fylgjast með mótinu en þeir geta huggað sig við það að leikmenn liðsins fá lengri hvíld en leikmenn flestra hinna toppliðanna fyrir átökin í ensku úrvalsdeildinni í haust.

**- afb, mþl**



## Mest lesið vísir.is

1. Hætti í flokknum eftir landsfund
2. Nautgripur réðst á konu á Kálfafelli
3. Synir Breiðholts hreinsuðu Andapollinn
4. Segir Guðmund hafa vakið ótta og kvíða


Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




**Allt sem þú þarft...**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.



